

# I.

## Frumvarp

til

tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

---

### 1. grein.

Hver sá, sem er fullra 18 ára, má að lögum ráða sig hjú.

Vistarráðum þeirra, er yngri eru en 18 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn; en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleika til að gjöra það sjálfur. Vistarráð, sem gjörð eru fyrir hönd þess, sem er ómyndugur, eru eigi skuldbindandi fyrir hjúið lengur en svo, að það, eptir að það er orðið 18 ára að aldri, geti með venjulegum fyrirvara (31. gr.) sagt upp vistinni til næsta hjúaskildaga (4. gr.).

### 2. grein.

Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; en sè samið um vistarráð til fleiri ára en eins, eða á þann hátt, að hjúið eptir þeim samningi geti orðið bundið við vistina um fleiri en eitt ár, þá á það kost á að segja upp vistinni með venjulegum fyrirvara til hins almenna hjúaskildaga. Sè engi vistartími til tekinn, ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið þannig gjörð, að þeim megi upp segja með venjulegum fyrirvara til hins almenna hjúaskildaga. Sè samið um vinnu fyrir skemmri tíma en einn mánuð, án þess samningurinn sè álitinn endurnýjaður, ef honum er eigi upp sagt, þá skulu það eigi talin vistarráð.

### 3. grein.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim, eða fleirum, til helmínga, þriðjunga o. s. frv.

## 4. grein.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju, 14. dag maímánaðar. Samt skal í hëruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

## 5. grein.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni, áður en það hefir sagt húsbónda sínum lausum vistarráðunum, þá skulu þau vistarráð ógild.

## 6. grein.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru, en klyfjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þenna flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra áskilið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, en kemur þó áður vika sè liðin, þá skal hann greiða hjúinu matarverð fyrir hvern þann dag. Viti hann eigi hjúsins innan viku, þá er hjúíð laust við vistarráðin og skal hann greiða því helmíng kaups þess, er áskilið var, og matarverð fram að fardögum.

Nú vill hjúíð samt, að vistarráðin haldist, þótt húsbóndi eigi hafi látið vitja þess, og flytur sig sjálf til hans, og hann tekur við því, þá skal hann greiða því flutningskostnað og matarverð fyrir þá daga, sem liðnir eru af vistartímanum, auk um samins kaups; en vili húsbóndi ekki taka við hjúinu og komi það fyrir fardaga, þá skal hann greiða því kostnaðinn við ferð þess í vistina og tilbaka, ef það fer aptur, og þar að auki hálf kaup og matarverð til fardaga. En komi hjúíð eptir fardaga, þá skal hann að eins greiða því kaup og matarverð til fardaga .

## 7. grein.

Húsbóndi hefir löglegar ástæður, til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina, hafi honum eigi verið þær ástæður kunnar, er það hjá honum ræðist:

- 1, Ef hjúíð hefir sætt hegningarvinnu eða drýgt þjófnað eða annan glæp, sem að almenningsálitu er svívirðilegur;
- 2, ef hjúíð, þar sem það var síðast í vist, hefir gjört sig bert að illmennsku við húsbónda sinn, eða vandamenn hans á heimilinu;

- 3, ef börn eru á heimilinu, og hjúíð einhverstaðar þar, sem það var áður í vist, hefir tælt börn, sem voru á heimilinu, til illra verka;
- 4, ef hjúíð er haldið næmri eða viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina;
- 5, ef ógipt vinnukona er vanfær;
- 6, ef hjúíð, um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir þau veikindi eða líkamamein, að víska sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu um næstu 8 vikur eða lengur;
- 7, ef hjúíð hefir tælt húsbóndann á sèr með fölsuðum vitnisburðum.

### 8. grein

Hverju hjúi er skylt að fara þegar á stað í vistina, þegar þess er vitjað eptir 6. gr.

Færist hjúíð undan þessu, þá skal það greiða húsbónda helm-íng þess kaups, sem um var samið fyrir hinn ákveðna vistartíma, og kostnaðinn fyrir sendiferðina, og skal húsbóndi ekki skyldur að taka við því síðar.

Nú hamlar sjúkdómur, eða aðrar kríngumstæður hjúinu frá að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og þó ekki að sjálfsvöldum, þá er húsbónda eigi skylt, að vitja þess aptur, heldur skal hjúíð kosta sjálft ferð sína í vistina og leggja af stað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, og er húsbónda skylt að taka við því, ef það kemur fyrir fardaga, og ber hjúinu þá að eins kaup frá þeim tíma, er það kemur.

Nú leggur hjúíð eigi af stað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, þá skal það greiða húsbónda hálf kaup og endurgjalda honum kostnaðinn, er leiddi af að vitja þess.

Tálmist hjú svo, að það geti eigi komist í vistina innan þess tíma, sem fyr var sagt, þá er húsbóndi og hjú laust hvort við annað, og er hjúum það útlátalaust.

### 9. grein.

Hafi hjú gefið húsbónda vitneskju um það í tækan tíma, að hann þyrfti ekki að vitja þess, en það ætli að flytja sig sjálft í vistina, þá skal húsbónda skylt við því að taka, ef það kemur til hans fyrir fardaga, en kosta skal það þá sjálft ferð sína og missir fjórðung af kaupí sínu. En komi hjúíð ekki í fardögum, skal hús-

bónda eigi skylt við því að taka, og skal það sekt við húsbóndann um allt kaupið, það er um var samið.

#### 10. grein.

Hafi hjú undirgengizt að flytja sig sjálfst í vistina, og sè eigi samið milli þess og húsbónda um ákveðinn tíma, er það skuli vera komið, þá skal hjúíð leggja af stað sjálfan hjúaskildagann, og fara tafarlaust fullum dagleiðum í vistina; nú frestar hjú að fara af stað, eða tefur á leiðinni að nauðsynjalaus, þá skal það greiða húsbónda verkalaun, 6 fiska karlmaður, en 3 fiska kona, fyrir hvern þann dag, er það tefur; dragist ferð þess viku lengur fram yfir nauðsyn, skal húsbónda eigi skylt, að taka við hjúinu, en það greiði honum helmíng þess kaups, sem um var samið.

Nú hamlar sjúkdómur eða aðrar kríngumstæður hjú frá að fara af stað á skildaganum eða tálmist það á leiðinni og þó eigi að sjálfsvöldum, þá skal húsbónda skylt við því að taka, ef hjúíð ekki fatlast  $\frac{1}{2}$  mánuði lengur.

Komi hjúíð í ákveðinn tíma eða hafi það ekki tálmazt, frekar en nú var mælt, og vili húsbóndinn eigi taka við því að heldur, þá skal fara eptir 6. gr., síðasta atriði.

Ákvörðunin í 9. gr. skal einnig ná til þess hjús, er hefir undirgengizt, að flytja sig sjálfst í vistina, ef það í tækan tíma skýrir húsbónda frá, að bið verði á ferð þess, og hvað því valdi.

#### 11. grein.

Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjú kyrru í vist hjá sèr eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegning, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2 til 25. ríkisdali, og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúinu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og það fyrir þá sök missir vistina, þá greiði hann hjúinu helmíng þess kaups, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð til fardaga.

#### 12. grein

Ef húsbóndi eða hjú fyrir jól án löglegra ástæðna riptir vistarráðum, er samið var um fyrir hið næsta vistarár, varðar það fjórðungi kaupsins, er um var samið af hendi þess, er riptir, en sè það eptir jól, varðar það helmíngi kaupsins.

## 13. grein.

Geti hjú sannað, að húsbóndinn, árið áður en það á að fara í vist til hans, hafi misþyrmt hjúum sínum eða svelt þau, eður leitast við að tæla þau til illverka eður ósiðsamlegs athæfis, þá skal því eigi skylt að fara í vistina, ef því var þetta ókunnugt, þá er það ræði sig í vistina.

## 14. grein.

Hafi húsbóndi af ráðið að flytja burt úr sýslunni í næstu fardögum, og ráðgjörði það ekki við hjúíð, þá skal hjúinu eigi skylt að fara í vistina. Flyti húsbóndi búferlum af landi burt, skal hann enn fremur greiða því hálf kaup og matarverð til fardaga.

## 15. grein.

Hve mikið hjúíð skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúíð hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúíð hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót í kaup sitt, þótt hjúíð hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rétt goldnir eru hjú í kaup: peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónnda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda.

## 16. grein.

Húsbóndi skal veita hjú sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað og skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups.

## 17. grein.

Hjúíð skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eða sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja,

og vera honum auðsveipið; það skal af ýtrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

#### 18. grein.

Ekki má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

#### 19. grein.

Ekki má hjú fara á aðra bæi, nè burt frá heimilinu, nema húsbóndi leyfi, eða húsbóndans þarfir krefi.

#### 20. grein.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eða skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eða af skeytingarleysi, eða af því það eigi kann til verka þeirra, er það læzt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvern annan skaða, er húsbóndi biður fyrir óhlyðni þess, og má húsbóndi halda jafnmiklu inni af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

#### 21. grein.

Fyrir óhlyðni, þrjúzku, móþróa, eða illyrði við húsbónda sinn eða þann, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, skal hjú sektast um 1 til 20 ríkisdali; en seti það sig upp á móti þeim eða áreiti þá í verkum, þá sektist það 5 til 30 ríkisdöllum, eða sæti 6 til 10 vandarhagga refsing (í Reykjavík vatns- og brauðs-hegning 5 til 10 daga), nema svo sé, að það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum.

#### 22. grein.

Hjú eru undir húsaga, karlmenn þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára. Sè húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 21. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin.

#### 23. grein.

Sè hjú sett í fangelsi, án þess húsbóndanum sé um það að

kenna, og vist þess hjá honum sè þó ekki jafnskjótt lokið, missir það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er í fangelsi.

## 24. grein.

Slasist eða veikist hjú, og húsbónda sè um það að kenna, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því var um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eða af hverri annari ótilhlýðilegri aðferð, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækningu hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkafjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þýngri hegning eptir öðrum lögum.

## 25. grein.

Sýkist hjú eða slasist, og það sè að kenna ótilhlýðilegri aðferð sjálfs þess, skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

## 26. grein.

Veikist hjú eða slasist af öðrum atvikum, en nú voru talin, (24. og 25. gr.), þá skal það sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklega aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eða vertið, eða mánuði lengri um aðra árs tíma, þá skal það einskis í missa af kaupum sínu, en fatlist hjú lengur frá verkum, en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er veikt. Deyi hjú, hafa erfingjar þess ekki heimting á kaupum eptir það, fyrir lengri tíma en það var búið að vera í vistinni, áður en það varð ófært til verka.

## 27. grein.

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjú, verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjú; og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eða af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann, ef hjú fer á sveit, eigi heldur í tilliti til hennar frá skyldu sinni við hjú, samkvæmt þessari tilskipun.

## 28. grein.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistar-tíminn sé á enda, nema læknir eða sóknarprestur eða 2 aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álitu, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sykin er sótnæm.

Flyti húsbóndi samt hjúid burt, skal hann sæta sektum, eða þýngri hegning eptir 24. gr., og standast að auki allan kostnað af lækning og hjúkrun sjúklingsins.

## 29. grein.

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálfu að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir sérstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar, sem hjúid er í vist, og skal álíta það sem lán, er hjúinu ber að endurgjalda, jafnskjótt og það verður fært um.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar eigi gjöra það, en fá aptur kostnaðinn endurgoldinn af eignum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum í hreppnum, þar sem hjúid var í vist.

## 30. grein.

Deyi húsbóndi skal vistarráðum áfram haldið með ekkju hans eða búi, á þann hátt sem vistarsamningur hafði gjörður verið við hinn látna; þó ber svo að álíta, að vistarráðin eigi hafi verið gjörð um lengri tíma, en í mesta lagi eitt ár, þó vistarsamningur hafi gjörður verið um lengra tímabil. En sé húinu brugðið, á hjúid að eins heimting á kaupum fyrir það, sem eptir er vistartímans, og matarverði fyrir hinn sama tíma.

## 31. grein.

Hafi hvorki húsbóndi nè hjú sagt upp vistarsamningi á löglegan hátt, þá ber svo að álíta, að hann sé endurnýjaður um næsta vistarár, og eiga bæði húsbændur og hjú að segja upp vistarráðum fyrir jól, nema svo sé, að um eitthvað af þessu hafi öðruvísi verið samið þeirra á milli.

## 32. grein.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:



1. Ef hjúið drygir þjófnað, svik eður einhvern annan glæp, sem svívirðilegur er að almennings álit, eða hefir áður drygt slíkan glæp.
2. Ef hjúið hefir sætt hegningarvinnu.
3. Ef hjúið er sett í fangelsi um lengri tíma en 8 daga, án þess húsbónda sè um það að kenna.
4. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann, eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
5. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eða stöðugt skeytingarleysi eða ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
6. Ef hjúið tælir börn á heimilinu til illverka eða ósiðsemi, eða ef þeim er auglýnileg hætta búin af skeytingarleysi þess eða illri meðferð.
7. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans eða misþyrmir skepnum þeim, er hann á eða hefir undir hendi.
8. Ef hjúið sýnir af sèr framúrkeyrandi eða ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eða annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
9. Ef hjúið eigi kann til verka þeirra, er það læzt kunna, er það ræðst í vistina.
10. Ef hjúið hefir komið með viðbjóðslegan eða næman sjúkdóm í vistina, eða fær hann í vistinni af illum lifnaði sínum.
11. Ef hjúið fremur lauslæti með nokkrum öðrum á því heimili.
12. Ef ógipt vinnukona er ólætt, þegar hún kemur í vistina, en kemst ekki upp fyr en seinna, og það reynist, að hún eigi getur gengið til sumarvinnu.
13. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
14. Ef hjúið með illlyndi eða rógi raskar reglu og friði á heimilinu, og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.
15. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sèr með fölsuðum vitnisburðum.

Að því leyti atvik nokkurt, sem hefir átt sèr stað, áður en hjúið kom í vistina, eptir því, sem nú hefir sagt verið, gefur húsbónda rétt til að reka hjú úr vist, þá hverfur slíkur réttur, hafi húsbóndi verið vitandi um atvik þetta, þá er hann tók við hjúinu,

eða komist það síðar upp, ef hann þá ekki, innan viku, neytir réttar síns að reka það frá sér.

### 33. grein.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 32. gr., þá á það að eins heimtíng á kaupum fyrir þann tíma, er það hefir í vistinui dvalið. Þótt hjú sè rekið úr vist, fellur ekki þar fyrir niður hegning sú eða skadabætur, er það með broti sínu kann að hafa bakað sér, annaðhvort eptir þessari tilskipun eða öðrum lögum.

### 34. grein.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga burt úr vistinui :

- 1) Ef húsbóndi misþírmir hjúinu.
- 2) Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúíð til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að sliku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt hjúíð beri sig upp undan því við hann.
- 3) Ef húsbóndi lætur hjúíð búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
- 4) Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
- 5) Ef hjúíð fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
- 6) Ef lífi eða heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
- 7) Ef húsbóndi fer af landi burt.

### 35. grein.

Ef hjú fer úr vist fyrir þær sakir, sem teknar eru fram í 34. gr., 1., 2., 3., 6. og 7. atr., þá á það heimtíng á kaupum fyrir vistartíma þann, er um var samið; fari hjúíð fyrir miðjan heyannamánuð, þá á það enga heimtíng á matarverði; en fari það seinna úr vistinui, en þó fyrir veturnætur, þá skal húsbóndi að auki gjalda því matarverð til 8 vikna. Fari hjú, sem ráðið hefir verið til ársvistar eptir veturnætur, þá á það heimtíng á matarverði til 3 mánaða, en þó aldrei fyrir lengri tíma, heldur en til næsta hjúaskildaga, ef vistarráðin voru þá á enda; en hafi vistarráðin verið um skemmri tíma, á húsbóndi að greiða matarverð fyrir það, sem eptir er vistartímans, en þó aldrei fyrir lengri tíma en 3 mánuði. Hafi hjú ráðið sig heima fyrir hið næstkomandi hjúáár, en fari burt úr vistinui eptir jól, af fyrtíðum sökum, þá skal húsbóndi greiða því

missiriskaup, auk kaupsins fyrir það ár, sem yfir stendur, og matarverð til fardaga.

En fari hjúíð úr vistinni fyrir þær sakir, sem getið er í 4. og 5. atr. 34. greinar, þá ber því að eins kaup fyrir þá tíð, sem þá er liðin af vistartímanum, en ekkert matarverð.

Eigi er húsbóndi fyrir útlát sín við hjúíð eptir þessari grein, eða þótt hjúíð fari úr vistinni, laus við hegning þá eða skaðabætur, er hann með breytni sinni gegn hjúinu annars kann að hafa bakað sèr.

### 36. grein.

Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra ástæðna, þá á hjúíð sömu heimtíng til kaups og matarverðs, sem því er áskilin í 35. gr., er það gengur úr vistinni fyrir þær sakir, er nefndar eru í 34. gr., tölul. 1.—3. og 6.—7. En hafi hjú verið ráðið heima fyrir heilt ár, og húsbóndi reki það burtu eptir jól, án löglegra orsaka, þá greiði hann því missiriskaup að auk, og matarverð til fardaga.

### 37. grein.

Ef hjú hleypur burt úr vistinni án löglegra saka, skal það hafa fyrirgjört kaupí sínu fyrir þann tíma, er það hefir verið í vistinni, og sè það vinnumaður, skal hann greiða húsbónda að auk 10 álnir fyrir hvern þann mánuð, sem eptir er af vistartímanum, en vinnukona 5 álnir.

Hafi hjúíð hlaupið úr vistinni eptir jól, en verið ráðið heima fyrir heilt ár, skal það enn fremur greiða húsbónda missiriskaup.

### 38. grein.

Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurètt til kaups og matarverðs eptir því, sem ákveðið er í Laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár.

### 39. grein.

Fyrir eins árs kaupí og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma, en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúíð látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni.

### 40. grein.

Fógeti eða hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupí eða matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimtíng á neinni borgun

fyrir fjárnámið, nema lúin geti fengizt hjá húsbónda, eptir að hjú-  
ið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

#### 41. grein.

Hvervetna er lúka skal matarverði eptir tilskipun þessari, skal greiða karlmanni 3 fiska fyrir dag hvern, en kvennmanni 2 fiska, og er rétt goldið í peningum eptir verðlagsskrár meðalverði, í matvöru, eða öðrum góðum gjaldeyri.

Þar sem fardagar eru nefndir í tilskipun þessari, þá er það fimmtudagur sá, er 6 vikur eru af sumri.

Ákvarðanir þær í þessari tilskipun, sem miðaðar eru við fardaga, eiga að eins við í þeim sveitum, þar sem hjúaskildaginn er 14. maí; þar sem hjúaskildagi er annar, skal við hafa jafnlangan tíma og er frá 14. maí til fardaga.

#### 42. grein.

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun eiga fyrir lögreglurètt. Brot á móti 28. grein skulu sæta opinberri ákæru; en að öðru leyti skal fara með öll þau mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna

---

## Ástæður.

Lagafrumvarp þetta hefir verið búið til eptir öðru frumvarpi, er fylgir með sem fylgiskjal; en það hefir samið nefnd sú, er sett var í Reykjavík árið 1855, til að yfirvega jarðamatið íslenska, og var henni einnig falið á hendur, að semja frumvarp til hjúalaga fyrir Ísland; skal því yfirhöfuð skírskotað til frumvarps þessa og þeirra ástæðna, sem með því eru.

Með því frumvarp nefndarinnar þegar barst stjórninni í hendur árið 1859, hefir verið um það fengið álit allra amtmanna á Íslandi, og hefir því stjórnarráðið einnig haft álitsskjöl þeirra fyrir sér, þá er frumvarp það, sem hér er á undan, var til búið.

En eins og síðar mun betur sýnt verða, hefir í ýmsum merki-  
legum atriðum verið breytt frá uppástungunum í frumvarpi nefndarinnar. Nefndin hafði t. a. m. tekið í frumvarp sitt ákvarðanir

úm lausamenn og húsmenn, auk ákvarðana um vinnuhjú; þó hafði nefndin látið þetta hvort fyrir sig vera kafa sér, með sérstökum fyrirsögnum og greinum. En þó að það efni, er snertir lausamenn og húsmenn, sé í nokkru sambandi við hjúamál, virðist samt sem áður ekki eiga að skipa fyrir um það í hjúalögum, er eiga að hafa ákvarðanir um innbyrðis skyldur og réttindi húsbænda og hjúa, og það virðist því ekki rétt, að steypa þessu þrennu saman í eina tilskipun, heldur sé réttara að skipa fyrir um hjúamál í sérstaklegu lagboði. Hitt tvennt er þar á móti svo skylt og samvaxið, að ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að um það hvorttveggja sé fyrir skipað í einu lagaboði; sbr. einnig tilsk. 19. febrúarm. 1783.

Því næst skal þess getið, að nefndin reyndar hefir haft hjúalögin dönsku frá 10. maím. 1854 sem aðalundirstöðuna til að byggja á frumvarp sitt, og yfirhöfuð farið eptir frumreglum þeim og fyrirkomulagi, sem þar er við haft; en samt hefir einkum meiri hluti nefndarinnar stundum, og það eptir því, er séð verður, án nægra ástæðna, breytt til frá þeirri niðurskipun, sem er í lögum þessum á ákvörðunum þeim, er þaðan eru teknar, og eins um það, hvernig þær eru orðaðar. Þegar frumvarp það, sem hér er á undan, var samið, hefir því í þessu tilliti í ýmsum greinum verið farið nær lögum þessum og uppástungum minni hlutans, er stefna í sömu átt.

Að lyktum skal þess hér getið, að þar sem nefndin hefir stungið upp á (sbr. 40.—51. gr. frumvarpsins), að stofnaðar væri sérstaklegar sáttanefndir á Íslandi fyrir hjúamál, og samið ítarlegar ákvarðanir um fyrirkomulag og myndugleik slíkra nefnda, þá getur stjórnin ekki fallizt á þá skoðun nefndarinnar, að þessar sérstaklegu sáttanefndir sé nauðsynlegar eða hagfelldar á Íslandi. Af árskýrslum þeim, er til stjórnarinnar eru sendar, um sáttamál á Íslandi, sést, að sjaldan koma þar fyrir mál milli húsbænda og hjúa, og að hinar veujulegu sáttanefndir þá optast nær koma sátt á þau; er svo álitíð, að nefndir þessar sé með hagfelldu fyrirkomulagi, og hafa þær á sér traust almennings; þá sjaldan hlutaðeigendur þurfa að láta slík mál ganga til dóms og laga, þá hefir löggjöfin séð svo fyrir, að dómendurnir geti gjört út um þau, án mikillar fyrirhafnar eður kostnaðar fyrir þá, er hlut eiga að máli (sbr. einkum tilsk. 15. ágústm. 1832 og aukatekjureglugjörð 10. septemberm. 1830). En um hinar nýju sáttanefndir í hjúamálum er það að segja, að það er bundið ýmsum erfiðleikum, og þeim talsverðum, að koma þeim á fót. Það er þannig vissulega vafasamt, þegar ræða skal

um hina minni hreppana, þar sem ef til vill að eins eru 7 eða 8 húsfeður, hvort unnt sè, við hliðina á þeim sáttanefndum, sem nú eru, og skipaðar eru eptir sóknunum, að finna í hverjum hrepp 3 menn, er færir sè um að taka að sèr starfa þenna, sem engan veginn er svo auðveldur, með því þeir ekki einúngis eiga að miðla sátt með málsþörtunum, heldur getur það og fyrir komið, að þeir þurfi að búa mál undir dóm. Sú byrði, er með þessu yrði lögð hreppsþúum á herðar, yrði þar að auki mjög tilfínanleg, ef málinu væri skipað á þann hátt, sem nefndin hefir stungið upp á. Einkum virðist sú ákvörðun mjög óhagkvæm, að 3 skuli vera ákveðnir sáttadagar, þá er nefndin skuli eiga fund með sèr, hvort sem nokkurt mál sè fyrir hendi eður ekki. Í mörgum litlum hreppum gæti það verið, að allir þessir fundir yrði til ónýtis, og mundi það að vonum bráðlega olla óánægju, ef hreppsþændum væri gjört að skyldu að fara ferðir, jafnvel á vetrardag, til einskis gagns borgun-arlaust, auk þess að það í sjálfu sèr virðist vera ísjárvert, að einskorða fundina við ákveðna daga á árinu, þar eð það svo hæglega getur fyrir komið, að eitthvað verði þeim til tálmunar. Þess ber og að geta, að nefndin opt þarf að eiga með sèr fleiri en einn fund í sama málinu (sbr. 45. gr. og 49. gr.) og að borgun sú, sem henni er veitt, en það eru 2 mörk hverjum nefndarmanni (51. gr.), er svo sem einskis metandi, einkum þegar þar í á að vera fólgið endurgjald fyrir ferðakostnað í þeim málum, sem koma fyrir á hinum fastákveðnu fundum, eins og virðist vera tilgangur nefndarinnar.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, hefir þótt réttast að sleppa úr frumvarpinu þeim ákvörðunum, er lúta að sèrstaklegum sáttanefndum í hjúamálum, og þykja í því efni ákvarðanir þær, sem nú eru, mega óbreyttar standa; sbr. einnig hjúalög fyrir Færeyjar 16. febrúarm. 1856, 65.—73. gr. Allir amtmennirnir á Íslandi hafa og verið sambuga á því, að ráða frá, að þessi kaflinn í frumvarpi nefndarinnar væri tekinn inn í lagafrumvarpið.

Um sèrstakar ákvarðanir frumvarpsins skal því næst gjöra nokkrar athugasemdir:

#### Um 1. grein.

Samkvæmt reglum þeim, er gilda á Íslandi um það, að menn verði sjálfs sín ráðandi 18 vetra (sbr. lagastaði þá, er minni hluti nefndarinnar hefir bent á), virðist svo, að menn eigi ekki að öðlast rétt til að ráða sig hjú að lögum, fyrri en menn hafi náð þessum

aldri. Amtmaðurinn yfir Norður- og Austurumdæminu hefir og enn fært til ítarlegri röksemdir fyrir þessari skoðun, og hefir hann meðal annars tekið fram, að hin eldri íslenska löggjöf mæli með því, að þessi aldur sé framvegis látinn ráða, og einnig styði að því það atriði, að nauðsynlegt sé og lögboðið, að foreldrar og aðrir yfirboðarar hafi umsjón yfir börnunum þangað til; honum er og eigi kunnugt, að á Íslandi hafi myndast nein venja, er þessu sé fráhverf.

Þar eð enn fremur þær ástæður, er hafa komið nefndinni til að sleppa niðurlagsákvörðuninni í 1. grein í lögum 10. maím. 1854, eru horfnar, eptir þeirri orðabreyting, sem gjörð hefir verið á 2. grein, er 1. grein í frumvarpi því, sem hér er á undan, samin eins og 1. grein í lögnum frá 1854.

#### Um 2. grein.

Eins og nefndin vikur á, er það tíðast á Íslandi, að vistar-tíminn sé eitt ár, og má einnig gjöra ráð fyrir, að þessi venja muni haldast framvegis, en þó þykir ísjárvert að setja það sem reglu, er eigi megi út af bregða, að engi vistarsamningur verði að lögum gjörður um skemmri tíma; því bæði væri slíkt mjög ríkt band á eðlilegu frelsi manna, og svo mundi það opt bera við, eins og líka nefndin sjálf hefir bent á, að gjöra þyrfti vistarsamning fyrir skemmri tíma, og þegar svona stæði á, yrði þá að gjöra undantekningar frá reglunni, en það yrði mjög torvelt að ákveða nokkurn veginn nákvæmlega skilyrðin fyrir slíkum undantekningum. Það hefir einnig verið tekið fram, einkum í álitsskjali stiptamtmannsins yfir Íslandi, að það beri eigi sjaldan við á verzlunarstöðum, að vistarsamningar sé gjörðir fyrir skemmri tíma en eitt ár.

Þar sem því næst meiri hluti nefndarinnar hefir í 1. kafla 2. greinar sett þá reglu, að engi vistarráð skuli vera skuldbindandi um lengri tíma en eitt ár, þó þau hafi verið ráðin til fleiri ára, þá virðist ákvörðun þessi eigi vera hagfelld; því það getur opt verið bæði húsbónda og hjúi í hag, að gjöra vistarsamning um lengri tíma; slíkir samningar verða eigi heldur álitnir að vera gagnstæðir lögum og góðum siðum, og virðist því engi ástæða vera til þess, að synja þeim um lagagildi; þó er sanngjarnt, að hjúið eigi kost á að slíta vistarráðunum gegn ákveðnum útlátum af þess hálfu, ef breyting verður á högum þess.

Af þessum ástæðum hefir greinin verið samin eptir uppástúngu minni hlutans, og er í niðurlagi greinarinnar bætt inn í ákvörðun

um, að vistarsamningur verði eigi gjörður fyrir skemmri tíma, en einn mánuð, sbr. lög 10. maím. 1854, 10. gr.

Um 3. grein.

Þessi ákvörðun er tekin eptir 2. grein, 2. atr. í frumvarpi nefndarinnar.

Um 4. grein.

Þessi grein er eins og 3. grein í frumvarpi nefndarinnar.

Um 5. grein.

Þessi grein er eins og 5. grein í frumvarpi nefndarinnar, með þeim breytingum, er leiða af því, hvernig 2. og 4. grein frumvarps þessa hefir verið breytt; sbr. athugasemdirnar við 31. grein hér á eptir.

Um 6. grein.

Þessi grein er eins og 6. grein í frumvarpi nefndarinnar, með nokkrum orðabreytingum.

Um 7. grein.

Í 1. tölulið er því við bætt, að hjú hafi sætt hegningarvinnu (sbr. athugasemdirnar við 32. grein hér á eptir); svo er og upphafið á tölulið þessum og 2. tölulið orðað á sama hátt og í lögum 10. maím. 1854, 15. gr. 1. og 2. tölul. Í 3. tölulið er hér og bætt inn í þeirri ákvörðun, sem er í 3. tölulið í lagagrein þeirri, er nú var nefnd.

Um 8.—10. grein.

Þar eð engi ástæða virðist vera til þess, að það hjú, sem hefir samið svo um við húsbónda sinn, að það skuli sjálft flytja sig í vistina, hafi minni rétt en það hjú, sem húsbóndinn sækir, ef það að eins í tæka tíð lætur hann vita, að bið verði á ferð þess, og hvað því valdi, þá hefir niðurlagi 10. greinar verið breytt samkvæmt þessu. Að öðru leyti eru greinir þessar samhljóða 8.—10. gr. í frumvarpi nefndarinnar, að fáeinum orðabreytingum undanskildum.

Um 11. grein.

Þessi ákvörðun svarar til 20. greinar í lögum 10. maím. 1854. Það atvik, sem hér er um rætt, hefir vafalaust einnig komið fyrir á Íslandi, og að minnsta kosti getur það komið þar fyrir, einkum undir því yfirskyni, að húsbóndi eigi rétt á að halda hjúinu kyrru,



án þess svo sé í raun og veru; t. a. m. ef hann neitar að vistarráðunum sé sagt upp á löglegan hátt, eða annað þess konar.

#### Um 12. grein (að niðurlagi).

Í stað þess að skirskota til þess, sem ákveðið er í 6. og 8. grein (sbr. frumvarp nefndarinnar, 11. grein að niðurlagi) þótti réttara að ákveða beina leið, að sé vistarráðum rípt að eptir jól, skuli greiða hálf kaup fyrir vistarrofm, og verður að ætla að þetta hafi verið tilgangur nefndarinnar.

#### Um 13. grein.

Grein þessi, er svarar til 12. greinar í frumvarpi nefndarinnar, er orðuð á sama hátt og 21. grein í lögum 10. maím. 1854; þó er í staðinn fyrir orðið »missirið« sett »árið« (»árið áður en það á að fara í vist til hans«).

#### Um 14. grein.

Þessi grein er eins og 13. grein í frumvarpi nefndarinnar; þó er orðið »sýsla« sett í staðinn fyrir orðið »hreppur«; því það atvik, að húsbóndi flytur sig í annan hrepp í sömu sýslu getur, eins og stiptamtmaður einkum hefir bent á, varla verið næg ástæða fyrir hjúni til þess að rípta vistarráðunum. Um ákvörðun þá, sem nefndin hefir stungið upp á í 14. grein í frumvarpi sínu, skal skirskotað til athugasemdanna við 30. grein hér á eptir.

#### Um 15. grein.

Þessi grein er samhljóða 15. grein í frumvarpi nefndarinnar, að því undanskildu, að niðurlagsákvörðuninni er hér sleppt. Um ástæðuna til þess skal skirskotað til athugasemdanna við 38. grein hér á eptir.

#### Um 16. grein.

Þessi grein er eins og 16. grein í frumvarpi nefndarinnar. Um ákvörðun þá, sem er í 17. grein í frumvarpi nefndarinnar, skal þess getið, að eins og hún er orðuð, liggur og í henni bann móti því, að vinnukraptar hjúsins sé jafnvel *um stundar sakir* læðir öðrum, t. a. m. þegar hjú er læð til heyvinnu eður annara verka um ákveðinn tíma. En eins og ástæðurnar fyrir grein þessari sýna, þá hefir það ekki verið tilgangurinn, er hún var samin, að leggja á slíkt bann, sem einnig er gagnstætt því, er hingað til hefir verið

venja á Íslandi; heldur hefir átt að ákveða, að húsbóndi geti ekki afsalað öðrum rétti sínum yfir hjúinu að *öllu leyti*, að því fornspurðu. Um þetta efni er nú ákvörðun í lögnum 10. maím. 1854 30. grein; en með því slík ákvörðun virðist beina leið liggja í eðli slíkra samninga, þá þótti ekki þurfa að setja hana í frumvarp þetta.

Um 17.—20. grein.

Þessar greinir eru eins og 18.—21. grein í frumvarpi nefndarinnar.

Um 21. grein.

Grein þessi er samin eptir uppástungu minna hlutans; sbr. lög 10. maím. 1854, 26. grein.

Um 22. greiu.

Í 23. grein í frumvarpi nefndarinnar er sett almenn ákvörðun um, að húsbóndi eigi rétt á að beita húsaga við hjú sín fyrir yfirsjónir þeirra í orði eða verki. Stiptamtmaðurinn og amtmaðurinn yfir Vesturumdæminu á Íslandi hafa fastlega ráðið frá því, að slík ákvörðun sé höfð í frumvarpinu, en amtmaðurinn yfir Norður- og Austurumdæminu hefir ekki lýst yfir álitu sínu um þetta atriði.

Stiptamtmaðurinn hefir meðal annars getið þess, um þetta efni, að eptir hans álitu sé eitthvað mjög hneykslanlegt í því og særandi fyrir velsæmistilfinning manna, að húsbóndinn skuli hafa laga-rétt til að refsa með vendi eða kepp fullorðnum hjúum sínum, hvort sem eru karlar eða konur, sem opt kunna að vera gipt og hafa börn sín hjá sér til fósturs og uppeldis; auk þess að ávallt er hætta búin, að slíkur réttur verði misbrúkaður, og sú misbrúkun verði í frammi höfð að ósekju í skjóli laganna. Eptir hans álitu yrði þetta til þess, að selja hjúid á vald gjörræði húsbónda; í Danmörku hagar svo til, að þar geta menn fljótar náð rétti sínum en á Íslandi, ef á þá er hallað; en þó hefir ekki þótt ráðlegt að veita húsbændum þar rétt til að hafa við húsaga nema með takmörkunum, og virðist engi ástæða til að veita húsbændum á Íslandi frekari rétt í þessu efni; og þó nú réttur þessi eigi sér stað eptir tilskipun 3. júním. 1746, þá ber þess að gæta, að það, sem ef til vill var samkvæmt grundvallarreglum þeirra tíma, kæmi beina leið í bága við skoðanir vorra tíma, sem eru miklu frjálslegri og mannúðlegri. Amtmaðurinn yfir Vesturumdæminu hefir einnig tekið það fastlega fram, hversu hneykslanlegt það sé, að beita húsaga við fullorðin hjú,

sem komin eru af uppeldisskeiði, og hefir hann enn fremur getið þess, að á Íslandi bryddi reyndar opt á óhlýðni hjá vinnuhjúum, en að ekki verði ráðin bót á slíku, með því að beita húsaga við fullorðin hjú. Eptir því, sem hann segir frá, er það á þessum tímum mjög sjaldgæft á Íslandi, að húsaganum sè beitt á þenna hátt, með því almenningsálitid sè fastlega á móti því, og þá sjaldan það hefir komið fyrir, hefir hann aldrei orðið þess var, að það hafi borið góða ávexti, en hefir þar á móti orðið tilefni til meiri óreglu, stundum til áfloga, sem leiðir eðlilega af því, að húsaganum nálega ætíð hefir verið beitt í reiði og bráðræði, án nægrar umhugsunar. Þar á móti hefir kæra til sýslumanns um þær yfirsjónir, sem hjúid hefir gjört sig sekt að móti húsbónda sínum, nálega ætíð leitt til þess, að málið hefir jafnast á sanngjarnan og réttvísan hátt.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, og með því svo óbundinn réttur til að við hafa húsaga mót hjúum, sem nefndin hefir stungið upp á, ekki verður álitinn samkvæmur þeim grundvallarreglum, sem frumvarp þetta er byggt á, hefir virzt réttast að takmarka rétt húsbónda til að beita húsaga við hjú, á sama hátt og gjört er í lögum 10. maím. 1854, 27. grein, og er því grein þessi samin því samkvæmt.

Að öðru leyti skal þess getið, að þar sem nefndin hefir gjört ráð fyrir (sbr. ástæðurnar fyrir 23. gr. og 24. gr., 2. kafla), að húsagi verði við hafður fyrir opinbera glæpi, t. a. m. þjófnað, svik o. s. frv., þá er þetta ekki öldungis rétt, með því húsaginn eptir eðli sínu að eins getur átt við fyrir tilgjörðir hjúa í orði eða verki mót húsbónda sjálfum og öðrum yfirboðurum, og þegar raskað er húsfriði.

#### Um 23. grein.

Þessi grein, er svarar til 32. greinar í frumvarpi nefndarinnar, virðist heldur eiga að vera á þessum stað; hún er orðuð eins og 28. grein í lögum 10. maím. 1854.

#### Um 24. og 25. grein.

Þessar greinir eru eins og 25. og 26. grein í frumvarpi nefndarinnar, nema hvað að eins lítilfjörleg orðabreyting hefir verið gjörð í fyrri greininni.

#### Um 26. grein.

Það hefir þótt nokkuð vafasamt, hvort ákvarðanir þær, sem eru í þessari grein, muni ekki, þegar á allt er litið, verða of þúng-

bærar hjúnum, og stiptamtmaðurinn hefir einkum tekið það fram, að það sé ekki samkvæmt þeirri venju, er tíðkist á Íslandi, að sjúk hjú skuli borga kostnað þann, er leiði af lækning þeirra og þjónustu, og þar á meðal borgun til lækni og fyrir lyf. Þar að auki virðist staða hjúanna að vera þess eðlis, að eins og húsbóndinn getur heimað, að hjúnið veiti honum og hans alla þá hjálp, er í þess valdi stendur, ef sjúkdóm ber að höndum, eins eigi hann aptur á hinn bóginn að sjá fyrir hjúinu, þegar það verði sjúkt; sbr. einnig tilsk. 3. júním. 1746, 23. gr. En með því öll nefndin hefir verið samhuga á því að stinga upp á, að þessu væri til hagsað á þann hátt, sem ákveðið er í greininni, þá hefir ekki þótt næg ástæða til að breyta frá þessari uppástungu, sbr. 27. gr. í frumvarpi nefndarinnar, sem þannig er tekin inn í grein þessa með fáeinum orðabreytingum; er líka í greininni haft sérstaklegt tillit til þess, að vegna þess, hvað vistartíminn almennt er langur á Íslandi, gæti það orðið mjög þúnghætt húsbóndanum, ef hann ætti að greiða allan þann kostnað, er langvinnur sjúkdómur hjúsins hefði í för með sér, og borga því um samið kaup; hefir og amtmaðurinn yfir Norður- og Austurumdæminu verið á því, að jafnvel væri gengið of nærri húsbóndanum með ákvörðunum þeim, sem eru í greininni.

#### Um 27. grein.

Í ástæðunum fyrir 28. grein í frumvarpi nefndarinnar, er svarar til þessarar greinar, er þess meðal annars getið, að óþarfi hafi þótt að hafa með berum orðum ákvörðun um, að samningur milli húsbónnda og hjús, um að vistarráðunum skuli lokið, undir eins og hjúnið verði sjúkt, eigi skuli vera skuldbindandi fyrir hjúnið (sbr. lög 1854, 34. gr.), með því þetta leiðir af því, að eptir frumvarpinu verða eigi vistarráð gjörð um skemmri tíma en eitt ár. En þó nú ákveðið hefði verið, sem ekki hefir þótt næg ástæða til (sbr. athugasemdirnar við 2. gr.), að vistarráð yrði eigi að lögum ráðin um skemmri tíma en eitt ár, þá leiðir eigi af því, að ekki megi áskilja við vistar-samninginn, að vistarráðunum skuli slitið, áður en þau hafi staðið eitt ár, þegar svo og svo er ástatt. Eigi því að sjá fyrir því, að þetta geti ekki orðið vegna þeirrar ástæðu, sem nú var sagt (veikinda), verður að ákveða það með berum orðum, og hefir þess vegna greininni verið breytt samkvæmt 34. gr. í lögnum frá 10. maím. 1854, og er því meiri ástæða til þess, þegar 2. gr. er orðuð eins og gjört er í frumvarpi þessu.

Í 29. gr. í frumvarpi nefndarinnar var enn fremur ákveðið, hve nær húsbóndi geti riptað vistarráðunum, þegar hjúið verður sjúkt, eptir að vistarráðin eru endurnýjuð fyrir næsta vistarár. En húsbóndinn virðist ekki geta átt rétt á því, að slíta vistarráðunum löngu áður en virstartíminn byrjar, af þeim ástæðum, sem til eru færðar í greininni, með því slíkar ástæður geta verið horfnar löngu áður. Að eins þegar hjúið er sjúkt á þeim tíma, *er það á að fara í vistina*, eða sé vistarráðunum áfram haldið, þá er vistarárið byrjar, þá getur þetta verið ástæða til þess, að samningnum sé riptað, ef sjúkdómurinn er þess eða þess eðlis; en um þetta eru hinar nauðsynlegu ákvarðanir settar í 7. gr., 4. og 6. tölul., og er því greininni sleppt úr frumvarpi þessu.

Um 28. og 29. grein.

Þessar greinir eru eins og 30. og 31. gr. í frumvarpi nefndarinnar.

Um 30. grein.

Í 14. gr. í frumvarpi nefndarinnar er ákvörðun um, að deyi húsbóndi *fyrir hjúaskildaga*, en ekkja hans eða sonur eða dóttir haldi áfram búskapnum, á hjúið ekki rétt á að slíta vistarráðunum fyrir þessa sök, en ef aðrir halda áfram búskapnum, þá skuli hjúi eigi vera skylt að fara í vistina, en geti þá eigi heimt neitt kaup. En sé brugðið húi, eigi hjúið heimting á hálfu árskaupi og matarverði til fardaga.

En fyrst og fremst virðist eigi vera næg ástæða til að gjöra mun á því, hvort húsbóndi deyi *fyrir* eða *eptir* hjúaskildaga, heldur virðist eiga að setja almenna ákvörðun um þetta efni, án þess þetta sé tekið til greina. Því næst virðist ekki, eptir almennum lagasetningum, vera ástæða til að losa hjúið við, að halda vistar-samning þann, er það hefir gjört við hinn látna, og það jafnvel þó það sé enn eigi komið í vistina, *ef búskapnum er áfram haldið*, hvort sem nákomnustu ættingjar hans gjöra það, eða aðrir, t. a. m. þegar skiptaráðandi eður erfingjar fá mann til að veita búinu forstöðu; því annars mundi opt reka í vandræði á Íslandi, þar sem vistar-samningar að öllum jafnaði eru gjörðir til ákveðins tíma á árinu; en á hinn bóginn verður hjúið að eiga rétt á því að heimta, að vistarráðin skuli haldast þann tíma, sem um var samið við hinn látna, þó með ákvörðun þeirri, sem gjörð er í greininni, ef vistar-ráðin hafa verið ráðin til lengri tíma en eins árs. En sé *búinu*

*brugðið*, virðist ekki vera ástæða til, að hjúíð eigi heimting á öðru en kaupí fyrir það, sem eptir er (hins venjulega) vistartíma, og matarverði um jafnlangan tíma. Samkvæmt þessu er greinin orðuð, sbr. lög 10. maí 1854, 38. grein, og uppástungu minni hlutans í niðurlagi athugasemdanna við 17. grein.

#### Um 31. grein.

Á Íslandi er það venja, að húsbóndi á haustin komi að máli við hjú sín um það, hvort þau vili ráðast heima. Eptir þessu er í 4. grein í frumvarpi nefndarinnar sett ákvörðun um, að sé ekki húsbóndi og hjú fyrir jól búin að *endurnýja* vistarráðin, þá beri svo að álíta, að vistarráðunum sé sagt upp til næsta hjúaskildaga. En minni hluti nefndarinnar hefir haldið að réttara væri að skipa fyrir um þetta á þann hátt, að svo skuli álíta, að vistarráðin sjálfkrafa sé endurnýjuð fyrir næsta vistarár, ef hvorki húsbóndi né hjú hafi sagt upp vistinni fyrir jól; er það um þetta efni einkum tekið fram, að sú aðferð, sem meiri hlutinn stíngur upp á, mundi styðja til þess, að húsbóndinn yrði of háður hjúum sínum, sem gæti beðið eptir því, að húsbóndi byði þeim að vera kyrrum í vistinni, og þá stundum hagnýtt sér þetta, til að gjöra nýjar kröfur; svo mundi og slíkt verða þess olandi, að mörgum vistarráðum væri slitíð, sem hvorki húsbóndi né hjú hefði eiginlega neitt á móti að halda áfram, og sem einnig mundi áfram haldið, ef uppsögn þyrfti til að slíta þeim, og virðist eiga að hafa mikið tillit til þessa, þar sem hjú, eptir því sem gjöra er, eru svo fá, og svo litil eptir-sókn eptir vistum, og húsbændur fyrir þá sök háðari hjúunum, en ákjósanlegt er.

Með því nú yfirgnæfandi ástæður hafa virzt mæla með því, að fara eptir uppástungu minni hlutans um þetta atriði, þá hefir greinin verið samin eptir henni, en þó er í niðurlagi greinarinnar bætt við, að þessi ákvörðun að eins geti átt við, að því leyti hlutaðeigendur ekki hafa öðruvísi um samið um neitt af því, sem um er rætt í greininni, sbr. lög 10. maím. 1854, 39. gr. að niðurlagi.

Að endingu skal þess getið, að sökum breytingar þeirrar, sem orðið hefir á efni greinarinnar, hefir orðið að setja hana á öðrum stað í frumvarpinu.

#### Um 32. grein.

1.—4. tölul. Ef hjú áður hefir drýgt þjófnað, svik o. s. frv., eða hefir sætt hegningarvinnu, þá er það atvik svo mikils umvarð-

andi fyrir húsbónda, að hann hlýtur að eiga rétt á, ef honum var ókunnugt um þetta, þá er hann réð hjúíð til sín, að reka það undir eins úr vistinni, ef hann fær vitneskju um slíkt, eptir að hjúíð er komið í vistina. Ef hjú er sett í fangelsi, þá á það einnig að veita húsbónda heimild til, að reka hjúíð úr vistinni, sbr. lög 10. maím. 1854, 41. grein, 3. tölulið, og á það því fremur við, sem varðhald ekki er við haft á Íslandi, nema fyrir stórglæpi, og helzt því að jafnaði býsna lengi; sbr. tilsk. 24. janúarm. 1838, 13. grein. Loksins á húsbóndi og að geta rekið hjú frá sér, ef það hefir við illyrði og meiðyrði við hann sjálfan eður vandamenn hans, með því það virðist vera ópolandi fyrir húsbónda, ef hann ætti að vera neyddur til að hafa slíkt hjú í vist um langan tíma, ef til vill heilt ár; svo virðist og húsbóndi eiga að hafa jafnan rétt hjúinu í þessu efni; sbr. 34. grein, 4. tölulið.

Samkvæmt uppástunga Havsteins amtmanns, hefir verið sett í greinina, sem 11 töluliður, sú ákvörðun, sem er í lögum 10. maím. 1854, 41 gr., 12 tölul. Þar á móti er sleppt ákvörðuninni í 13. tölulið í frumvarpi nefndarinnar, af ástæðum þeim, sem minni hluti nefndarinnar hefir tekið fram.

Að endingu skal þess getið, að niðurlagi greinarinnar er breytt samkvæmt niðurlagi 41. greinar í lögnum frá 1854; þó er frestur sá, sem húsbónda er veittur til að neyta réttar síns, ákveðinn eptir uppástungum nefndarinnar, og þar að auki gjörðar nokkrar orðabreytingar, er minna skipta, á ýmsum stöðum í greininni.

Um 33. grein.

Þessi grein er eins og 34. grein í frumvarpi nefndarinnar.

Um 34. grein.

6. tölul. Sè lífi eður heilsu hjús hætta búin af vistarveru þess, á það skilyrðislaust að geta gengið úr vistinni, og hefir því verið sleppt niðurlagi þessa töluliðs í 35. grein í frumvarpi nefndarinnar; að öðru leyti er grein þessi eins hljóðandi og grein nefndarinnar, sú er nú var getið, að fáeinum litlum orðabreytingum undanskildum.

Um 35.—37. grein.

Í þessum greinum hafa verið gjörðar ýmsar orðabreytingar, og á það sèr einkum stað um 35. grein, sem fyrir það er orðin skýrari, en að öðru leyti eru þær eins og 36.—38. grein í frumvarpi nefndarinnar.

## Um 38.—40. grein.

Í niðurlagi 15. greinar í frumvarpi nefndarinnar var ákvörðun um, að hjú skuli hafa forgöngurètt í þrotabúi húsbónda til síðasta 12 mánaða kaups *næst löglegum veðskuldum*. En þessi ákvörðun er ekki rétt, og það enda þó álitid sè að opið bréf 23. júlím. 1819 hafi eigi lagagildi á Íslandi; því til eru ýmsar aðrar kröfur, sem eptir Laganna 5—14—37 eiga forgöngurètt fyrir kaupum vinnuhjúa. Það virðist því réttast að semja ákvörðun þessa samkvæmt 1. kafla í 48. gr. í lögunum frá 10. maím. 1854.

Einnig hafa virzt vera yfirgnæfandi ástæður fyrir því, að veita hjúum sama rétt til fjárnáms fyrir kaupum og matarverði, er það á hjá húsbónda, sem heimilaður er í lögunum frá 1854, 49. og 50. gr.; og virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að hreppstjóri framkvæmi fjárnámið annarstaðar en í Reykjavík (opið bréf 2. aprílím. 1841, 2. gr.), með því það getur ekki fram farið, nema svo sè, að húsbóndi kannist við, að skuldin sè sönn. Allir amtmennirnir hafa og viðurkennt, að þessar ákvarðanir sè vel tilfallnar.

## Um 41. og 42. grein.

Hin fyr talda af greinum þessum er eins og 39. gr., og hin síðari samkvæm niðurlagsákvörðuninni í frumvarpi nefndarinnar.

---



## II.

# Frumvarp

til

tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

### I. Um lausamenn.

#### 1. grein.

Frá skyldu þeirri, sem eftir lögum þeim, er nú gilda, liggur á sumum mönnum til að vera í vist, getur hver maður, sem er 25 ára að aldri fengið sig undanþeginn, ef hann leysir leyfisbréf hjá lögreglustjóranum. Fyrir leyfisbréfið borgar karlmaður 1 hndr. en kona  $\frac{1}{2}$  hndr. á landsvísu, og skal gjald þetta greitt í peningum eftir verðlagsskrár meðalverði. Leyfisbréfið skal leysa hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eða öllu leyti.

#### 2. grein.

Þeir skulu eigi skyldir að leysa leyfisbréf, er hafa 5 hundruð á landsvísu í árlegan ágóða af fasteignum eða arðberandi fè.

#### 3. grein.

Veita má mönnum, þó þeir sè ekki fullra 25 ára, leyfisbréf þau, sem nefnd eru í 1. grein, ef það eru:

1. Ekkjumenn og ekkjur.
2. Menn, sem hafa 1 hndr. á landsvísu í ársarð af fasteignum eða arðberandi fè; sè afgjaldið eða leigan greitt í peningum, skal það reikna til landsvísu eftir verðlagsskrár meðalverði.

#### 4. grein.

Þessir menn geta fengið leyfisbréf borgunarlaust:

1. Bændur, sem búíð hafa í 15 ár og goldið hafa árlega til allra stétta, og ekkjur, þegar eins er ástatt:

2. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastætt í 20 ár, og fengið jafngóðan vitnisburð.

5. grein.

Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða lögreglustjóranum 1 rdl.

6. grein.

Hver sá maður, sem leyst hefir leyfisbréf, skal greiða árlega, auk opinberra gjalda, er honum ber að lúka eptir stöðu sinni og tíundarbærum fjárstofni, 6 álnir til ríkissjóðs karlmaður, og 3 álnir kona, og jafn mikið til kirkju, prests og fátækra. Svo skulu og allir karlmenn, er leysa leyfisbréf, og fyrir það eru undanþegnir frá að fara í vist, taka þátt í almennum skylduverkum í sveit sinni jafnt bændum.

Láti nokkur undanfalla 2 ár í bili að greiða tæð gjöld eða skylduverk, er á honum hvíla, eða ef að því rekur, að fjárnámi þurfi að beita í 2 ár, hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört rétti sínum eptir leyfisbréfinu, og má honum eigi veita leyfisbréf að nýju, fyrri en eptir 5 ár.

7. grein.

Nú flytur nokkur, er leyst hefir leyfisbréf, sig í annað lögsagnarumdæmi, skal hann leysa nýtt leyfisbréf, er hann fái borgunarlaust; þó skal hann greiða lögreglustjóranum 1 ríkisdal. (sbr. 5. grein). Ef einhver, sem hefir leyst leyfisbréf, tilkynnir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið um ákveðinn tíma, skal honum heimilt að nota það síðar, án þess að greiða nokkra borgun, ef hann gefur slíkt lögreglustjóranum til vitundar.

8. grein.

Sè maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga, og eigi sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leiti hreppstjóra um að útvega sèr vist, þá skal hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni.

Sè maður enn óvistráðinn um manntalsþing, og leiti sýslumanns um að útvega sèr vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum sýslunnar.

Þegar annaðhvort hreppstjóri eða sýslumaður útvegar manni vist á þann hátt, er nú var sagt, þá skal hann skyldur að fara í þá vist, ef hún er óaðfinnanleg.

Þjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eða sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara, og skal hann einnig skyldur að þiggja þá vist, ef hún er óaðfinnanleg. Vili sá, er hlut á að máli, ekki þiggja vist, er honum býðst eptir því, sem nú hefir sagt verið, þá skal honum hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðið sig fram, til að taka hinn óráðna mann, og þá er það eigi hegningarvert, þótt hann sè laus til næsta hjúaskildaga; en skyldur skal hann vera að ganga í hverja þá hæflega vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, og sæti ella sektum frá 1—10 rd. eptir atvikum.

Nú er hann enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, skal þá fara, sem fyr segir.

#### 9. grein.

Vistráðið hjú, sem eigi er vitjað á hjúaskildaga, eða fer úr vist sinni, eða er rekið úr henni, áður vistartíminn er á enda, verður eigi sekt í lausamennsku, þótt það eigi útvegi sèr vist til næsta hjúaskildaga, en skylt skal því að ganga að vinnu þeirri, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri útvegar, að við lögðum sömu sektum, sem segir í 8. gr.

#### 10. grein.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en eigi hefir gjört það, og eigi heldur leyst leyfisbréf, og verði þó eigi 11. gr., sbr. 4. gr., heimfærð til hans, skal sæta frá 10—30 rd. sektum, og greiða að auki jafnmikið, og lúka á fyrir leyfisbréf eptir 1. gr.

Þýngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað, eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, sem ekki eiga sèr stað, eða ef sá, er hlut á að máli, gjörir sig sekan í flakki.

#### 11. grein.

Verði einhver sá, er bar að leysa leyfisbréf eptir 4. grein, sekur í brotum þeim, sem um er rætt í 10. grein, skal hann sæta sektum frá 2—5 rd.

#### 12. grein.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að engi sá, sem er skyldur að fara í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, er á honum hvílir í því efni, og skulu lödreglustjórar á hverju manntalsþingi lefsta skýrslu um, hvort brotið hafi verið móti þessari reglu.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa

leyfisbréf, hafi fast heimili og sé ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

### 13. grein.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sér undan skyldu sinni að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helmíng, eða allt að tveim þriðjungum þeirrar sektar, sem ákveðin er í 10. og 11. grein.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu, skal sektast um 1—5 rd.

## II. Um húsmenn.

### 1. grein.

Þegar einhver æskir að gjörast húsmáður eða þurrabúðarmaður, sem til þess þarf sérstaklegt leyfi að lögum, þá skal hlutað-eigandi sýslumaður, eða í Reykjavík bæjarfógetinn, eins og að undanfögnu, skera úr því, hvort slíkt leyfi skuli veitt eða ekki; en áður úrskurður sé lagður á málið, á að fá um það álit fátækra-stjórnarinnar á þeim stað, þar sem sá, er hlut á að máli, vill setjast að. Sé annaðhvort hann eða fátækra-stjórnin óánægt með úrskurð yfirvaldsins (sýslumanns eða bæjarfógeta), má skjóta honum til æðra yfirvalds. Setist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann eigi með ólöglegri veru sinni í hreppnum áunnið sér þar sveitarframtæri. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sé hann þar eigi sveitlægur.

Sá, sem er skyldur að fara í vist, getur ekki, með því að setjast einhverstaðar að sem húsmáður, komizt hjá að sæta bótum samkvæmt 10. og 11. grein í 1. kafla þessarar tilskipunar.

### 2. grein.

Hver sá húsráðandi, er tekur þann húsmann á heimili sitt, sem eigi hefir rétta heimild til húsmennsku, skal greiða 2—8 rd. sekt, og þurfi húsmáðurinn framfærisstyrks við, skal það til næstu fardaga lenda á húsráðanda, án endurgjalds frá hreppi þeim, þar sem húsmáðurinn er sveitlægur.

3. grein.

Þessar ákvarðanir skulu einnig ná til þeirra manna, er ekki hafa stærri jarðpart til ábúðar 1 hndr.

---

III. Almennar ákvarðanir.

1. grein.

Af gjöldum þeim og sektum, sem greiða ber eptir þessari tilskipun, skal helmíngur renna í hlutaðeigandi fátækra sjóð, en helmíng fái hreppstjóri eða hreppstjórar.

2. grein.

Með þau mál, sem rísa út af því, sem ákveðið er um í þessari tilskipun, skal farið sem almenn lögreglumál.

---

## Ástæður.

Í ástæðunum fyrir frumvarpi til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem nú verður lagt fyrir alþingi, er þess getið, að nefnd, er skipuð var á Íslandi, til að semja lagafrumvarp um þetta efni, hefði í frumvarpi sínu einnig gjört ákvarðanir um lausamenn og húsmenn, þó í flokkum út af fyrir sig; er það og í ástæðum þeim, sem nú voru nefndar, tekið fram, hvers vegna ekki þótti rétt að við hafa þessa aðferð, heldur skipa fyrir um tvennt hið síðast talda í lagaboði sér Hvað nú að öðru leyti lagafrumvarp þetta snertir, þá er því skipt í 3 flokka: I. um lausamenn, II. um húsmenn og III. almennar ákvarðanir, sem snerta hvortveggsja, og skal nú, um leið og skírskotað er til frumvarps þess, er nefndin hefir samið, með ástæðum þess, um hvern flokkinn fyrir sig gjöra nokkrar at-  
hugasemdir:

I. Um lausamenn.

Eptir lögum þeim, er nú gilda, einkum tilskipun 19. febrúarm. 1783, 5. gr., hefir skyldan til að fara í vist hingað til að eins hvílt á almúganum á Íslandi.

Í Danmörku hefir nú skylda þessi verið úr lögum numin (sbr. hjúalög 10. maím. 1854, 8. gr.); en ef farið væri að uppástúngu nefndarinnar, þá yrði á Íslandi farið í gagnstæða átt, því þá yrði skylda þessi einnig látin ná til þeirra stætta, er að undanfögnu hafa

verið lausar við hana, sbr. 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins, en jafnframt yrði þá öllum, sem skylda þessi hér eptir ætti að hvíla á, gefinn kostur á að fá sig undan þegna frá henni, með því að leysa leyfisbréf. En bæði er það, að sú ástæða, sem hefir gjört það að verkum, að löggjafinn lagði mönnum á herðar skyldu þessa (sbr. einkum tilsk. 19. febrúarm. 1783), en það er umönnun löggjafans fyrir því, að bændur hefði næga vinnukrapta til að yrkja jarðir sínar, sem einnig sést, að hefir verið ástæða nefndarinnar til að halda ákvörðuninni, á ekki við, þegar rætt er um þá, sem ekki eru almúgastéttar, einkum þá, er fæddir eru í kaupstöðunum, sem að öllum jafnaði ekki alast upp við landbúnað, enda væri og sú ákvörðun, að t. a. m. embættismanna dætur eður kaupstaðaborgarar skuli vera skyldir að fara í vist eður leysa leyfisbréf það, sem um er getið í 2. gr., svo óeðlileg og einnig óþörf takmörkun á mannlegu frelsi, að ekki hefir þótt ástæða til að setja slíka ákvörðun í frumvarpið (sbr. einnig frumvarp Thórarensens amtmanns 5. gr.); því það er í augum uppi, að þeim, sem eptir stöðu sinni og uppeldi ekki verða taldir í vinnulífjástétt, væri nauðugur einn kostur að leysa ætið leyfisbréf; en auk þess að það á ekki vel við, að t. a. m. embættismanna dætur *skuli hafa leyfisbréf til að vera lausamenn*, þá yrði slíkt þeim optlega nærri því ópolandi byrði, er þær ætti að greiða ekki að eins mjög háa borgun fyrir leyfisbréfið (2. gr.), heldur og þar að auki árleg gjöld (6. gr.), sem ætið mundu verða þeim tilfinnanleg og opt ókljúfandi. Það hefir því þótt réttast, að þeim, sem að undanförunu hafa verið undanþegnir þeirri skyldu að fara í vist, yrði ekki með nýju lagaboði lögð nein skylda á herðar í þessu efni, en að það þar á móti ætti að vera augnamið lagaboðsins, að þeir, sem þessi skylda liggur á, geti fengið kost á að losast við hana, og að öðru leyti að skipa fyrir um málefni þetta á þann hátt, sem betur á við ásigkomulag þessara tíma, og hefir í því efni að mestu leyti mátt fara eptir ákvörðunum þeim, sem eru í frumvarpi nefndarinnar.

Af því, sem nú hefir sagt verið, hefir leitt, að sleppt er 1. gr. í frumvarpi nefndarinnar. og einnig 2. tölul. í 2. gr., 1. tölul. í 3. gr., niðurlagi 4. gr., og loks í 5. gr. orðunum: »nema þeir, sem nefndir eru í 3. gr., nr. 1.«.

Síðan skal farið nokkrum orðum um ákvarðanirnar í þessum flokki frumvarpsins:

## Um 1. grein.

Samkvæmt því, sem áður er sagt, hefir verið breytt upphafi greinar þessarar, er samsvarar 1. kafla 2. gr. í frumvarpi nefndarinnar; þar að auki er sleppt á þessum stað ákvörðun greinarinnar um, að gjald það, sem þar er um rætt, skuli renna í sveitarsjóð, sbr. athugasemdirnar við III. 1. gr. hér á eptir; loksins skal þess getið, að í frumvarpi þessu er sneitt hjá að kalla þá »lausamenn«, sem með leyfisbréfum eru undanþegnir þeirri skyldu að fara í vist.

## Um 2. grein.

Með þeim mönnum, er eptir 3. gr. í frumvarpi nefndarinnar áttu að geta fengið leyfisbréf borgunarlaust, voru í 4. tölul. taldir þeir, sem hafa 5 hndr. á landsvísu í árságóða af fasteignum eða arðberandi fè, og var bætt við þeirri ákvörðun, að slíkir menn gæti öðlast leyfisbréf, þó þeir væri ekki orðnir fullra 25 ára að aldri.

En auk þess, að síðasta ákvörðunin að minnsta kosti er óþörf, með því það er í augum uppi, að ákvörðunin í 3. tölul. í 2. gr. í frumvarpi nefndarinnar nær til þessara manna, þá virðist og vera ósamkvæmni í því, að þeir, ef þeir á annað borð eiga að skyldast til að fá sér leyfisbréf, skuli, vegna þess þeir eru fjáðir, sleppa við það gjald, sem hinir fátækari og jafnvel þeir, er ekkert eiga, verða að greiða. Þar á móti virðist vera ástæða til að gjöra þá undantekning, að þeir, sem færa sönnur á, að þeir eigi svo mikið fè, sem nú var sagt, *skuli eigi þurfa að fá sér leyfisbréf*, og sé þeir þannig settir jafnhliða húsfæðrum, vegna þess að þeir eptir stöðu sinni geta séð sjálfum sér borgið, sbr. tilsk. 3. júním. 1746, 15. gr., og er því sett í greinina ákvörðun um þetta.

## Um 3.—6. grein.

Greinir þessar samsvara 2. kafla 2. gr. og 3., 4. og 5. gr. í frumvarpi nefndarinnar; er áður rætt um breytingar þær, sem hafa verið á þeim gjörðar, að því leyti sem það ekki eru orðabreytingar einar.

## Um 7. grein.

Í 6. grein í frumvarpi nefndarinnar er svo ákveðið, að ef lausamaður, sem hefir leyst leyfisbréf, flytur í annað lögsagnarumdæmi, þá skuli hann *leysa leyfisbréf á ný*, þ. e. borga að nýju hið ákveðna gjald fyrir leyfisbréf; en slíkt virðist vera allt of mikið band á atvinnufrelsi manna, og virðist því sanngirni mæla með

því, að hið nýja leyfisbréf fáið ókeypis; þó ætti lögreglustjórinn að fá þann 1 rdl. í borgun, sem honum er áskilinn í 4. grein.

Það er einnig ákveðið í 2 kafla hinnar sömu greinar, að lausamaður, sem hefir leyst leyfisbréf en ekki notað það í eitt ár, skuli, ef hann vill aptur verða lausamaður, vera skyldur að leysa leyfisbréf á ný; en sú ákvörðun virðist vera allt of hörð; og hefir því þótt rétt, að þegar einhver, sem hefir leyst leyfisbréf, tilkynnir lögreglustjóranum, að hann ætli ekki að nota leyfisbréfið ákveðinn tíma, þá eigi hann að geta notað það síðar, án þess að greiða borgun á ný, ef hann þá gefur það lögreglustjóranum til vitundar.

#### Um 8. grein.

Þegar fleiri en einn, eptir ávísun sýslumanns eða hreppstjóra, hjóðast til að taka óvistráðinn mann í vist til sín, og *hann ekki er við staddur*, þá á hreppstjóri eða sýslumaður eptir uppástungu nefndarinnar í 7. grein að skera úr, í hverja vistina hann skuli fara. En með því gjört mun ráð fyrir, að vist sú, sem mannum hefir verið útveguð, sé boðleg (sbr. næsta kafla á undan í greininni), þá hefir þetta verið ákveðið með berum orðum í greininni. Þar á móti hefir verið sleppt úr þeim kafla greinarinnar, sem er næstur hinum síðasta, orðunum: »eða hafi hann — — er honum er vísað á«; því þetta er fólgið í því, sem ákveðið er rétt á undan; en hinu, sem er í þessum kafla greinarinnar: »Vili hinn óráðni o. s. frv.» er bætt inn í greinina framar.

#### Um 9. grein.

Þessi grein er samhljóða 8. grein í frumvarpi nefndarinnar, að fáeinum orðabreytingum undanskildum.

#### Um 10. grein.

Grein þessi er með fáeinum orðabreytingum tekin eptir 9. gr. í frumvarpi nefndarinnar, þó er sleppt niðurlagi fyrri kafla greinarinnar: »og losast — — hjúaskildaga«, með því það, sem hér er sagt, er vitaskuld; einnig er sleppt orðinu »belli« í niðurlagi greinarinnar, þar eð löggjófin hefir ákveðið sérstaklega hegning fyrir þá yfirsjón.

#### Um 11.—13. grein.

Þessar greinir eru teknar eptir 10.—12. grein í frumvarpi nefndarinnar, með fáeinum orðabreytingum.



## II. Um húsmenn.

Eptir því, sem 1. grein er orðuð í þessum kafla í frumvarpi nefndarinnar, þá er sveitastjórninni í hverjum hrepp veitt ótakmarkað vald (þ. e. málinu verður eigi skotið undir úrskurð æðra yfirvalds), til að skera úr því, hvort þeir, sem ekki eru sveitlægir í hreppnum, megi setjast þar að sem húsmenn.

En það virðist með öllu ótílkæilegt að skipa málinu á þenna hátt; skal í því efni, auk þess að skírskota til þess, sem minni hluti nefndarinnar hefir tekið fram um það atriði, þess hér getið, að með því hrepparnir að öllum jafnaði eru mjög gjarnir á að bægja utanhreppsmönnum frá að setjast að í sveitinni, af ótta fyrir að þeir öðlist þar framfærslurætt, og verði svo hreppnum til þýngsla, ef þeir verða þurfandi, þá mundi leiða af slíkri ákvörðun, að það yrði svo að segja fyrirmunað þeim mönnum, sem hér er um að ræða og optastnær eru efnalítillir, að leita sér atvinnu á þann hátt, sem þeim veitir hægast að hafa ofanaf fyrir sér með, og yrði með því móti lagt miklu ríkara band á atvinnufrelsi manna, *en verið hefir*, jafnvel þó það hafi verið mjög bundið, þar sem þó er farið í gagnstæða átt í ákvörðunum um lausamenn. En þar sem sá hinn sami minni hluti nefndarinnar á hinn bóginn hefir stungið upp á, að skipa málinu á þann hátt, að sé hlutaðeigandi sveitlægur í öðrum hrepp en þeim, þar sem hann æskir að setjast að sem húsmaður, þá skuli fátækrastrjórnin í hinum fyr talda brepp, ráða því, hvort leyfið sé veitt eður eigi, þá verður eigi fallið á þá skoðun; því það er í augum uppi, að það einungis er fátækrastrjórnin á þeim stað, *þar sem hlutaðeigandi æskir að setjast að*, sem getur borið um, hvort það, þegar á allt er litið, sé til hagsmuna eður skaða fyrir sveitina, að leyfa honum að setjast þar að, og verður þá ekki að eins að taka til greina ástand og efnahag hlutaðeiganda, heldur og önnur atvik, einkum að ekki flykkist of margir húsmenn á einn stað eptir þeirri atvinnu, sem þar er að fá; sbr. reglug. 8. janúarm. 1834, 21. grein. En af þessu leiðir, að þó svo væri, að framfærsluhreppurinn tæki að sér að ábyrgjast, að ekki yrði sveitarþýngsli að húsmanni í þeim hrepp, þar sem hann sezt að, þá er þeim hrepp þó eigi ætíð hagur í því, að hann setist þar að, eins og það líka í sjálfu sér er óeðlilegt, að hinn fyr taldi hreppurinn geti með úrskurði sínum komið upp á annan hrepp manni, sem honum er óviðkomandi. Á hinn bóginn er það jafnóeðlilegt, að maður, sem í fleiri ár hefir dvalið í einni sveit, og átt þar með sig sjálf-

ur, geti ekki áunnið sér þar framfærslurétt, eður önnur venjuleg borgaraleg réttindi. Þess ber og að geta, að framfærsluhrepparnir nú þegar standa lakar að en áður, eptir að búið er með opnu bréfi 6. júlím. 1848 að lengja tímabil það, er að lögum þarf til, að ávinna sér framfærslurétt með veru sinni í einni sveit, frá 5 árum til 10 ára; og er það mjög vafasamt, hvort það ekki sé til skaða fyrir slíka hreppa, einkum upp til sveita, að þegar hörð ár bera að höndum, yrði allt í einu slengt á þá mörgum mönnum með hyski sínu, sem ef til vill í mörg ár hafa átt dvöl í öðrum sveitum, og eptir almennum reglum væri búnir að ávinna sér þar framfærslurétt, og nú ekki framar eiga nein viðskipti við hina fyrverandi sveit sína.

Að öðru leyti verður stjórnin að vera á því, að ekki eigi að fela sveitastjórnunum á hendur *beina leið að leggja úrskurði á þessi mál*, heldur eigi sýslumaður, eins og verið hefir, að skera úr því, hvort leyfið skuli veitt eður ekki, en þó svo, *ad hann ætíð skuli skyldur til, áður hann leggi úrskurd á málið, að fá skriflegt álit um það frá fátækra stjórninni á þeim stað, þar sem húsmadurinn ætlar að setjast að*, og að bæði hann og fátækra stjórnin eigi síðan kost á, að bera málið undir úrskurd æðra yfirvalds, ef annaðhvort þeirra er óánægt með úrslit þau, er málið hefir fengið hjá sýslumanni. Með þessu móti væri fátækra stjórnunum veitt veruleg hlutdeild í úrlausn þessara mála, sem þeim ekki er heimilað í lögum þeim, er nú gilda, sbr. reglug. 8. jan. 1834, 21. grein, og hefir þótt réttara að hafa við þessa aðferð, en að láta fátækra stjórnirnar skera úr því, hvort leyfið skuli veitt eða ekki, og það jafnvel þó svo sé ákveðið, sem sjálfsagt á að vera, að málinu megi skjóta til sýslumanns og amtmanns; því það má þó gjöra ráð fyrir, að sýslumaður muni skera úr málinu með minni hlutdrægni, en sú sveitarstjórn, sem beina leið er riðin við málið; svo má og ætla, að þó úrskurður sýslumanns gangi á móti sveitinni, þá muni henni eigi að síður optlega þykja ástæða til, að láta við svo búið standa. Þessa skoðun hafa og allir amtmennirnir fallizt á, og er fyrsti kafli 1. greinar í þessum flokki saminn þessu samkvæmt.

Þar sem enn fremur er ákveðið í 1. grein í frumvarpi nefndarinnar, að fyrirmæli þessarar greinar einnig skuli eiga við um þá lausamenn, er leyfislaust setjast að sem húsmenn, þá virðist sú ákvörðun koma í bága við 2. grein frumvarpsins; því eptir þeirri grein er það skilyrði fyrir því, að menn verði álitnir húsmenn, að þeir hafi heimili forstöðu að veita; en þar af leiðir, að þegar lausa-

maður, þ. e. maður, sem ekki hefir heimili, og að öðru leyti er í þeirri stöðu, að hann er skyldur að fara í vist, sezt að sem húsmaður, verður eigi að síður framvegis að álíta hann lausamann. Því næst virðist vera ósamkvæmni í því, að slíkur maður, með því að gjörast húsmaður, fái betri kjör (ef hann er sveitlægur í hreppnum) en aðrir lausamenn, og mundi síkt verða olandi þess, að menn brygði sér undan skyldu sinni að fara í vist; því það virðist eigi hafa verið tilgangur nefndarinnar, að hegningin eptir 9. grein frumvarpsins í kaflanum um lausamenn yrði lögð samað við hegninguna eptir 1. grein í kaflanum um húsmenn. Af þessum ástæðum hefir þeim kafla 1. greinar, sem að þessu lýtur, verið breytt á þessa leið:

„Sá, sem er skyldur að fara í vist, getur ekki, með því að setjast einhverstaðar að sem húsmaður, komizt hjá að sæta bóttum samkvæmt 10. og 11. grein í I. kafla þessarar tilskipunar.“

Þess vegna er og sleppt 2. grein í frumvarpi nefndarinnar. Enn fremur er sleppt þessum orðum úr 1. grein í frumvarpi nefndarinnar: „nema hann vinni leyfi sveitarstjórnarinnar til að ilengjast þar“; því það, sem með þessu er ákveðið, þótti vera vitaskuld.

Að endingu er niðurlagsákvörðun greinarinnar um þann húsráðanda, er tekur á heimili sitt húsmann, sem ekki hefir rætta heimild til húsmennsku, gjörð að sérstakri grein (2. grein) með orðabreytingum þeim, er þörf var á. Þess skal loks getið um 3. grein frumvarpsins, að hún er tekin með nokkrum orðabreytingum, er litlu skipta, eptir 3. grein í frumvarpi nefndarinnar.

### III. Almennar ákvarðanir.

#### Um 1. grein.

Það hefir lengi verið í áformi að útvega hreppstjórum á Íslandi nokkurt endurgjald fyrir hin mörgu og erfiðu störf þeirra, og með því nú að miklu leyti verður að fela þeim umsjón með, að breytt verði eptir lagaboði þessu, hefir þótt ástæða til að veita þeim hlutdeild í því gjaldi og þeim sektum, sem ber að greiða eptir tilskipun þessari, á þann hátt, að þeir fái helmínginn, en hinn helmíngurinn renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

#### Um 2. grein.

Sbr. niðurlagsákvörðunina í frumvarpi nefndarinnar.

(Fylgiskjal).

## F r u m v a r p

til

tilskipunar um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn.

### I. Um vinnuhjú.

#### § 1.

Hver sá maður, karl eða kona, sem er fullra 16 ára, má að lögum ráða sig hjú.

Vistarráðum þeirra, er yngri eru en 16 vetra, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

#### § 2.

Engi vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma, en til 12 mánaða í senn, þótt til fleiri ára hafi verið ráðin.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá 2 eða fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv.

#### § 3.

Einn skal skildagi vinnuhjúa vera á ári hverju, 14. dag maí-mánaðar. Samt skal í hëruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera 14. maí.

#### § 4.

Hafi húsbóndi ekki ráðið heima hjú sitt fyrir jól, nè hjúið fyrir þann tíma falast eptir, að mega vera kyrrt, og ráðizt heima, þá skal það svo meta, sem vistarráðunum sè sagt upp til hins næsta hjúaskildaga.

En hafi frá önderðu verið samið um vistarráð til fleiri ára, en eins, þá eru vistarráðin endurnýjuð um hið næsta vistarár, nema annaðhvort húsbóndi eða hjú segi lausri vistinni fyrir jól.

#### § 5.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni næstkomanda vistarár, áður en það er laust við vistarráðin eptir 4. gr., eða áður en það hefir sagt húsbónda sínum lausum vistarráðunum, þá skulu þau vistarráð ógild.

#### § 6.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi

meiru, en klyffjum á einn hest, og skal húsbóndi annast þennan flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra áskilið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins, eins og nú var sagt, en kemur þó áður vika sé liðin, þá skal hann greiða hjúinu matarverð fyrir hvern þann dag. Viti hann eigi hjúsins innan viku, þá er hjúíð laust við vistarráðin og skal hann greiða því  $\frac{1}{2}$  árs kaup, og matarverð fram að fardögum.

Nú vill hjúíð samt halda vistarráðunum upp á húsbóndann, þótt húsbóndi eigi hafi látið vitja þess, og flytur sig sjálft til hans, og hann tekur við því, þá skal hann greiða því flutningskostnað og matarverð fyrir þá daga, sem liðnir eru af vistartímanum, auk um samins kaups.

Vili húsbóndi ekki taka við hjúinu, og komi það ekki síðar en í fardögum, þá skal hann tvgreiða því ferðakostnaðinn, auk misseris-kaups og matarverðs til fardaga. En komi hjúíð eptir fardaga, þá skal hann að eins greiða því misseris-kaup og matarverð til fardaga.

#### § 7.

Húsbóndi hefir löglegar ástæður, til að ripta vistarráðum við hjú sitt, svo honum er hvorki skylt að láta vitja þess, né taka við því, hafi honum eigi verið þær ástæður kunnar, er það hjá honum ræðist:

1. Ef hjúíð er orðið uppvíst að þjófnaði eður öðrum svívirðilegum glæp.

2. Ef hjúíð hefir gjört sig bert að illmennsku við húsbændur sína, börn þeirra, eður að frekri ótrúmennsku við húsbónda sinn.

3. Ef hjúíð er haldið næmri eða viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina.

4. Ef ógipt vinnukona er vanfær.

5. Ef hjúíð, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir þau veikindi eða meiðsli, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu um næstu 8 vikur eða lengur.

6. Ef hjúíð hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum.

#### § 8.

Hverju hjú er skylt að fara þegar í vistina, þegar þess er vitjað eptir 6. gr.

Fari ekki hjú í vist sína, þegar þess er vitjað, þá skal það greiða húsbónda helmíng þess árs-kaups, sem um var samið, og

kostnaðinn fyrir sendiferðina, og skal húsbóndi ekki skyldur að taka við því síðar.

Nú bannar sjúkdómur hjúinu eða aðrar tálmanir, að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og þó eigi að sjálfs völdum, þá er húsbónda eigi skylt, að vitja þess aptur, heldur skal hjúíð kosta sjálft ferð sína í vistina, og leggja af stað jafnskjótt og það er ferðafært orðið, og er húsbónda skylt, að taka við því, ef það kemur fyrir fardaga, og ber hjúinu þá að eins kaup frá þeim tíma, er það kemur.

Nú leggur hjúíð eigi af stað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, þá skal það greiða húsbónda misseris-kaup, og endurgjalda honum kostnaðinn, er leiddi af að vitja þess.

Tálmist hjú svo, að það geti eigi komizt í vistina innan þess tíma, sem fyr var sagt, þá er húsbóndi og hjú laust hvort við annað, og er hjúum það útlátalaust.

### § 9.

Hafi hjú gefið húsbónda skýlausa vitneskju um það í tækan tíma, að hann þyrfti ekki að vitja þess, en það ætli þó upp á vistarráðin, og ætli að flytja sig sjálft í vistina, þá skal húsbónda skylt við því að taka, ef það kemur til hans fyrir fardaga, en kosta skal það sjálft þá ferð sína og missir fjórðung af kaupi sínu. En komi hjúíð samt sem áður ekki í fardögum, skal húsbónda eigi skylt við því að taka, og skal það sekt við húsbóndann um árskaupið allt.

### § 10.

Hafi hjú undirgengizt, að flytja sig ósókt í vistina, og sé eigi samið milli þess og húsbónda um ákveðinn tíma, er það skuli vera komið, þá skal hjúíð leggja af stað sjálfan hjúaskildagann, og fara tafarlaust fullum dagleiðum í vistina; nú frestar hjú að fara af stað, eða tefur á leiðinni, þá skal það greiða húsbónda verkalaun, 6 fiska karlmaður, en 3 fiska kona, fyrir hvern þann dag, er það tefur; — dragist ferð þess viku lengur fram yfir nauðsyn, skal húsbónda eigi skylt, að taka við hjúinu, en það greiði honum helming þess árskaups, sem um var samið.

Nú bannar sjúkdómur eða aðrar tálmanir hjúí að fara af stað á skildaganum, eða talmist það á leiðinni, og þó eigi að sjálfsvöldum, þá skal húsbónda skylt við því að taka, ef hjúíð ekki fatlast  $\frac{1}{2}$  mánuði lengur.

Komi hjúíð í ákveðinn tíma, eður hafi það ekki tálmazt, frek-

ar en nú var mælt, og vili húsbóndinn eigi taka við því að heldur, þá skal fara eptir 6. gr., síðasta atriði.

Ákvörðunin í 9. gr. getur eigi náð til þess hjús, er hefir undirgengizt, að flytja sig sjálfst í vistina, frekar en húsbónda og hjúi um semur.

§ 11.

Ef húsbóndi eða hjú án löglegra ástæðna riptir vistarráðum fyrir jól, varðar það fjórðungi kaupsins, er um var samið af hendi þess, er riptir; en sé það eptir jól, skal það hvervetna meta eptir 6. og 8. grein.

§ 12.

Hjúi er heimilt að ripta vistarráðum við húsbónda, ef hann, eptir það vistarráðin gjörðust, verður uppvis annaðhvort að því, að hann hafi misþyrmt eða svelt hjú sín, leitazt við að tæla þau til illverka eða hneyksianlegs athæfis, ellegar að einhverjum þeim glæp, að hjúið fyrir það má óttast, að það drepi niður mannorði sínu, ef það vildi honum þjóna.

§ 13.

Hafi húsbóndi ráðið sér bústað frá næstu fardögum í öðrum hrepp, en hann var áður, og ráðgjörði það ekki við hjúið, þá skal hjúinu eigi skylt að fara í vistina. Flyti húsbóndi búferlum af landi burt til Danmerkur eða annara landa, skal hann enn fremur skyldur að greiða því  $\frac{1}{2}$  árskaup og matarverð fram til fardaga.

§ 14.

Deyi húsbóndi fyrir hjúaskildaga, en ekkja hans eða barn haldi áfram búnaðinum, þá má hjúið eigi ripta vistarráðunum fyrir þá skuld. Sé búnaðinum haldið áfram af öðrum, þarf hjúið ekki að fara í vistina, en á þá enga heimtingu á kaup. Sé búnaði þeim brugðið, á hjúið heimtingu á missiriskaupi og matarverði fram til fardaga.

§ 15.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju, og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimtingu á, að það taki nægileg fót í kaup sitt, þótt

hjúið hafi áskilið sér það í öðru, og skal það skerða alla aura jafnt, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aorum.

Rétt goldnir eru hjúi í kaup: peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistarráðið er á enda.

Í þrotabúi húsbónda hefir hjúið forgöngurétt til síðasta 12 mánaða kaups, næst löglegum veðskuldum.

#### § 16.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað og skæðaskinn og annað, eptir því, sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups.

#### § 17.

Eigi má húsbóndi eptirláta eða afsala öðrum vistarráðin yfir hjúi sínu, nema það samþykki.

#### § 18.

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eða ráðsmaður hans, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem ekki eru ósamboðin stöðu þess, þegar þörf krefur, og ekki er öðrum á að skipa.

#### § 19.

Ekki má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

#### § 20.

Ekki má hjú fara á aðra bæi, nè burt frá heimilinu, nema húsbóndi leyfi, eða húsbóndans þarfir krefi.

#### § 21.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eða skemmdir, er það veldur honum, visvitandi eða með skeytingarleysi, eða af



Því það eigi kann til verka þeirra, er það læzt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvern annan skaða, er húsbóndi bíður fyrir tregðu hjúsins eða óhlýðni, og má húsbóndi halda jafnmiklu inni af kaupinu, sem skaðabótunum svarar.

§ 22.

Sýni hjúið húsbónda sínum eða ráðsmanni hans óhlýðni, þrjózku eða mótþróa, eða sè við hann hortugt eða ósvífið í orðum eða verkum, þá skal hjúið sekt um 1—10 rd., nema það baki sèr þýngri hegningu eptir öðrum lögum.

§ 23.

Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir yfirsjónir þess í orðum eða verkum, en ekki má hann misþyrma hjúinu, eða refsa svo, að það bíði meiðsli af.

Refsi húsbóndi hjúinu fyrir engar sakir, eða misþyrmi því, eða meiði freklega mannorð þess, skal meta það sem við vanda-lausan væri gjört.

§ 24.

Ef húsbóndi refsar hjúinu fyrir óhlýðni, þrjózku eða mótþróa, þá má hann ekki, að því búnu, kæra hjúið fyrir þær yfirsjónir til sekta.

§ 25.

Bíði hjú meiðsli eða veikindi af völdum húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá, að því var um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af hverjum öðrum orsökum, er húsbónda verður gefið sök á, þá skal hann kosta lækningu hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þýngri hegningu eptir öðrum lögum.

§ 26.

En sýkist hjú eður meiðist að sjálfsvöldum, skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun, og eigi á það heimtingu á kaupri fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

§ 27.

Veikist hjú eða meiðist af öðrum atvikum, en nú voru talin, þá skal það sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækningu þess og sérstaklegri hjúkrun; skal húsbónda skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki  $\frac{1}{2}$  mánuði lengri um slátt eða vertíð, eða mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal það einskis í missa af kaupri

sínu; en fatlízit hjú lengur frá verkum, en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er veikt. Deyi hjúíð, hafa erfingjar þess aldrei heimtingu til meira kaups eptir það, en það var búíð að vinna fyrir, áður en það varð ófært til verka.

§ 28.

Fari hjú sakir veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónða, þá hverfur ekki fyrir það skylda hans, að annast hjúíð, samkvæmt því sem sagt er hér að framan, heldur ber honum að endurgjalda þau þýngsli, er aðrir hafa þá af hjúinu.

§ 29.

Hafi hjú ráðið sig heima, en veikist þar eptir, þá má húsbónði rípta vistarráðum því að eins, ef veikindin eða meiðslin eru að völdum sjálfs hjúsins og sömuleiðis, ef svo stendur á sem segir í 27. gr., og húsbónði samkvæmt 7. gr. hefir gilda ástæðu til að rípta vistarráðum.

§ 30.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema lækur eða sóknarprestur, eða 2 aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álíti, að hjúinu sé ekkert mein þar af búíð, né öðrum, ef sýkin er sótt næm.

Flyti húsbónði samt hjúíð burt, skal hann sæta sektum eða hegningu eptir 25. gr., og standast að auki allan kostnað af lækningu og hjúkrun sjúkluðsins.

§ 31.

Þegar hjú, sem veikist eður bíður meiðsli, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir serslaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal endurgjalda kostnað þann húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúíð er í vist; og skal það vera lán, er hjúinu ber að endurgjalda, jafnskjótt og það verður fært um.

Deyi hjú í vist, skal húsbónði annast greptrun þess, ef erfingjar eigi gjöra það, en fá aptur kostnaðinn endurgoldinn af eignum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum í hreppnum, þar sem hjúíð var í vist.

§ 32.

Sè hjú sett í varðhald eða fangelsi, og eigi að völdum húsbónða, en húsbónði hefir þó eigi rekið það úr vistinni, samkvæmt 33. gr., þá skerðist kaup þess um jafnmikið, og varðhaldstímanum nemur.

§ 33.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúíð verður uppvíst að þjófnaði eða öðrum svivirðulegum glæp.

2. Ef hjúíð leggur með ofríki hendur á húsbóndann, eða aðra vandamenn hans á heimilinu, eður og ráðsmann hans.

3. Ef hjúíð sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eða stöðugt skeytingarleysi eða ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.

4. Ef hjúíð tælir börn á heimilinu til illverka eða lauslætis, eða ef þeim er augsýnileg hættu búin af skeytingarleysi þess eða illri meðferð.

5. Ef hjúíð af einberri varmennsku skemmir eigur húsbóndans eða misþyrmir skepnum þeim, er hann hefir undir hendi.

6. Ef hjúíð sýnir af sér framúrkeyrandi eða ítrekað skeytingarleysi í meðferð á ljósum, eldi eða öðrum voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.

7. Ef hjúíð eigi kann til verka þeirra, er það læzt kunna, er það ræðst í vistina.

8. Ef hjúíð hefir komið með viðbjóðslegan eða næman sjúkdóm í vistina, eða fær hann í vistinni af illum lifnaði sínum.

9. Ef ógipt vinnukona er ólétt, þegar hún kemur í vistina, en kemst ekki upp fyrir en seinna, og það reynist, að hún eigi getur gengið til sumarvinnu.

10. Ef hjúíð er aptur og aptur svo drukkuð, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.

11. Ef hjúíð með illlyndi eða rógi raskar reglu og friði á heimilinu, og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.

12. Ef hjúíð hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum.

13. Ef hjúíð rægir saman húsbóndann við sambýlismenn hans eða nágranna.

Húsbóndi missir réttar síns til að reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú voru taldar, ef hann ekki rekur hjúíð úr vistinni innan viku frá því það varð vistrækt; en brjóti hjú á ný, ber húsbónda aptur sami réttur.

## § 34.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 33. gr., þá á það að eins heimtingu á kaupum fyrir þann tíma, er það hefir í vistinni dvalið. Þótt hjú sé rekið úr vist, fellur ekki þar fyrir niður hegning sú, eða skaðabætur þær, er það með broti sínu kann að hafa bakað sér, annaðhvort eptir þessum lögum eða öðrum.

## § 35.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga burt úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi gjörir sig beran að því, að vilja tæla hjúnið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt hjúnið beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúnið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eða ber því á brún glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúnið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eða heilsu hjúsins er hættu búin af veru þess á heimilinu, og húsbóndi geti að gjört.
7. Ef húsbóndi fer af landi burt til Danmerkur eða annara landa.

## § 36.

Ef hjú fer úr vist fyrir þær sakir, sem teknar eru fram í 35. gr., 1., 2., 3., 6. og 7. atr., þá á það heimtingu á fullu árkaupi til hins næsta vinnuhjúaskildaga; fari hjúnið eptir miðjan heyannamánuð, þá skal húsbóndi gjalda því að auki matarverð til 8 vikna; en fari hjú eptir veturnatur, þá matarverð til 3 mánaða, en þó aldrei fyrir lengri tíma heldur en til næsta hjúaskildaga, ef vistarráðin voru þá á enda.

Hafi hjú ráðið sig heima fyrir hið næstkomandi hjúáár, en fari burt úr vistinni eptir jól, af fyr tæðum sökum, þá skal húsbóndi greiða því misseris-kaup, auk árs-kaupsins, sem yfirstendur, og matarverð til fardaga.

En fari hjúnið úr vistinni fyrir þær sakir, sem getið er í 4. og 5. atr. 35. greinar, þá ber því að eins kaup fyrir þann tímann, sem þá er liðinn af vistarráðunum, en ekkert matarverð.

Eigi er húsbóndi fyrir útlát sín við hjúnið eptir þessari grein,

og þótt hjúíð fari úr vistinni, laus við hegningu þá eða skaðabætur, er hann með breytni sinni gegn hjúinu kann að hafa bakað sér.

§ 37.

Reki húsbóndi hjú úr vist án löglegra ástæðna, þá á hjúíð sömu heimtingu til kaups og matarverðs, sem því er áskilin í 36. gr., er það gengur úr vistinni fyrir þær sakir, er nefndar eru í 35. gr., tölul. 1—3. og 6—7. En hafi hjú verið ráðið heima, og húsbóndi reki það burtu eftir jól, án löglegra orsaka, þá greiði hann því missiris-kaup að auk og matarverð til fardaga.

§ 38.

Ef hjú hleypur burt úr vistinni án löglegra saka, skal það hafa fyrirgjört öllu kaupi sínu á því vistarári, og sé það vinnu- maður, skal hann greiða húsbónda að auk 10 álnir fyrir hvern þann mánuð, sem eftir er af vistarárinu, en vinnukona 5 álnir.

Hafi hjúíð hlaupið úr vistinni eftir jól, en verið ráðið heima, skal það enn fremur greiða húsbónda misseris-kaup.

§ 39.

Hvervetna, er lúka skal matarverði eftir lögum þessum, skal greiða karlmanni 3 fiska fyrir dag hvern, en kvennmanni 2 fiska, og er rétt goldið í peningum eftir verðlagsskrár meðalverði, í matvöru eða öðrum góðum gjaldeyri.

Það, sem fardagar eru nefndir í þessum lögum, þá er það fimmtudagur sá, er 6 vikur eru af sumri.

Ákvarðanir þær í þessari tilskipun, sem miðaðar eru við fardaga, eiga að eins við í þeim sveitum, þar sem hjúaskildaginn er 14. maí; þar sem hjúaskildagi er annar, skal við hafa jafnlangan tíma og er frá 14. maí til fardaga.

§ 40.

Í hverjum hreppi skal vera nefnd 3 manna, búsettra valin- kunnra bænda, og skulu eiga undir þá nefnd öll þau mál, er á- hræra réttindi og skyldur húsbænda og hjúa eftir þessari tilskipun.

Sýslumaður kveður menn í nefndina, með ráði sóknarprest, og ákveður, hver vera skuli oddviti hennar. Engi bóndi má skorast undan þessari kosningu, ef hann er yngri en sextugur, og er hver skyldur að hafa þann starfa á hendi í 6 ár; má þó kjósa sama mann aptur, ef hann ekki færast undan því; en skyldur skal hann að taka á móti nýrri kosningu, þegar 6 ár eru liðin frá því hann var áður í nefndinni.

Þykist einhver nefndarmaður hafa gildar ástæður til að skorast

undan kosningu eða leggja niður nefndarstarfa sinn, skal sýslumaður meta það. Skerðist mannorð nokkurs nefndarmanns, eða komist hann á sveit, skal sýslumaður vikja honum úr nefndinni.

Eigi einhver nefndarmaður sjálfur í máli, er liggur undir hjúamála-nefndina, eða foreldrar hans, afkvæmi eða systkyni, eða jafn nátengdir, þá vikur hann úr nefndinni í því máli, en sýslumaður kveður annan í hans stað.

Þessar hjúamála-nefndir skulu eigi vera í Reykjavík, eða öðrum þeim kaupstöðum, er kynni að verða að lögsagnar-umdæmi sér, nè heldur á Vestmannaeyjum.

#### § 41.

Hjúamála-nefndin skal eiga með sér 3 reglulega fundi á ári, laugardaginn í 6. viku sumars, laugardaginn í 6. viku vetrar og laugardaginn fyrstan í einmánuði. Þessir fundir skulu haldnir á þingstaðnum í hreppnum eða öðrum fyrirfram auglýstum stað.

Hjúamála-nefndin skal hafa gjörðabók, löggilta af sýslumanni; bókina kostar sveitarsjóðurinn.

Oddviti nefndarinnar stýrir fundum, og bókar allt, sem fram fer.

#### § 42.

Í hið fyrsta sinn, sem nefndarmaður tekur sæti í hjúamála-nefndinni, skal hann rita í gjörðabók nefndarinnar, og nafn sitt þar undir, svo látandi eið:

Eg N. N, sem er kvaddur í hjúamalanefndina, hær í N. N. hreppi, sver það heiti, að eg skuli, af fremsta megni og eptir beztu samvizku, gegna þeirri köllun, er lög leggja mér, sem hjúamalanefndarmanni, á herðar.

Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð!

Þenna eið skal einnig sá rita í bókina, sem settur er í einstöku máli, i stað einhvers nefndarmanns (40. gr.).

#### § 43.

Mál milli húsbænda og hjúa eiga ekki undir hjúamalanefndina, sè málið ekki kært fyrir nefndinni, áður en húsbóndi og hjú sè komin sitt í hvora sveit, nema því að eins, að vistarráðunum sè ólöglega slitið, því þá skal kæra málið fyrir hjúamalanefndinni í þeim hrepp, þar sem vistarráðin stóðu.

#### § 44.

Sá, sem hefir mál að kæra fyrir hjúamalanefndinni, má kjósa hvort heldur vill, að stefna málinu til einhvers af hinum reglulegu fundum nefndarinnar (§ 41) eða til aukafundar, er oddviti nefndar-

innar ákveður; kjósi kærandi heldur þetta, þá skal hann bera mál sitt upp, annaðhvort skriflega eða munnlega, fyrir oddvita, en hann gefur þá út kæruskjal til ákveðins staðar og tíma; skal oddviti fá kærandanum kæruskjalið, en hann skal sjá um, að það sé birt, með stefnuvottum, hinum kærða með 4 daga fresti; kjósi kærandi hið fyrra, er honum heimilt að gefa sjálfur út kæruskjalið.

§ 45.

Á fundinn skulu báðir málspartar koma með gögn sín og skilríki, að því leyti þeim er auðið, þau er þeir vilja byggja á rétt sinn; skal hjúamálanefndin þá leita um sættir milli málspartanna, og skal sú sáttatilraun vera að lokuðum dyrum. Komist á sætt, skal bóka hana, og eiga hvorirtveggja málspartarnir og hjúamálanefndin að rita nöfn sín þar undir. Hjúamálanefndin skal þar næst gefa hverjum málspartanna, sem óskar þess, útskrift af niðurlagi sáttarinnar, undir hendi sinni og innsigli. Þvílíkri sætt skal mega fullnægja með fjárnámi sem fullnaðardómi.

Komist ekki sætt á, skal málspörtunum heimilt, ef þeir koma sér saman um það, að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og skal hún þá, innan 3 sólarhringa, kveða upp á rökum byggða gjörð í málinu eptir gögnum og skilríkjum; skal sá úrskurður hafa sama gildi, sem lögleg sætt fyrir nefndinni; skal bóka hana, eins og fyr segir, og skal nefndin láta birta hana fyrir málspörtunum, ef þeir eigi hafa frá fallið birtingu.

Komi fram atriði fyrir nefndinni frá annarshvora málspartanna hálfu, er eigi hafa verið fólgin í kæruskjalinu, og komist á sætt eða gjörð, skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að sættin eða gjörðin, ef annarhvor málspartanna krefst þess, nái einnig yfir þau atriði.

Komist hvorki sætt á, nè málið sé lagt í gjörð, skal rita það í bókina, og útgefa vottorð þar um, og að málinu sé vísað til lands laga og réttar.

§ 46.

Málspörtunum ber að mæta sjálfum fyrir hjúamálanefndinni. Sá, sem ekki mætir að forfallalausum, skal, ef málið fer í dóm, dæmst til að greiða málskostnaðinn, og í sekt fyrir óþarfaprætu 1—5 rd., án tillits til úrslita málsins.

§ 47.

Mæti kærandinn, en hinn kærði ekki, skal gefa kærandanum vottorð þar um, og að málinu sé vísað til lands laga og réttar, og ber að dæma hinn ákærða í útlát þau, sem talin eru í 46. gr., geti

hann eigi sannað lögleg forföll, er hafi hamlað honum frá að mæta á fundinum.

§ 48.

Meðan ekki hefir verið reynd sætt af hjúamálanefndinni í þeim málum, er undir hana heyra, eða kærandinn ekki hefir gætt þess, sem honum ber, til þess að slík sáttatilaun sé gjörð, getur málið eigi orðið tekið fyrir við réttinn til dómsúrslita, heldur skal þá dómarrinn í embættisnafni frá vísa málinu.

§ 49.

Þegar búið er að vísa málinu til lands laga og réttar, og vili kærandinn halda málinu til dóms, þá skal hjúamálanefndin, ef kær- andinn beiðist þess á fundinum, semja greinilega skýrslu um kröf- ur málspartanna og málavexti, og senda hana sýslumanni ásamt kæruskjalinu, vottorðinu um, að málinu sé vísað til lands laga og réttar, og öðrum skýrteinum, er snerta málið, og skal þá sýslu- maður eptir þessum gögnum og skilríkjum kveða upp dóm í mál- inu fyrir rétti, innan hálfis mánaðar frá því, að skýrslan er til hans komin, án dómsstefnu og án þess málspartarnir mæli fyrir rétti, og má hann kveða upp dóm þann á heimili sínu, eða hvar sem vill, í sýslunni, án þess málspartarnir hafi kostnað af ferð hans. Álíti sýslumaður að málið sé ekki nægilega upplýst í hinum veru- legu atriðum, skal hann bréflaga krefjast frá hjúamálanefndinni ítar- legri skýrslu og álits um þau atriði, sem þurfa skýringar, áður en hann leggur dóm á málið.

Þessa máls meðferð má kærandinn einnig við hafa, þótt hinn kærði ekki mæti fyrir hjúamálanefndinni.

Hinn kærði skal eiga kost á að skora á kærandann fyrir hjúa- málanefndinni, að málið verði lagt undir dóm á þann hátt, sem hér segir, og hafni þá kærandinn því, skal hinum kærða aldrei gjör- ast að greiða meira en  $\frac{1}{4}$  málskostnaðarins, fari málið í dóm, enda þótt ástæður yrði fyrir því, að dæma hann í málskostnað.

Kjóni kærandinn heldur, að stefna málinu á venjulegann hátt með dómstefnu fyrir lögreglurètt, skal þó eigi fram fara ný sáttatilaun fyrir réttinum, og getur ekki heldur kærandi í þessum málum lagt málið að auki undir hina reglulegu sáttanefnd á þann hátt, sem segir í tilsk. 15. ágúst 1832 § 3.

§ 50.

Að öðru leyti skal í málum þeim, sem kærð eru fyrir hjúa- málanefndinni, hvað snertir sáttatilaunina þar, fara eptir ákvörð-



unum þeim og reglum, sem eiga við um sáttatilaunir í málum, er kærð eru fyrir hinum reglulegu sáttanefndum.

§ 51.

Kostnaðurinn í málum, sem kærð eru fyrir hjúamálanefnd, er hinn sami sem í málum, er fyrir sættanefnd ganga. En sè málið lagt í gjörð nefndarinnar, eða ef nefndin eptir beiðni málspartanna býr málið undir dóm sýslumanns, á þann hátt sem segir í § 49, þá ber henni enn fremur 1 rd., og skulu málspartarnir, ef eigi verður öðruvísi um samið, greiða sinn hálfra dalinn hvor af því gjaldi.

Sè málið ekki kært til hinna almennu funda (41. gr.), skal greiða nefndarmönnum ferðakostnað eptir aukatekju-reglugjörð 10. sept. 1830 § 63; þenna kostnað skal kærandi ætíð leggja fram, og skal hinum kærða aldrei gjörast að endurgjalda meira en helming þess kostnaðar, þó málið gangi á hann.

---

## II. Um lausamenn.

§ 1.

Hverjum manni, sem er af ómagaskeiði, og eigi hefir heimilis forstöðu á hendi, hvort heldur er karl eða kona, er skylt að vera í vist, annaðhvort hjá foreldrum, forráðamönnum eða vandalausum.

Skylda þessi nær eigi til þeirra, er til mennta eru settir, eða til að læra verzlun eða einhverja þá iðn, er eigi verður numin, nema fyrir læringu svo árum skipti, nè heldur til þeirra, sem fullnuma eru orðnir í þeim lærdómi eða iðn; sama er og um ekkjur þeirra manna.

§ 2.

Frá skyldunni að vera í vist, samkvæmt 1. gr., getur leyst sig hver maður, sem er 25 ára að aldri, ef hann leysir leyfisbréf hjá lögreglustjóranum til þess að vera laus eða sjálfs sín maður, karlmaður fyrir 1 hndr. á landsvísu, í peningum eptir verðlagsskrár meðalverði, en kona fyrir  $\frac{1}{2}$  hndr. Gjald þetta gengur í þann sveitarsjóð, þar sem lausamaður tekur aðsetur.

Leyfisbréf þetta skal skylt að leysa, hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eða öllu leyti.

Ýngri mönnum en 25 ára skal veita slík leyfisbréf, ef það eru:

1. Ekkjumenn og ekkjur.

2. Börn þeirra embættismanna, er konungur hefir sett eða stiptsyfirvöldin á Íslandi, kaupmanna og verzlunarstjóra hið sama.

3. Þeir menn, er eiga fasteignir eða fè á leigu, er gefur 1 hndr. á landsvísu í ársarð; sè leigan í peningum, skal hana reikna til landsvísu eptir verðlagsskrár meðalverði.

§ 3.

Borgunariaust eiga kost á að fá leyfisbréf til lausamennsku þeir, sem hér segir:

1. Þeir, sem sakir heilsuleysis eða ellihrörleika eigi eru vist-gengir; en það skulu þeir sanna með skýlausum vottorðum.

2. Bændur, er búi bregða, sem búið hafa í 15 ár og goldið hafa árlega til allra stætta, og ekkjur eptir þá menn hið sama.

3. Þeir, sem staðið hafa í vinnuhjúastètt í 20 ár, og fengið jafnan góða vitnisburði.

4. Þeir menn, er eiga þær fasteignir eður arðberanda fè, að þeir hafi 5 hndr. á landsvísu í árlegan ágóða, og má þeim veita leyfið, þó yngri sè en 25 ára.

§ 4.

Fyrir hvert lausamenskubréf skal greiða lögreglustjóranum 1 rd., nema fyrir leyfisbréf þau, sem veitt eru samkvæmt 3. gr. nr. 1., er veita skal ókeypis.

§ 5.

Hver sá maður, sem leyst hefir lausamenskuleyfi, nema þeir, sem nefndir eru í 3. gr., nr. 1., skal greiða árlega, auk opinberra gjalda, er honum ber að lúka eptir stöðu sinni og tiundarbærum fjárstofni, til konúngs, kirkju, prests og þurfamanna, 6 ál. til hvers. Svo skulu og allir lausir karlmenn taka þátt í almennum skyldu-verkum í sveit sinni jafnt bændum.

Standi lausamaður eigi í skilum með einhver þau gjöld eða skylduverk, er á honum hvíla, eptir því sem nú var sagt, um 2 ár í senn, eða ef reka verður að fjárnámi í 2 ár, hvort eptir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört lausamenskurétti sínum, og má honum eigi veita lausamenskuleyfi um hin næstu 5 ár; en að þeim liðnum má hann leysa leyfisbréf að nýju.

§ 6.

Taki lausamaður, er leyst hefir leyfisbréf, aðsetur í öðru lög-sagnarumdæmi, skal hann leysa þar nýtt leyfisbréf, vili hann vera þar lausamaður. Sama er og, ef lausamaður leggur niður leyfi sitt

um eitt ár eða lengur, en vill gjörast lausamaður að nýju, en þótt hann fari ekki í annað lögsagnarumdæmi.

§ 7.

Sè maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga, og eigi sèr enga aðra löglega atvinnu vísa, og leiti hreppstjóra um að útvega sèr vist, þá skal hreppstjóra skylt að vera í ráðum með honum, og reyna að útvega honum vist.

Sè maður óvistráðinn um manntalsþing, og leiti sýslumanns um að útvega sèr vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum sýslunnar.

Hvort heldur það er hreppstjóri eða sýslumaður, er útvegar manni vist á þann hátt, er nú var sagt, þá skal hann skyldur að fara í þá vist, ef hún er svarleg.

Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi viðstaddur, skal hreppstjóri eða sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara.

Nú hefir engi boðið sig fram, til að taka hinn óráðna mann, og verður honum þá eigi gefið að sök, þótt hann sè laus til næsta hjúaskildaga; en skyldur skal hann vera að ganga í hverja þá svarlega vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, og sæta ella sektum frá 1—10 rd. eptir atvikum.

Vili hinn óráðni maður í enga af þeim vistum ganga, er honum hefir gefizt kostur á eptir áður sögðu, eður hafi hann enga vist getað fengið, en hefir sig algjörlega undan hlýðni við lögreglustjóra eða hreppstjóra, um að gefa sig að vinnu þeirri, er honum er vísað á, verður hann sekur í ólöglegri lausamennsku.

Nú er hann enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, skal þá fara sem fyr segir.

§ 8.

Vistráðið hjú, sem eigi er vitjað á hjúaskildaga, eður sem fer úr vist sinni, eður er rekið úr henni, áður vistarráðin eru á enda, verður eigi sekt í ólöglegri lausamennsku, þótt það eigi útvegi sèr vist til næsta hjúaskildaga; en skylt skal því að ganga að svarlegri vinnu þeirri, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri útvegar, að við lögðum sömu sektum, sem segir í 7. gr.

§ 9.

Hver, sem reynist sekur í heimildarlausri lausamennsku, og verði þó eigi 10. gr., sbr. 3. gr., heimfærð til hans, skal sæta frá 10—30 rd. sektum, og greiða að auki í sveitarsjóð jafnmikið, og

lúka á fyrir lausamenskubréf eptir 2. gr. og losast hann ekki fyrir það við, að leysa lausamenskubréf, ef hann vill fá að vera laus frá næsta hjúaskildaga.

Þýngja skal það jafnan lausamennsku-sektina, ef beitt er brögð-um eða röngum fyrirburði um vistarráð, sem ekki eiga sér stað, eða lausamenskubrotið er ítrekað, eða hann gjörir sig jafnframt sekan í flakki eða betli.

#### § 10.

Verði einhver sá sekur í heimildarlausri lausamennsku, er bar að leysa leyfisbréf eptir 3. gr., skal hann sæta sektum frá 2—5 rd.

#### § 11.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að ólögleg lausamennska eigi sér ekki stað, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi spyrja eptir, hvort þar sé ólöglegir lausamenn í þinghánni.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að lausamenn, sem hafa leyfisbréf, hafi fast heimili og flakki eigi; verði þeir lausamenn sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin strax útvega þeim samastað.

#### § 12.

Hver sá, er hylmar með ólöglegum lausamanni, skal eptir mála-vöxtum sæta helmíngi eða allt að 2 pörtum þeirrar sektar, sem ákveðin er í 9. og 10. gr.

Hver sá húsráðandi, er hýsir ólöglegan lausamann 3 náttum lengur að nauðsynjalausu, skal sektast um 1—5 rd.

### III. Um húsmenn.

#### § 1.

Sveitarstjórnirnar í hverjum hreppi, í Reykjavík fátækranefndin, skulu framvegis ráða því, hverir utansveitar- eða innsveitismenn megi taka þar aðsetur í tómthúsmennsku eða grashúsmennsku. Úrskurði sveitarstjórnarinnar í þessum málum má ekki áfryja til æðri úr-lausnar, nema ef þeim er synjað um húsmenskuleyfi, sem er þar sveitlægur. Setist nokkur að í húsmennsku, án leyfis sveitarstjórn-ar, þá skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann eigi með þeirri veru sinni í hreppnum áunnið sér þar sveitarframsfæri. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til

næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur, nema hann vinni leyfi sveitarstjórnarinnar til að ilengjast þar.

Þessar ákvarðanir eiga eins heima um lausamann, ef hann sezt að leyfislaust í húsmennsku.

Hver sá húsráðandi, er tekur þann húsmann á heimili sitt, sem eigi hefir aðsetursleyfi frá sveitarstjórninni, skal greiða 2—8 rd. sekt, og þurfi húsmáðurinn framfærisstyrks við, skal það til næstu fardaga lenda á húsráðanda, án endurgjalds frá hreppi þeim, þar sem húsmáðurinn á sveit.

#### § 2.

Sá er húsmáður, en ekki lausamaður, sem á heimili forstöðu að veita.

#### § 3.

Ákvarðanirnar í 1. gr. um grashúsmenn skulu einnig ná til þeirra, er ekki hafa stærri jarðarpart til ábúðar en 1 hndr.

### IV. Almenn ákvörðun.

Mál, sem rísa út af ákvörðunum í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti I., § 30, svo og gegn II. og III. skulu sæta opinberri ákæru; en að öðru leyti skal höfða öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, sem einstakleg mál.

Samkvæmt konungsúrskurði 9. maímánaðar 1855 fól konungsfulltrúi á alþingi, Melsteð amtmaður, oss, er höfum ritað nöfn vor undir bréf þetta og skipaðir vorum í nefnd hið sama ár, til að endurskoða jarðamatíð á Íslandi, þann starfa á hendur með bréfi 11. ágústm. að við skyldum semja frumvarp til vinnuhjúalaga fyrir Ísland, svo framarlega sem vèr fengjum tíma til þess fyrir störfum vorum að jarðamatsmálinu.

Þess skal getið, að störf þau, er nefndinni voru falin á hendur við jarðamatsmálið, voru mjög yfirgrípsmikil, og var þeim eigi lokið fyrri en vorið 1857; tveir af nefndarmönnum voru og það sumar á alþingi; en þetta olli því, að vèr ekki gátum byrjað að semja lagafrumvarp það, sem að ofan er getið, fyrri en um haustið 1857; seinna hafa ýms atvik tafið fyrir því, að vèr yrðum full-

búnir með starfa þenna, er í sjálfu sér er mjög vandasamur. En nú sendum vör með bréfi þessu frumvarp, er vör höfum samið, til tilskipunar um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn, og skulum vör nú gjöra við það nokkrar athugasemdir :

Eftir því sem segir í bréfi dómsmálastjórnarinnar 9. júnímánaðar 1855, er tilkynnti konungsfulltrúa á alþingi, Melsteð amt-  
manni, konungsúrskurðinn 9. maímánaðar s. á., þá átti nefndin að eins að semja ný vinnuhjálög fyrir Ísland; en á hinn bóginn er aðgætaandi, að konungsúrskurður þessi, eins og sjá má af bréfi dómsmálastjórnarinnar, er orðinn til út af þegnlegri bænarskrá alþingis 1853, um að stjórnin leggi fyrir þingið frumvarp til nýrrar tilskipunar um innbyrðis skyldur og réttindi húsbænda og hjúa, um þurrabúðarmenn og lausamenn, og tók alþingi það fram í þessu efni, að því þætti það mjög mikils um varðandi, að hæfilegar ákvarðanir um húsmenn eður þurrabúðarmenn og lausamenn yrði gjörðar, jafnframt hinu nýja lagaboði, um innbyrðis skyldur og réttindi húsbænda og hjúa, annaðhvort sér í lagi eður þannig, að laga-  
boð þetta verði látið ná yfir áminnsta flokka; hélt þingið að þetta síðara væri ákjósanlegra. Nefndin hefir eigi heldur getað betur séð, en að íslensk vinnuhjálög, eftir hugmynd sinni, verði að byggja á ákvörðun um heimild til lausamennsku, því reglurnar um þessa heimild snerta það atriði, hve langt skyldan til að fara í fasta vist eigi að ná, en um þetta atriði virðast eiga að vera ákvarðanir í vinnuhjúatilskipun, eins og er í hjúalögunum dönsku 10 maímánaðar 1854, 8 gr.; enn fremur standa lausamenn og húsmenn hvorir öðrum svo jafnhliða, að það virðist vera hagfellt, að ákvarðanir um báða þessa flokka sé gjörðar í einu lagi. Það er og kunnugt, að hinn mikli vinnuhjúaskortur, sem hér á sér stað, og það sem þar af leiðir, að svo litil keppni er um að komast í vist, sem hlýtur að gjöra húsbóndann fremur háðan hjúum sínum, er eitt af því, sem er því mest til fyrirstöðu, að hjúamálum hér á landi verði skipað á haganlegan hátt; en þessi skortur á vinnuhjúum virðist einkanlega koma af því, að svo hægt er að verða sjálfs sín og setja bú, og með því það, hvort að nokkru leyti yrði ráðin bót á þessu, einkanlega er komið undir því, hvort gjörðar verði hagkvæmar ákvarðanir um heimild til lausamennsku og húsmennsku, er hjúa-  
skortur mundi vaxa enn meir, ef mönnum yrði gjört léttara fyrir að komast í slíka stöðu, þá virðast einnig í þessu tilliti yfirgnæf-

andi ástæður mæla með því, að ákvarðanirnar um þessa flokka se látnar vera í sambandi við hin eiginlegu vinnuhjálög.

Samkvæmt þessu hefir því nefndin ekki einungis samið frumvarp til eiginlegra vinnuhjálaga, heldur álitid að hún ætti einnig að semja ákvarðanir um lausamenn og húsmenn, og höfum vér helzt ætlazt svo til, að þessar ákvarðanir yrði kaflar í tilskipun um vinnuhjú, lausamenn og húsmenn; en eigi að síður höfum vér búid til fyrirsögn fyrir hverjum kafla fyrir sig, og skipt þeim í greinir, ef svo kynni fara, að heldur yrði kosið að láta út koma 2 eður 3 sérstakar tilskipanir um þetta efni.

Eins og hinni háu dómsmálastjórn er kunnugt, bar Bjarni Thórensens, amtmáður yfir Norður- og Austurumdæminu, upp frumvarp, er hann hafði samið, til tilskipunar um húsmenn, lausamenn og vinnuhjú á Íslandi, á embættismannafundi þeim, er haldinn var í Reykjavík árið 1839, samkvæmt konungsúrskurði 22. ágústmánaðar 1838; frumvarp þetta varð eigi fullrætt á fundinum, en þó var leitað um það álits hjá ýmsum af embættismönnum landsins og öðrum, er skyn báru á málið. Nefndin fékk nú eptirrit af frumvarpi þessu hjá Þórði Sveinbjarnarsyni, konferenzráði, sem seinna er látinn; hafði hann verið í nefnd þeirri, er embættismannafundvinn setti í málinu; síðan höfum vér og fengið til hliðsjónar frá Havstein, amtmanni yfir Norður- og Asturumdæminu, álitsskjöl þau, er nefndin hafði útvegað og fyr er getið; hefir Havstein, amtmáður, haft skjöl þessi í sínum vörzlum eptir dauða Thórensens amtmanns.

Þó nú nefndin að vísu í ýmsum af grundvallarsetningunum og í ýmsum sérstökum ákvörðunum hafi komizt að áþekkri niðurstöðu og frumvarp þetta, sem er langorðast um lausamenn, en hefir að tiltölu færri ákvarðanir um vinnuhjú og húsbændur, þá hefir oss samt sem áður eigi fundizt, að leggja ætti frumvarp þetta til grundvallar, þá er semja skyldi nýja tilskipun um það efni, sem um er rætt í frumvarpinu, og skulum vér sér í lagi geta þess, að hegning sú, sem stungið er upp á í frumvarpinu fyrir lausamenn og hjú, er verða brotleg, að þau í nokkur ár skuli missa réttinn til að ráða sig sjálf í vist, heldur skuli sýslumaður ákveða um vistar-rád þeirra, virðist vera of hörð og ómannúðleg, og höfum vér því að eins notað frumvarpið á sama hátt og annað efni, það er fyrir hendi var, og sem annars ekki var mjög auðugt; skulum vér í því tilliti til nefna álitsskjal frá alþingi 1720 um nýja tilskipun um

vinnuhjú og lausamenn m. m., sem prentað er í útgáfu þeirri af Búalögum, er út kom í Hrapsey 1775; sbr. konungsbréf 19. júnímánaðar 1721.

Hvað sèr í lagi snertir húsbændur og vinnuhjú, skulum vèr geta þess, að aðalákvarðanirnar um þetta efni einkum eru að finna í tilskipun um húsagann 3. júnímánaðar 1746, einkum í 17.—26. gr., sbr. alþingisályktun frá 1404 og tilskipun (Bessastaðapóstar) 2. aprilmánaðar 1685, en þessar ákvarðanir eru sumpart ófullkomnar, og sumpart eiga þær ekki við ásigkomulag þessara tíma; er því allt þetta miður hentugt efni, þegar búa skal til yfirgripsmikil vinnuhjálög; en á hinn bóginn er það vitaskuld, að vèr í mörgum greinum höfum getað farið eptir hjúalögum fyrir Danmörku, 10. maímánaðar 1854, sem eru mjög vandlega samin (sbr. tilskipun fyrir Hertogadæmin 25. febrúarmánaðar 1840); en samt sem áður hefir orðið að semja að nýju allmerkilega kafla, þar sem sérstaklegt ásigkomulag eður réttarvenja hefir gjört það að verkum, að öðruvísi ákvarðanir voru nauðsynlegar; mörgum einstökum ákvörðunum hefir og verið breytt, þar sem það þótti nauðsynlegt eður ráðlegt, eptir því sem hér er ástatt; svo hafa og stundum verið gjörðar nokkrar orðabreytingar í þeim ákvörðunum, sem teknar hafa verið eptir hjúalögum 1854, og einnig við höfð nokkuð önnur niðurskipun; kemur það sumpart af aðferð þeirri, er vèr höfum við haft, er vèr fremur höfum haft hliðsjón af lögum þessum, en lagt þau til grundvallar í eiginlegum skilningi, og sumpart af því, hvað einstök orðatiltæki snertir, að vèr höfum samið frumvarpið á íslenzku og snúið því á dönsku, fyrst eptir að vèr vorum fullbúnir að semja það.

Vèr skulum enn geta þess hér, og snertir það eitt af aðalatriðunum, þegar rætt er um að setja vinnuhjálög, að í tilskipun 2. aprilm. 1685, 8. gr., og í tilskipun 3. júnímánaðar 1746, 26. gr., er reyndar boðið, að hjú venjulega skuli fá sèr vitnisburðarbók eður húsbóndavitnisburð, þá er þau fara úr vist, sbr. að öðru leyti konungsbréf 7. aprilmánaðar 1780 og aukatekjureglugjörð 10. septembermánaðar 1830, 73. gr., og hefir alþingi 1853 gjört það að sèrstöku uppástúnguatriði, að í hinum nýju hjúalögum, sem sett yrði, skyldi öll vinnuhjú verða skylduð til að hafa vitnisburðarbók, löggilta af hlutaðeigandi sýslumanni, sem húsbóndi skuli skrifa í vitnisburð um hegðun þeirra, meðan þau voru í vist hjá honum. Samt sem áður hefir nefndin ekki getað betur sèð, en að það væri mjög ísjárvert að setja slíka reglu, sem ekki á nokkurn hátt styðst



við það, sem hingað til hefir verið venja, með því það er ætlun nefndarinnar, að þrátt fyrir áður greind fyrirmæli tilskipananna frá 1685 og 1746, hafi aldrei vitnisburðarbækur þær, sem þar er um rætt, komizt hér á. Þess er þegar getið hér á undan, að hér á landi sè yfir höfuð mikil ekla á vinnuhjúum, og að því sè mjög lítil innbyrðis keppni þeirra á milli um að fá vist, en þar af leiðir, að það er ekki svo mikils áriðandi fyrir hjú að geta sýnt góðan vitnisburð, með því þau optastnær, þó þau hafi ekki slíkan vitnisburð, þurfa ekki að óttast fyrir að verða vistarlaus; húsbóndi á og sjaldan val á mjög mörgum vinnuhjúum, og mundi hann því allopt sjá sèr þann einn kost, að taka það hjú, er byðist, án þess að fara nokkuð eptir vitnisburði þess. Það er að síðustu tekið fram í bænarskrá alþingis um þetta málefni, að vitnisburðirnir ætti að hafa þýðingu fyrir hjúin, sem siðferðislegt aðhald fyrir þau til að vanda ráð sitt, og virðist það einkum vera þessi skoðun, sem hér á landi hefir hvatt menn til að mæla fram með vitnisburðarbókunum; en bæði má vekja efasemd um það, hvort augnamið þetta sè rétt í sjálfu sèr, og svo mundi ekki verða unnt að komast að því nema á ófullkominn hátt, ef fara skyldi eptir reglu þeirri, sem sett er í 59. gr. í lögnum 10. maímánaðar 1854, þar sem svo er fyrirmælt, að það skull undir húsbóndanum sjálfum komið, hvort hann vili rita í vitnisburðarbókina nokkurn vitnisburð um það, hvernig hjúid hafi hegðað sèr, meðan það var í vist hjá honum, og þó það nú hér á landi yrði gjört húsbændum að skyldu að gefa hjúum slíkan vitnisburð um framferði þeirra, þá virðist vafasamt, hvort þeir ekki opt mundu verða mjög varkárir í vitnisburðum sínum, fyrir þá sök, að hætt væri við, að sá húsbóndi, sem yrði kunnur að því að vera mjög samvzikusamur í þessu efni, ætti bágra með að fá vinnuhjú.

Eptir því sem nú hefir sagt verið, verðum vèr að vera á því, að þó vitnisburðarbækur væri lögboðnar hér á landi, mundi ekki verða náð þeim tilgangi, sem til hefir verið ætlazt með því að lögþjóða þær t. a. m. í Danmörku, þar sem þar að auki almennur kunnugleiki manna á meðal ekki á sèr stað, eins og hér er titt; eru því ekki vitnisburðarbækur hér eins nauðsynlegar fyrir húsbændur til þess að kynna sèr framferði hjúanna að undanförnun; það yrði og töluverðum erfiðleikum bundið að sjá um, að þeirri ákvörðun, er að þessu lyti, yrði hlýtt, þar eð hún hefði ekki annað við að styðjast en lagaboðið sjálft, og yrði ekki við því búizt, að húsbændur, er ætti að taka hjú í vist, mundu styðja mikið að því,

að farið væri eptir henni, með því að neita að taka móti hjúinu í vistina, nema það hefði vitnisburðarbók; yrði það því að miklu leyti komið undir hreppstjórum og sýslumönnum, hvort farið væri eptir ákvörðun þessari, en þeir ætti mjög erfitt fyrir í þessu efni vegna fjölda hjúanna, sem bæði ætti að fá vitnisburðarbækur í fyrstu, og svo þyrfti einnig síðar að gefa gætur að, að þau ekki týndi bókum sínum; það mundi og loks olla töluverðum erfiðleikum, að ekki kunna allir húsbændur svo mikið til að skrifa, að þeir geti sjálfir ritað vitnisburðinn í vitnisburðarbókina.

Af þessum ástæðum hefir nefndinni, eptir nákvæmstu yfirvegun, ekki virzt eiga að hafa í frumvarpinu neina ákvörðun um, að lögbjóða vitnisburðarbækur hér á landi.

Vér sendum nú aptur með bréfi þessu álitsskjöl þau, er stjórnin hefir sent oss, og fengin voru frá embættismönnum á Íslandi árið 1849, meðal annars um breytingar á húsgatilskipuninni frá 3. júnímánaðar 1746, sem áður er getið; sendum vér einnig eptirrit af frumvarpi Bjarna amtmanns Thorarensens um húsmenn, lausamenn og vinnuhjú, og leyfum vér oss því næst að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir um hverja grein fyrir sig í frumvarpinu:

## I. Um vinnuhjú.

### Við 1. gr.

Um þessa grein skal þess getið, að meiri hluti nefndarinnar (Jón Guðmundsson og Jón Pétursson) verður að álíta það með öllu vafalaust, að eptir Jónsbók og eldri lögum, er giltu hér á landi, gat hver og einn, er var orðinn 16 ára að aldri, löglega ráðið sig í vist. Að vísu ákveður nú tilskipun 21. desembermánaðar 1831 I., 1. gr., að 17. kapituli í 3. bók hinnar dönsku lögbókar skuli vera lagaregla sú, er gildi á Íslandi, þegar ákveða skuli, hverir sè ómyndugir, hverir hálfmyndugir og hverir fullmyndugir, og um það, hverskyns fjárhaldi og tilsjón ómyndugir og hálfmyndugir skuli vera háðir; en þó orðatiltæki þessi sè yfirgripsmikil, ákveður fátækra-reglugjörðin fyrir Ísland 8. janúarmánaðar 1834, 6. gr., að hafi nokkur búið eður verið í vist í einhverjum hrepp í 5 ár samtals, eptir að hann var orðinn 16 ára að aldri, og ekki þegið þar neinn styrk af sveit, þá eigi hann þar framfærslurètt, og síðar er svo að orði kveðið: »börn, yngri en 16 vetra, eiga framfærslusveit með föður, en sè þau óskilgetin, með móður«. Það virðist nú liggja

í augum uppi að löggjafinn, með því að gjöra greinarmun á þeim, sem eru 16 vetra gamlir, og þeim, sem ekki eru komnir á þenna aldur, hafi sett í samband við hina eldri löggjöf, er gildir hér á landi, ákvarðanir sínar í fátækrareglugjörðinni um það, hve nær menn verði sjálfs sín ráðandi, og álitid hana að því leyti vera óbreytta; en með þessum ákvörðunum ber að telja þær, er skipa svo fyrir, að börn yngri en 16 vetra eigi framfærslusveit með föður, o. s. frv. Hér er einnig skýrlega gjört ráð fyrir því, að sá, sem er 16 vetra að aldri, undir eins geti farið í vist, og að hann sjálfur ákveði, hjá hverjum hann vili ráða sig, því það væri gagnstætt réttum grundvallarreglum, að nokkur skyldi geta áunnið sér framfærslurætt, þar sem hann ætti dvöl móti vilja sínum.

Það er því að vorri ætlun bæði eptir hinni eldri löggjöf og 6. gr. í fátækrareglugjörðinni frá 1834, sem er 2 árum yngri en tilskipunin frá 1831, full ástæða til að álíta, að tilskipun þessi, þá er hún lögleiddi hér 3. bókar 17. kapitula í hinni dönsku lögbók, að eins hafi haft tillit til þess »fjárhalds og tilsjónar«, er hafa skal með erfðafé eður öðrum fjármunum, er setja má jafnhliða því; en að tilskipunin þar á móti engan veginn hafi ætlað sér að nema úr lögum eldri ákvarðanir um það, hve nær menn skyldi verða ráðandi sjálfs sín eður þeirra hluta, er þeir hefði sjálfir aflað sér, og verður þetta enn ljósara, ef athugað er, að ákvörðunin í tilskipun 21. desembermánaðar 1831 er orðin til fyrir þá sök, að löggjafinn rétt á undan var búinn að ákveða, að stúlkur eldri en 18 vetra þyrfti konúnglegt leyfisbréf til að vera myndugar með tilsjónarmanni, og að karlmenn, þó þeir væri orðnir 22 ára gamlir, gæti ekki orðið fullmyndugir, nema þeir fengi slíkt allrahæst leyfisbréf. Tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, 1. gr., sem hefir èndurnýjað ákvörðunina í tilskipun 21. desembermánaðar 1831, um það, að hér á landi skuli farið eptir 17. kapitula í 3. bók hinnar dönsku lögbókar, um fjárhald ómyndugra og tilsjón hálfmyndugra, breytir ekkert þeirri niðurstöðu, er vèr höfum komizt að; því auk þess að tilskipunin frá 1847 eptir fyrirsögn sinni og efni eiginlega einungis á að skipa fyrir um stjórn á fè ómyndugra hér á landi, þá er í ákvörðun þeirri, sem fyr er getið, vísað til tilskipunarinnar frá 21. desembermánaðar 1831, og verður því ekki álitid, að 17. kapituli í 3. bók hinnar dönsku lögbókar hafi með henni verið lögleiddur hér á landi í yfirgripsmeiri skilnáingi, en þegar var orðið, þá er tilskipunin frá 1831 var komin út, og styrkir það enn fremur þetta

mál, að opið bréf 6. júlímán. 1848 skipar svo fyrir, að ákvörðunin í 6. gr. í reglugjörð 8. janúarm. 1834 skuli vera obreytt, nema hvað sá tími, sem eptir reglugjörðinni útheimtist til að ávinna sér sveit með stöðugri dvöl í sama hrepp, var með þessu opna bréfi lengdur til 10 ára.

Af því, sem nú hefir sagt verið, verður meiri hlutinn að vera á því, að hver maður verði með 16 ára aldrinum sjálfs sín ráðandi, eður að minnsta kosti geti ráðið sig í vist, bæði eptir eldri íslenskum lögum og eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834, 6. gr., og opnu bréfi 6. júlím. 1848.

Þeirri skoðun, sem vör höfum látið í ljósi, er einnig, að því leyti oss er kunnugt, fylgt manna á meðal um land allt; því engum dettur nokkurn tíma í hug að neita 16 ára gömlum manni, sem búið er að ferma, um myndugleik til að ráða sig í vist, og enn síður að ráða hann í vist án samþykkis hans, eður neyða hann til að fara í vist hjá einhverjum tilteknum húsbónda. Á hinn bóginn heldur hver húsbóndi, að óhætt sé að reiða sig á samning um vistarráð, er hann gjörir við 16 vetra gamlan mann sjálfan, og aldrei kemur honum til hugar að gjöra slíkan samning við fjárhaldsmann hans einn, eður snúa sér til sýslumanns, ef hann hefir engan fjárhaldsmann, til þess að fá fjárhaldsmann skipaðan hinum ómynduga, til að semja um vistarráðin.

Þess ber enn fremur að geta, að sérhver, sem er orðinn 16 vetra gamall, og búið er að ferma, getur hér á landi optast nær undir eins fengið vist, og farið að vinna fyrir kaup; auk þess að það virðist að vera öldungis ónauðsynleg harka, að synja slíkum mönnum um heimild til að vista sig þar, sem þeir sjálfir helzt æskja, og neyða þá til að ráða sig þar í vinnu, sem fjárhaldsmaður heldur vill, þá yrði það með öllu ómögulegt fyrir sýslumann að sjá um, að allir, sem orðnir eru 16 vetra í lögdæmum þeirra, hafi fjárhaldsmenn, en af því leiddi aptur, að sumir, sem orðnir væri 16 vetra, en engan fjárhaldsmann hefði, neyddist til að fara um og betla, þangað til þeir væri orðnir 18 vetra, eða þangað til sýslumaður, ef hann kæmist eptir slíku, gæti skipað þeim fjárhaldsmann, með því þeir gæti ekki fyrri á löglegan hátt ráðið sig í vist.

Eptir því, sem að ofan er til greint, og samkvæmt eldri landslögum og fátækrareglugjörð fyrir Ísland 8. janúarm. 1834 og opnu bréfi 6. júlím. 1848, og loksins samkvæmt almenntri venju, er hér tíðkast, hefir oss þótt réttast að láta réttinn eil að ráða sig í vist

vera bundinn við 16 ára aldurinn, en ekki, eins og í hjúalögum dönsku 10. maímán. 1854, við 18 ára aldur, með því þetta hið síðasta, að voru álitni, mundi ekki eiga við, eptir því sem ástatt er hér á landi, og geta af sér ýmsa annmarka í daglegu lífi, eins og á hefir verið vikið, og koma ósamkvæmni inn í löggjöfina, og einnig hafa almenningsálitni á móti sér, þar sem þó naumast verða fundnar nægar ástæður til að gjöra slíka ákvörðun í vinnuhjúalögum fyrir Ísland, og ekki verður talið því annað til gildis, en miður heppileg þýðing þeirra laga, er nú gilda hér á landi um það, hve nær beri að álita, að menn verði sjálfra sín ráðandi.

Minni hlutinn (Vilhjálmur Finsen) getur ekki betur séð, en að tilskipun 21. desemberm. 1831, sbr. tilskipun 18. febrúarm. 1847, hafi beina leið lögleitt hér reglur dönsku laga um það, hve nær menn verði sjálfra sín ráðandi, með því að löggilda hér 17. kapitula í 3. bók hinnar dönsku lögbókar um það atriði, hverja beri að álita ómynduga, hálfmynduga, eður fullmynduga, og að menn því hér, eins og í Danmörku, samkvæmt D. L. 3—17—38 nái þeim myndugleika, sem hér er um rætt, þegar menn verða 18 ára að aldri. Þar sem fátækrareglugjörðin frá 8. janúarm. 1834 gjörir ráð fyrir, að uppeldi barna af sveit, sem barna, hætti, þegar þau verða 16 vetra, og að barnið á þessum aldri fari í vist, þá kemur þessi ákvörðun ekki beinlínis í bága við það, sem nú var sagt, þó því á hinn bóginn verði að játa, að af þessu leiði þann annmarka, að það stundum verður óumflýjanlegt að setja slíkum börnum, sem opt má gjöra ráð fyrir að ekki eigi foreldra eða aðra forstöðumenn, fjárhaldsmenn fyrir tímabilið frá 16. til 18. aldursárs, til að semja um vistarráð fyrir hönd hinna ómyndugu. En bæði er það, að eg nú ekki get lagt eins mikla þýðing í þenna annmarka, eins og meiri hlutinn, með því slík vistarráð, er 16 ára gamall únglingur hefði samið um upp á eigin hönd, eptir almennum rættarreglum, mundi verða að leggja húsbóndanum sömu skyldur á herðar, eins og hver annar vistarsamningur (*contractus claudicans*), og yrði það því að eins undir húsbóndanum sjálfum komið, hvort hann í hvert skipti álitni nauðsynlegt að tryggja sig, með því að hlutast til um, að samningurinn væri gjörður af forstöðumanni eður fjárhaldsmanni fyrir hönd hins ómynduga, og mundi þá þetta hæglega skipast hér um bil sjálfkrafa; og svo getur mér ekki á hinn bóginn annað, en að minnsta kosti þótt ísjarvert að setja hér ákvörðun, sem í einni einstakri grein, og henni yfirgripsmikilli, gjörði breyting á þeim regl-

um, sem nú gilda um myndugsaldur; því með því móti kæmist ósamkvæmni inn í reglur þessar, án þess það þó gæti orðið umtalsmál á þessum stað, að einskorða nákvæmar reglurnar um myndugleika yfir höfuð að tala, til þess að eyða þessari ósamkvæmni. Samkvæmt þessu verð eg því að álíta, að réttast sé að ákveða, að 18 ára aldurinn sé sá aldur, er menn fái myndugleika til að ráða sig í vist.

Í lögum 10. maímánaðar 1854 1. gr. er svo ákveðið, að vistarsamningur, er foreldrar eða forstöðumenn gjöri fyrir hönd hins ómynduga, sé ekki bindandi fyrir hjúíð lengur, en þangað til það, eptir að það er orðið 18 ára að aldri, getur sagt upp vistinni með venjulegum fresti til hins fyrsta almenna hjúaskildaga; en slík ákvörðun, eða önnur henni lík, virtist vera óþörf í frumvarpi þessu, þá er athugað er það, sem fyrir er mælt í 2. og 4. gr. frumvarpsins um það, hve lengi vistarráðin skuli vara.

Þess skal getið, að þrátt fyrir það, sem ákveðið er í byrjun þessarar greinar í frumvarpinu, þá er það vitaskuld, að til þess annazt verði um uppræðing þeirra barna, sem ekki er búíð að ferma, þegar þau eru orðin 16 eða 18 vetra gömul, annaðhvort sökum gáfnaskorts þeirra, eða fyrir hirðuleysi foreldranna, verður sóknarpresturinn að hafa hönd í bagga með um samastað þeirra, og að reglan um heimild til að ráða sig sjálfur í vist á þeim aldri, sem áður var sagt, þannig ekki á við um slíka únglínga; en um þetta þótti meiri hluta nefndarinnar (Vilhjálmí Finsen og Jóni Guðmundssyni) bæði óþarfi að hafa ákvörðun, og svo þótti það ekki eiga sem bezt við að setja slíka ákvörðun í hjúalögum.

Minni hlutinn (Jón Pétursson) verður þar á móti að vera á því, að réttara sé að hafa sérstaklega ákvörðun um þetta atriði, til þess að girða fyrir þann efa, sem annars kynni um það að verða, og stíng eg því upp á, að í greininni sé eptir orðin: »ráða sig hjú« sett ákvörðun þannig hljóðandi:

»Sé hann enn ófermdur, en verið sé að búa hann undir ferming, má hann ekki kjósa þann stað, þar sem hanu ætlar að ráða sig hjú, nema með samþykki sóknarprestsins«.

Þar sem í 2.—4. grein í lögnum frá 1854 eru gjörðar ákvarðanir um menn, er ráða hjú í vistir, þá er ekkert í frumvarpinu, er til þess svari, með því slíkt fyrirkomulag aldrei hefir átt sér stað hér á landi, og skulum vèr um þær greinir í lögnum frá 1854, er nú voru nefndar, og um 5. gr. laga þessara, um að bjóða

upp hjú við kirkju, skírskota til ákvarðananna í 7. gr. í 2. kafla frumvarps þessa (II. 7. gr.), sem að augnamiðinu til eru nokkuð skyldar fyrir nefndum lagagreinum.

Um ákvörðunina í 5. gr. í lögnum frá 1854, um festupeninga, skal þess getið, að jafnvel þó alþingisdómur frá 1404 virðist gjöra ráð fyrir slíku gjaldi, eru eigi að síður festupeningar með öllu óþekktir hér á landi, nema ef svo skyldi vera, að þeir hefði verið við hafðir á einstöku heimili í Reykjavík á síðari tímum, einkum á dönskum heimilum, án þess þetta þó sé komið inn í meðvitund þjóðarinnar, og höfum vér því ekki fundið næga ástæðu til, að setja í frumvarpið ákvörðun um þetta.

#### Við 2. gr.

Almennur vistartími á Íslandi er eitt ár, frá hjúaskildaga þetta árið til hjúaskildaga hið næsta ár, og er það hvortveggja, að skemmri vistarráð, t. a. m. um mánuði eða missiri, mundu ekki eiga vel við, enda munu menn ekki sinna til neinna þarfa í því efni; þekkjum vér engi dæmi upp á skemmri vistarráð en eitt ár, nema þegar svo ber við, að hjú t. a. m. er rekið burt úr vist eða fer úr vist á miðju ári, og þá kann að geta ráðið sig annarstaðar, það sem eptir er ársins.

Samkvæmt þessu er í frumvarpinu gjört ráð fyrir, að hin skemmstu vistarráð eigi að vera um eitt ár. Vistarsamningar um fleiri en eitt ár eru mjög sjaldgæfir hér á landi, og virðist ekki eiga að stuðla að því, að þeir komist á; hefir því meiri hluta nefndarinnar (Jóni Guðmundssyni og Jóni Péturssyni) þótt réttara, að það sé tekið fram með berum orðum, að engi vistarráð skuli vera hindandi um lengri tíma, en eitt ár, þótt til fleiri ára hafi verið ráðin, og er fyrri kafla greinarinnar saminn samkvæmt þessu; samanber þó ákvörðun um þetta efni í 4. grein frumvarpsins.

Minni hlutanum (Vilhjálmí Finsen) hefir þar á móti þótt réttara, að í þessu efni sé að mestu farið eptir lögnum frá 1854, 8. gr., sbr. 9. gr., og stíngur því upp á, að fyrri kafla greinarinnar sé orðaður á þessa leið:

»Það er komið undir samningi, um hve langan tíma hjú ráða sig í vist; en hafi hjú ráðið sig til fleiri en eins árs, eða sé vistarráðin gjörð með þeim skilmálum, að hjú eptir þeim verði skyldað til að vera í vistinni fleiri en eitt ár, þá skal hjú eiga kost á að segja lausri vistinni með venjulegum fresti til hins almenna vinnuhjúaskildaga, en gjaldi þá húsbónda hálftrjáskaupt.

Sè engi tímalengd tiltekin, ber að álíta vistarráðin þannig gjörð, að segja megi lausri vistinni með venjulegum fresti til hins almenna hjúaskildaga.

Það ber eigi sjaldan við, að hjú er í vist hjá tveim eða fleiri húsbændum, á þann hátt, að það er sína vikuna hjá hverjum til skiptis, eða ákveðinn kafla af árinu hjá hverjum þeirra, eptir því sem húsbændurnir og hjúíð hafa komið sér saman um; sjá frumvarp Bjarna Thórarensens, 19. gr., sbr. Jónsb. rekab. 7. kap.; og með því nú ekkert getur verið móti gildi slíkra samninga, sem opt kunna að vera hagfelldir bæði fyrir bændur og hjú, þá höfum vér sett ákvörðun um þetta í síðari kafla greinarinnar.

#### Við 3. grein.

Hinn almenni hjúaskildagi, sem er einu sinni á ári, sbr. athugasemdirnar við næstu grein á undan, er í flestum sveitum hér á landi 14. dag maímán., sbr. álitsskjal frá alþingi 1720; en frá þessu eru einstöku undantekningar, t. a. m. í Austur-Skaptafellsýslu, þar sem hjúaskildaginn er 3. dag maímánaðar (en sá dagur var fyrrum almennur hjúaskildagi um land allt, sbr. alþingisdóm frá 1404, tilsk. 2. aprílm. 1685, 7. gr.), og í Ísafjarðarsýslu og norðurhluta Strandasýslu, þar sem hjúaskildagi er í febrúarmánuði, eða áður en vetrarvertíð byrjar. Samkvæmt þessu er það tekið fram sem almenn regla, að hjúaskildagi sé 14. dag maímánaðar á ári hverju, en eigi að síður þótti það vera vitaskuld, að þar sem annar hjúaskildagi tíðkast, sé farið eptir því sem þar er venja til, þannig að í þeim sveitum sé álitíð, að hjú sé ráðin til þess hjúaskildaga, er þar tíðkast, nema berlega hafi verið tekið fram, að skildaginn skuli vera 14. dag maímánaðar, og er greinin orðuð eptir þessu.

#### Við 4. grein.

Það er almenn venja hér á landi, að ef húsbóndi ekki innan ákveðins tíma á haustum eða fyrri hluta vetrar, einkum fyrir jól falar hjúíð til að vera kyrrt í vistinni næsta ár, þá er svo álitíð, að vistarráðunum sé lokið næsta hjúaskildaga, og þessa reglu hefir meiri hluti nefndarinnar (Jón Guðmundsson og Jón Pétursson) álitíð að ætti að taka inn í frumvarpið, en með því það reyndar í sjálfu sér virðist fremur óeðlilegt og óhagkvæmt, að þessi endurnýing vistarráðanna, einungis skuli vera komin undir húsbóndanum, eins og á er vikið, þá höfum vér bætt við þeirri ákvörðun, að hjúíð geti einnig skorað á húsbóndann um að endunýja vistarráð-



in, og munu vera dæmi til þess, að slíkt hafi komið fyrir. Í sambandi við þessar ákvarðanir höfum vér gjört þá undantekningu, þegar svo stendur á, að samið hefir verið um vistarráð fyrir fleiri ár en eitt, að slíkt vistarráð, sem meiri hlutinn, eptir því sem tilgreint er við 2. grein, ekki álitur eiginlega skuldbindandi nema um eitt ár, þá beri að álita sem þegjandi endurnýjuð um hið næsta vistarár, nema annaðhvort húsbóndi eða hjú segi lausri vistinni fyrir jól.

Um það, að svo er ákveðið í grein þessari, að vistarráðin eigi að vera endurnýjuð (eða, þegar svo stendur á, sem síðast var um rætt, vistinni sagt lausri fyrir jól, þá skal þess getið, að í því efni tíðkast ekki öldungis sama venja í öllum sveitum; því sumstaðar er það t. a. m. venja, að endurnýja skuli vistarráðin fyrir veturnætur (í síðari hluta októbermánaðar) eða jafnvel fyrri; en það er hvorttveggja, að það mun vera almennast og samkvæmast réttarmeðvitund alþýðu, að vistarráð megi endurnýja til jóla; samanber nokkuð áþekkar ákvarðanir í Jónsb. landsleigub. 2. kap., um að segja lausri jörð, enda virðist og sá tími vera hagfelldastur, með því það virðist vera of snemmt að setja eindaga þenna þegar á haustin, því reyndar er þá húsbóndi búinn að reyna, hve dugleg hjúin sé til sumarvinnu, en ekki, hvað vel þau kunni að vetrarvinnu, sem upp til sveita er sumarvinnunni næsta ólík. Við þetta bætist, að ábúandi einnar jarðar, stundum ekki fyr en líður undir jól, veit, hvort hann verður kyrr á sömu jörð næsta ár; en undir þessu getur það aptur verið komið, hvort hann vill ráða hjú sín heima.

Að endingu skal þess getið, að uppsögn vistarráðanna, sem um er rætt í 39. og 40. gr. í lögnum frá 1854, snertir það atriði, hvernig vistarráð endi, og eru því í lögum þessum ekki gjörðar ákvarðanir um þá uppsögn fyrri, en ákveðið er um þetta atriði; en þar á móti eru reglur þær, sem áður er getið, teknar inn í frumvarpið hér á þessum stað, af því þær snerta það atriði, hvernig vistarráð stofnist.

Minni hlutinn (Vilhjálmur Finsen) er á því, að um uppsögn vistarráða beri að gjöra viðlíka ákvarðanir og eru í lögnum frá 1854, 39. og 40. gr. Því eg get ekki betur séð, en að vani sá, sem nú tíðkast, að húsbóndi verður að fara til hjúanna, og fala þau til að vera kyrr í vistinni næsta ár, verði að stuðla til þess, að húsbóndinn verði háður hjúum sínum, fremur en annars væri, þar hjúid getur óhult beðið, þangað til húsbóndi býður því að vera

kyrrt í vistinni, og getur þá stundum komið fram með nýjar kröfur; venja þessi hlýtur og að koma því til leiðar, að mörg vistarráð slitna, sem hvorugur málspartur eiginlega hefir neitt á móti að halda áfram, og sem einnig mundi verða áfram haldið, ef til þess þyrfti beinlinis uppsögn, að þeim yrði slitið, og virðist eiga að leggja mikla þýðingu í þetta atriði, þar sem vinnufólk er svo fátt, og, eptir því sem gjöra er, lítil keppni um að fá vist, og húsbóndinn því, eptir því sem ástatt er, háður hjúum sínum, fremur en ákjósanlegt er. Þessi skoðun hefir og komið fram hjá ýmsum af þeim, er hafa látið í ljósi álit sitt um vinnuhjúamál á Íslandi, einkum hjá Bjarna amtmanni Thorarensen, er í 18. gr. í frumvarpi sínu hefir stungið upp á, að svo væri fyrir skipað, að vistarráðum skyldi upp segja, og í álitsskjali frá alþingi 1720; slík uppsögn er og fyrir skipuð í tilskipun 2. aprílm. 1685 11. gr.

Í líking við það, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari frá 2. aprílm. 1685, og uppástunguna í álitsskjali alþingis frá 1720, kynni svo virðast, að nokkuð mælti með því, að setja tvo eindaga til að segja upp vistarráðum, annan fyrir hjúíð, en hinn seinna á árinu fyrir húsbónda; með því móti yrði því hamlað, að hvort biði eptir öðru, húsbóndi og hjú; hefir tilskipunin frá 1685 sett nýár sem eindaga fyrir hjú, og Kyndilmessu (2. febrúarm.) fyrir húsbónda, en álitsskjal alþingis frá 1720 þar á móti Katrínarmessu (25. nóvemberm.) fyrir hjú, og Lúcíumessu (13. desemberm.) fyrir húsbónda. Eigi að síður hefi eg haldið, að óbrotnara mundi vera að hafa einn eindaga fyrir hvorutveggja, og láta hann vera jól, og stíng eg samkvæmt þessu upp á, að ákvörðunin verði þannig orðuð:

»Hafi hvorki húsbóndi né hjú löglega sagt upp vistarráðunum, ber svo að álíta, sem þau sé endurnýjuð um hið næsta vistarár. Vili húsbóndi eða hjú segja upp vistarráðum, skal það gjört fyrir jól«.

#### Við 5. grein.

Það er augnamið þessarar greinar að veita húsbónda þeim, sem hjúíð er hjá, forrétt til að semja við hjúíð um að endurnýja vistarráðin fyrir næsta vistarár; er greinin samin samkvæmt því, sem almennt er álitit rétt í því efni, og samkvæmt áþekku ákvörðunum í tilskipun 2. aprílm. 1685, 9. gr., sbr. 18. gr. í frumvarpi Thorarensens amtmanns.

#### Við 6.—12. grein.

Það má kalla fasta venju hér á landi, að húsbóndinn, þegar

vinnuhjúaskildagi kemur, sækir hjúíð og farangur þess þangað, sem það átti sér samastað; er þessi aðferð og að öllum jafnaði óumflýjanleg, þar eð það er sjaldnast, að hjúíð er á sama stað og húsbóndinn, og optast nær verður að hafa hesta til ferðalags og flutninga, en ekki verður gjört ráð fyrir að hjúíð geti sjálft annast flutning sinn á þenna hátt; mundi og hjúíð, ef það ætti að sjá sjálft um að flytja sig í vistina, nálega ætíð af þessum ástæðum geta fundið einhverja átillu fyrir því, er það eigi kæmi í tæka tíð; en þetta gæti komið til leiðar mikilli óvissu og ýmsum vandræðum. Reyndar er það athugandi, að í álitsskjali alþingis frá 1404 og í tilskipun 1685, 7. gr., er ákveðið, að hjúíð skuli vera komið í vist á skildaga, 3. maímánaðar, og mætti svo virðast, sem með þessu væri svo ráð fyrir gjört, að hjúíð ætti sjálft að koma í vistina; en eins og það er vafasamt, að hér hafi nokkurn tíma verið farið eptir þessu, þannig hefir oss og þótt ísjárvert að ráða til þess, að brugðið sé út af reglu þeirri, sem áður er getið, er á sér rót í siðvenjunni og eðli hlutarins, og má álíta hana nauðsynlega hér vegna vegalengdarinnar og vegna þess, hvernig ferðalagi er háttáð hér á landi; vör hyggjum og að gagnstæð regla mundi ekki geta komizt á, eða burt rýmt aðferð þeirri, sem hingað til hefir verið við höfð. Þó skal þess getið, að það er hvortveggja að ekki hafa áður verið samdar sérstaklegar reglur um þetta efni, enda er og manna á meðal mikil óvissa um hin sérstöku atriði, er þar að lúta; og þær greinir frumvarpsins, sem hér er um rætt, eru því tilraun til, að setja um þetta efni lagaákvæðanir, og útrýma þeirri efasemd, sem hingað til hefir getað átt sér stað um það.

Samkvæmt þessu höfum vér í 6. grein sett þá reglu, að nema öðruvisi sé um samið, skuli húsbóndi láta sækja hjú sitt og farangur þess, sem vér, til að taka fyrir allan vafa í því efni, höfum álitíð að mætti hæfilega meta að væri klyfjar á einn hest, og skyldi þá ekki kostnaðurinn við þenna flutning rýra það kaup, er hjúíð hefði áskilið sér; er því við bætt, að ef húsbóndinn uppfyllir ekki þessa skyldu sína, þá leiði af því, að auk þess að hjúíð sé laust við vistarráðin, þá skuli húsbóndinn skyldur að greiða því hálftr árskaup (sbr. tilsk. 3. júním. 1746, 25. gr., og lög 10. maím. 1854, 13. gr.) og matarverð, sem oss þó hefir virzt ætti að takmarkast við tímánn frá hjúaskildaga til fardaga (í byrjun júnímánaðar); sbr. 39. gr. frumvarpsins; því bæði er hálftr árskaup töluverð útlát, og

svo verður heldur engan veginn almennt gjört ráð fyrir því, að hjú-  
ið, þó það verði af vistinni, fari á mis við alla atvinnu það árið.  
Vér höfum eigi að síður haldið, að þar sem t. a. m. vegur er lang-  
ur, og það gæti dregizt að sækja hjúid vegna atvika, er eigi verða  
fyrir sèð, mundi það eptir eðli málsins verða of hart fyrir hús-  
bóndann, að láta þessar afleiðingar koma fram fyrir það, þó hjús-  
ins sè ekki vitjað einmitt á sjálfum hjúaskildaganum; og höfum vér  
því sett í frumvarpið þá ákvörðun, að tæðar afleiðingar skuli þá að  
eins eiga sèr stað, sè hjúid ekki sótt innan viku eptir skildaga;  
en komi húsbóndinn, eða sá, er hann sendir eptir hjúinu, eptir  
skildaga, en þó áður vika sè liðin, þá skuli hann að eins greiða  
hjúinu matarverð fyrir hvern dag, sem síðan er liðinn; sbr. 39. gr.  
frumvarpsins um það, hvernig meta skuli matarverðið. Það er vita-  
skuld, að ef húsbóndi gjörir þær ráðstafanir, að aðrir flyti hjúid,  
þá er það sama og hann sjálfur láti sækja það.

Vér höfum sett í samband við reglur þessar eina ákvörðun,  
sem við á, þegar svo stendur á, að húsbóndinn hefir ekki sótt  
hjúid, svo sem nú var sagt, en sjálft hjúid, sem getur staðið það á  
miklu, að missa eigi vistina, þess vegna fer til húsbóndans og heimtar  
að hann taki við sèr í vistina; þegar svona stendur á, og húsbóndinn  
eigi að síður færast undan að taka við hjúinu, þá virðist oss að  
hann, auk þess gjalds, sem að ofan er til tekið, en það er hálf t. a. m.  
árskaup og matarverð til fardaga, sè skyldur að greiða hjúinu ferða-  
kostnað fram og aptur, þó svo, að aukagjald þetta eigi sèr ekki  
stað, nema svo sè, að hjúid komi innan skamms tíma eptir skildaga;  
og höfum vér ákveðið, að það skuli vera innan fardaga; því það er  
vitaskuld, að það væri ósanngjarnt, að skylda húsbóndann til þess-  
ara útláta, þó hann færðist undan að taka við hjúinu, ef það kæmi  
eigi fyr en lengra væri áliðið, t. a. m. ekki fyrri en eptir slátt.  
En ef húsbóndinn tekur við hjuinu, þegar svo stendur á, sem nú  
var sagt, virðist hann eiga að vera laus við útlát þau, sem annars  
leiða af samningsrofunum, og að eins eiga að bæta hjúinu flutnings-  
kostnað til hans, er það nú sjálft hefir orðið að standast, og matar-  
verð þann tíma, sem liðinn er af vistartímanum, auk þess kaups, sem  
um hefir verið samið fyrir allt árið, og er greinin orðuð samkvæmt  
þessu. Þar sem vér höfum sett fardaga sem eindaga, þá er hjú  
geti í seinasta lagi komizt í vist, þegar svo stendur á, sem til tekið  
hefir verið, þá verður því að vísu ekki neitað, að þessi frestur  
stundum kann að vera nokkuð langur, þegar hjúid er í grennd, og

aptur á hinn bóginn stundum býsna stuttur, þegar hjúíð er langt í burtu; en bæði þótti nauðsynlegt að hafa fast ákveðinn eindaga, til þess menn yrði ekki of mjög í óvissu í þessu efni, og svo hafa einnig fardagar mikla þýðingu, að því leyti að þeir eru byrjun búskaparársins, og að þá flytja bændur á þær jarðir, er þeir ætla að búa á hið næsta ár.

Þessu næst er í 8. gr. frumvarpsins sett sú ákvörðun, um skyldu hjúanna til að fara í vist, þegar þeirra er vitjað, eins og áður er sagt, að ef hjú bregður út af þessari skyldu sinni, skal það greiða húsbóndanum svo mikið fè, sem svari helmíng af árskaupi því, er um hefir samið, og kostnað þann, er húsbóndinn hefir haft fyrir flutningi þess, og er þá húsbóndi eigi skyldur að taka við því síðar. Þar á móti hefir oss eigi þótt rétt að láta hjúíð sæta sektum, þegar svona stendur á, eins og gjört er í 18. gr. í lögnum frá 1854, með því slíkt virðist í sjálfu sér ekki eiga vel við, þar sem gjöra er um samninga einstakra manna; svo ætlum vér og að það muni nægilega fæla hjúíð frá að rjúfa samninginn, að því er gjört að greiða hálf árskaup m. m. En beri svo við, að hjúíð ekki geti farið í vistina, án þess það sé sjálft skuld í því, þá er sú regla sett í niðurlagi 8. greinar, að húsbóndi og hjú skuli laus allra mála hvort við annað eptir vistarsamningnum, án þess hjúíð eigi að greiða húsbóndanum neitt fè, fyrir þá sök, að það eigi hafi upp fyllt samninginn, sbr. lögin frá 1854, 19. gr. En auk þess höfum vér haldið, að eptir því sem ástatt er hér á landi, ætti að gjöra nokkra breyting á þessu, þegar svo ber til, að sjúkdómur hamlar hjúinu að fara undir eins í vistina, eða aðrar tálmanir, sem eru þess eðlis, að þær geta horfið innan skamms tíma, og virðast vistarráðin, þegar svona stendur á, eiga að standa; er samkvæmt þessu sett í greinina sú ákvörðun, að húsbóndinn að vísu aldrei skuli vera skyldur til að senda á ný eptir hjúinu, en byri hjúíð sjálft ferð til hans, undir eins og tálmunin er horfin, og komist þannig í vistina ekki seinna en í fardögum (en hér er gjört ráð fyrir, að sjúkdómur hjúsins sé ekki þess eðlis, að hann eptir 3.—5. tölulið í 7. grein frumvarpsins heimili húsbóndanum að ganga frá vistarsamningnum), þá skuli húsbóndinn skyldur til að taka við því í vistina, þó svo, að það fái ekki kaup lengur en frá þeim tíma, er það kom í vistina, og að það sjálft standist kostnaðinn af ferðinni þangað.

Loksins hefir oss virzt að taka ætti til greina, að hér á landi,

þar sem vistartíminn ætíð er eitt ár, og hjúið, sem er í vist ár eptir ár, þannig á að fara tafarlaust úr einni vistinni í aðra, þá geti það stundum við borið, að þó hjúið ekki eiginlega sé fatlað, svo að það komist eigi í vistina á hjúaskildaganum, þá kunni það að vera mikils áriðandi fyrir það, að geta ráðið yfir nokkrum tíma, t. a. m. til að taka við arfi í annari sýslu, eða til að ráðstafa einhverju; þegar nú svona stendur á, virðist vera skaðlaust að slaka til í reglum þeim, sem að ofan er um rætt, þó svo, að það verður að vera hjúunum sjálfum í hag, að þau ekki noti sér tilslökun þessa, nema þegar mikið liggur á; sbr. grundvallarregluna í tilsk. 3. júním. 1746, 23. gr. Vær höfum því sett í 9. gr. ákvörðun um, að hafi hjú í tækan tíma skýrt húsbónda frá, að það ekki æski að hann viti sín, og ætli að flytja sig sjálft í vistina, og komi það síðan í vistina eptir skildaga, en þó fyrir fardaga, þá skuli húsbóndi eigi að síður skyldur að taka við því, en það missi fjórðung af kaupi sínu; komi hjúið þar á móti eigi í vist innan fardaga, þá skuli það sekt við húsbóndann um svo mikið fè, sem nemur öllu árskaupi þess, og skuli þá húsbóndi eptir þenna tíma eigi vera skyldur að taka við því í vistina.

Í 10. grein höfum vér sett ákvarðanir um það, sem einstöku sinnum ber við, að hjú hefir undirgengizt að flytja sig sjálft í vistina, án þess húsbóndi viti þess; ber þetta einkum við, þegar hjúið á mjög langt í vistina, t. a. m. þegar það á að fara yfir tvær sýslur, og það því ekki er hagfellt fyrir húsbóndann að láta vitja þess. Með því nú þannig má gjöra ráð fyrir, að ferðin almennt sé býsna löng, þá verður ekki, þegar ekkert er til tekið um, hve nær hjúið skuli koma í vistina, settur neinn viss tími, er það skuli vera komið; vér höfum því af ráðið að ákveða, að þegar svona stendur á, skuli hjúið fara af stað sjálfan hjúaskildagann, og fara tafarlaust fullum dagleiðum, þangað til það er komið þangað, sem það á að fara í vist; og skulum vér geta þess, að þó að svo kunni að virðast, að það, sem ákveðið er um, að hjúið skuli fara fullum dagleiðum, sé nokkuð óákveðið, þá er aðgætandi, að hugmyndin um dagleiðir er hvervetna hér á landi, á eldri og nýrri tímum, svo þjóðkunn, að sjaldan mun verða vafi á, hvernig það eigi að skilja í hvert skipti (sbr. *þingmannaleið*, *dagleið*, sem eru algeng orð frá því í fornöld).

Hér er bætt við þeirri ákvörðun, að fari hjúið ekki undir eins á stað, svo sem nú var sagt, eða tefi það á leiðinni að nauðsynjalausu, þá skuli það greiða húsbóndanum bætur fyrir hvern

dag, er það þannig tefur; að ef það, sökum slíkra tafa, kemur meir en viku seinna, en það annars gæti komið (sbr. áþekka ákvörðun í 6. gr.) skuli húsbóndinn eigi skyldur að veita því viðtöku, og skuli þá svo álíta, sem hjúíð hafi rofið vistarsamninginn, sbr. 8. grein; að húsbóndinn samt sem áður sé skyldur að taka við hjúinu, ef sjúkdómur eður aðrar tálmanir, sem því eigi verður sjálfu um kennt, hafa tafið það, svo framarlega sem það eigi kemur meir en hálfum mánuði síðar, en það hefði komið, ef slík tálmun hefði eigi tafið það; og að síðustu, að ákvörðunin í 9. gr. verði ekki heimfærð upp á það tilfelli, sem hér er um rætt, nema húsbóndi og hjú hafi svo um samið; er nauðsynlegt að taka þetta fram, einkum vegna þess, að ef heimfæra ætti 9. gr. upp á þetta, mundi óvissa sú, sem eptir þessari grein (10. gr.) hlýtur að eiga sér stað um það, hve nær hjúíð komi í vistina, svo mjög vaxa, að það yrði til of mikils бага fyrir húsbóndann. Hvað viðvikur hálfsmánaðar frestinum (þ. e. hálfur mánuður auk þess tíma, er þarf til ferðarinnar), þá hefir oss virzt nauðsynlegt, að setja hér slíkan frest í stað þess frests, sem annars er settur, til fardaga, með því svo er ráð fyrir gjört, að ferðin, þegar svona stendur á, sé löng.

Að endingu getum vér þess, að vel mætti setja þá reglu í þeim ákvörðunum, þar sem rætt er um að vitja hjúanna, að á verzlunarstöðum, þar sem hjúíð að eins flytur úr einu húsi í annað, skuli það sjálft koma í vistina; en með því það er venja á slíkum stöðum, einkum í Reykjavík, að hjúíð kemur ekki fyrri en um leið og húsbóndi sækir farangur þess á vinnuhjúaskildaganum, hefir ekki ákvörðun um þetta efni þótt nauðsynleg.

Í sambandi við ákvarðanir þær, er nú var getið, er í 7. grein frumvarpsins rætt um þær ástæður, sem geta heimilað húsbóndanum rétt til að vitja eigi hjúsins, eða til að færast undan að taka við því, og í 12. grein þær ástæður, er geta gjört það að verkum, að hjúíð ekki verði skyldað til að fara í vistina, sbr. að öðru leyti 13. og 14. grein.; 12. grein, er nú var getið, er að mestu leyti samin samkvæmt 21. grein í lögnum 10. maimán. 1854, með dálitlum orðamun, til að gjöra meininguna skýrari. Um 7. grein í frumvarpinu, sbr. 15. gr. hinna dönsku hjúalaga, getum vér þess, að ekki þótti þurfa að telja það með ástæðum, er heimila húsbóndanum rétt til að ganga frá vistarsamningnum, að hjúíð hefði unnið hegningarvinnu; því sökum fólksfæðar og þess, sem þar af leiðir, að menn svo mjög þekkja hverir aðra, þá þarf varla

að gjöra ráð fyrir því, að húsbóndi af ókunnugleik mundi ráða til sín fanga, er hefði verið laus látinn. Ekki hefir oss heldur þótt astæða til að taka í frumvarpið ákvörðun um það atvik, sem um er rætt í 3. tölulið í 15. grein í lögunum frá 1854, að hjúíð, þar sem það var áður í vist, hafi leitt börn þar á heimili til vondra verka; því undir slíka ákvörðun mundi á stundum mega heimfæra ýmislegt, sem ekki mundi þykja mjög hneykslanlegt, eptir almennings álitu hér á landi, þar sem einkum alþýða manna álitur hjú standa hér um bil jafnfætis húsbændum; loksins hefir oss þótt það óeðlilegt, að gefa húsbóndanum rétt, áður en hjúíð kemur í vistina, að neita að taka við hjúinu, án þess að hafa reynt það, af þeirri ástæðu, sem til er færð í 4. tölul. í 15. grein í lögunum frá 1854, að hjúíð eigi kunni til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, og það læzt kunna, þá er það var ráðið í vistina; er því þessi töluliður einnig felldur úr. Hvað það snertir, að svo stendur á, að hjúíð, þegar það á að fara í vistina, hefir syki eður meiðsli, þá virðist nefndinni, að þar sem er að gjöra um vistarráð fyrir eitt ár, eins og hér er, eigi ekki að taka til greina aðra syki eður önnur meiðsli, á þann hátt að húsbóndinn geti fyrir þá sök slitið vistarráðunum, en þau sem eru þess eðlis, að þau eru nokkuð langvinn, og höfum vér því álitu, að húsbóndinn af þessari ástæðu að eins ætti að geta slitið vistarráðunum, þegar vissa væri fyrir því, að hjúíð að minnsta kosti í 8 vikur yrði ófært til vinnu, og er 5. töluliður greinarinnar saminn samkvæmt þessu. Þess er annars getið á undan, að hjú getur misst vistarráðin vegna veikinda, þó öðruvísi sé ástatt, en nú var sagt; en það er, þegar það sökum veikinda dregst fram yfir ákveðinn tíma, að hjúíð komist í vistina; sbr. 8. og 10. gr. frumvarpsins.

Að síðustu skal þess getið, að meiri hluti nefndarinnar (Vilhjálmur Finsen og Jón Guðmundsson) hafa álitu, að ef ógípt vinnukona væri vanfær, þá ætti það að vera ástæða, er veitti húsbónda rétt til að sækja ekki hjúíð, eða til að neita að taka við því í vistina; og höfum vér því sett slíka ákvörðun í greinina undir 4. tölulið; sbr. lögin frá 1854, 15. gr., 6. tölul.; er það einkum ætlan vor í þessu efni, að eins og hjúíð, þegar svona stendur á, verður að kenna sjálfu sér um, að ekki verður við því tekið í vistina, eins muni hjúíð opt verða ófært til að vinna verk sitt, og einnig muni barn vinnukonunnar einatt verða húsbóndanum til þýngsla, eptir því sem ástatt er hér á landi. En að öðru leyti er það vita-



skuld, að þegar slík vinnukona einmitt fæðir barn sitt um hjúaskildagann, þá getur hún notið góðs af ákvörðuninni í 2. (3) kafla 8. greinar.

Minni hluti nefndarinnar (Jón Pétursson) er þar á móti á því, að þessi töluliður eigi að falla burt, með því 33. gr., 9. tölul. í frumvarpinu engan veginn skilyrðislaust gefi húsbóndanum rétt til að synja um vist vinnukonu, sem er vanfær, þá er hún á að fara í vistina, og það virðist vera ósamkvæmi í því að láta þá vinnukonu, sem hefði tekizt að narra húsbónda sinn tilvonandi, og leyndu fyrir honum að hún væri barnshafandi, þangað til hún væri komin í vistina, verða betra réttar aðnjótandi, en þá vinnukonu, er eigi hefði viljað beita slíkum ráðum til að komast í vistina; einnig virðist slík ákvörðun verði ósamkvæm 5. töluliði á eftir, þar sem heimtuð er vissa fyrir því, að sjúkt hjú verði ófært til vinnu í 8 vikur, til þess því verði synjað um vistina; svo yrði hún og ósamkvæm 10. grein í frumvarpinu, og ýmsum öðrum ákvörðunum þess; við þetta bætist, að vinnukonan getur opt átt barnið svo löngum tíma fyrir skildaga, að hún sé búin að ná sér aptur með öllu, þá er hún á að fara í vistina.

Hinn sami minni hluti nefndarinnar verður að vera á því, að einnig eigi að fella úr 6. töluliði greinarinnar, um það, að hjúíð hafi tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, með því nefndin ekki hefir tekið í frumvarpið ákvarðanir um vitnisburðabækur, og hafi hjúíð notað falsaða vitnisburði, má optast heimfæra það undir 1. töluliði; en meiri hlutinn (Vilhjálmur Finsen og Jón Guðmundsson) verða að vera á því, að það tilfelli, sem nú var um rætt, geti eigi að síður fyrir komið, með því hjúíð ætíð gæti reynt að fá þá vist með fölsuðum vitnisburðum, sem það ef til vill eigi gæti fengið að öðrum kosti.

Sè vistarsamningur fyrir komanda vistarár gjörður fyrri hluta vetrar þess, er á undan fer, þá eru samningsrof í álit almennings talin nokkru sakminni, ef húsbóndi eður hjú bregður vistarráðunum þegar innan jóla það ár, er á undan fer skildaga, er hjúíð á að fara í vistina, því þá má ætla að optast muni auðveldara fyrir húsbónda, að fá sér annað hjú, eða fyrir hjúíð, að fá sér aðra vist; svo getur og komið fyrir sanngjörn orsök, til að bregða vistarráðunum um það leyti, t. a. m. þegar húsbónda eigi fyrri, en skömmu fyrir jól, er byggt út af ábúðarjörð sinni, eður hann tekur aðra jörð til byggingar. Höfum vèr álitíð að taka ætti til greina þessa.skoð-

un, og höfum vér því í 11. grein sett þá ákvörðun, að ef húsbóndi eða hjú þannig ripta vistarráðunum, þá skuli það að eins varða fjórðungi af árskaupi, í stað þess, sem ákveðið er í 6. og 8. gr. frumvarpins um afleiðing slíkra samningsrofa, sem almennt á við um þetta efni.

#### Við 13. gr.

Í þessari grein, sem samsvarar 14. grein í lögnum frá 1854, er ákveðið, hvenær hjú geti riptað vistarráðum fyrir þá sök, að húsbóndi flytur burt þaðan, sem ætlazt var til að hjúíð skyldi vera í vist hjá honum. Meiri hluti nefndarinnar (Vilhjálmur Finsen og Jón Guðmundsson) hefir haldið, að réttast væri að hafa tillit til þess, hvort húsbóndinn flytur úr þeim hrepp, þar sem gjört var ráð fyrir að hann yrði vistarárið, því ekki mundi hér á landi eiga við að taka til greina vegalengd þá, er hann flytti eptir milnatali, og slíkt mundi eigi heldur samsvara augnamiði ákvörðunarinnar, sem er það, að hafa tillit til þess, að það ef til vill kynni að vera hagfeldara fyrir hjúíð að vera í einu héraði heldur en öðru; þykir meiri hlutanum sanngjarnt, að slíkt væri tekið til greina, ef sett væri meiri vegalengd en hér er umrætt, t. a. m. að húsbóndi flytti í aðra sýslu; samkvæmt þessu er greinin samin. Þess skal getið, að með því húsbændur almennt eigi eru búnir að flytja búferlum á hjúaskildaga, en ætla að gjöra það í fardögum þar á eptir, þá gæti hjúíð að visu, þegar svona stendur á, verið þenna tíma í vistinni, frá hjúaskildaga til fardaga; en það virðist þó eðlilegast, að þó flutningur húsbóndans reyndar eigi sé afstaðinn, heldur að eins fyrir hendi, þá skuli þó hjúíð mega ripta vistarráðunum undir eins á hjúaskildaga, ef á annað borð er lögð í þetta atriði sú þýðing, sem nú hefir verið sagt.

Minni hlutinn (Jón Pétursson) verður að álíta, að það atvik, að húsbóndi flytur til annars bústaðar hér á landi, yfir höfuð eigi ekki að veita hjúinu rétt til að ripta vistarráðunum, með því slíkt, eptir því sem ástætt er hér á landi, mundi hafa í för með sér ótöhluleg vandkvæði, og það að öllum jafnaði verður ekki álítið, að hjúíð hafi haft tillit til þess staðar, þar sem það á að fara í vist, en þar á móti einkum til þeirra kosta, sem það á að hafa í vistinni; svo er og hætt við því, að hjúíð stundum mundi nota þá ákvörðun, er þessu væri gagnstæð, til að ripta vistarráðunum, þó það í raun og veru stæði á sama fyrir það, á hvaða stað það væri í vist. En ætti að gjöra ákvörðun í þá stefnu, er nú var sagt, þá

ætti að eins að hafa tillit til fjarlægðar þess staðar, er húsbóndinn flytur til, og mætti ekki ákveða þá fjarlægð minni en 5 mílur (þingmannaleið). Um það tilfelli, er húsbóndinn flytur af landi burt, þá er greinin samin að mestu leyti samkvæmt 14. gr. í lögnum frá 1854; sbr. 6. gr. í frumvarpi þessu.

## Við 14. gr.

Að öllum jafnaði verður ekki svo álitid, að hjú hér á landi hafi mjög mikið tillit til húsbændanna sjálfra, er þau vista sig hjá, heldur öllu fremur til þess, hvernig þar yfir höfuð er ástatt og hvernig þar er heimilisbragur; þess vegna virðist það eigi heldur rétt, að hjúid geti rípt vistaráðunum, þó húsbóndinn deyi, en ekkja hans heldur áfram búskap; hið sama virðist og að eiga vera reglan, þegar sonur eða dóttir kemur í hans stað. En þegar öldungis óviðkomandi maður, og eins þegar einhver af fjærskyldari erfingjum, tekur við búinu, þá höfum vér aptur á móti haldið, að regla sú, er nú var getið, gæti ekki átt við, og virðist því hjúid, þegar svona stendur á, eiga að hafa rétt til að rípta vistarráðunum, en á hinn bóginn ætlum vér að hjúid, þegar það afræður slíkt, eigi ekki að geta heimað neitt gjald úr húi húsbóndans, líkt og ákveðið er í 6. grein, en slík regla virðist að eins eiga við, þegar brugðið er búskap með öllu, því þá er hjúinu orðið ómögulegt að fara í vistina. Samkvæmt þessu er greinin samin.

## Við 15. og 16. gr.

Í tilskipun 2. júlím. 1685, 12. gr., sbr. 14. gr. í álitsskjali alþingis frá 1720, og í frumvarpi Thorarensens amtmanns 21. gr., hafa menn leitast við að ákveða, bæði hversu mikið kaup hjú geti mest átt, og er þá gjörður munur á körlum og konum, og einnig að hjúid megi ekki áskilja sér kaup í ýmsum hlunnindum, er haldið var að mundu gjöra stöðu þess of sjálffæra, og þau eigi hægra með að skjóta sér undan lausamanna löggjöfnni, með þessu móti kynni húsbóndinn og að láta hjúin hafa meiri hlunnindi, en hann gæti staðizt; í þessu tilliti er, t. d. í frumvarpi Thorarensens amtmanns farið fram á, að banna hjúum almennt að geta áskilið sér kaup í fóðrum eða hlut í sjávarasla. Með því, að óhagræði þetta að eins kemur af vinnuhjúaeklu, og af því að um svo fátt er að velja, hefir nefndinni ei að síður þótt ísjárvert, að reyna að ráða bót á því, með því að ákveða vissa upphæð í kaupum hjúa, eða með því að ákveða, í hverju kaupum mætti gjaldast, þar eð oss virðist að slík aðferð sé röng og úrelt, og þar eð vér á hinn bóginn á-

lítum, að almenníngur mundi verða þessum ákvörðunum mjög mótfallinn, og því örðugt að fylgja þeim. Ver höfum því tekið þá ákvörðun upp í 15. gr., að upphæð á kaupí því, sem hjúum beri, og í hverju það skuli goldið, t. d. í peníngum eða í vissum tilteknum aurum, o. s. frv., og eindagi kaupgjaldsins að öllu leyti skuli vera undír því komið, hvað hlutaðeígendur koma sér saman um; en sér engi samníngur um þetta gjörður milli húsbónða og hjús, skal ákveða kaupið eptír því, sem þar er sveitarvenju að gjalda hjúum í áþekkri stöðu, sbr. lögín 1854, 7. gr.; sér á hinn bóginn ekki ákveðið, í hverju greiða skuli kaupið, má borga það annaðhvort með peníngum, eða í slikum aurum, sem eptír sveitarvenju þar eru gjaldgengir í kaup, á þann hátt, að ef leggja skal penínga í vissa álna- eða vættatölu á landsvísu, skal þá virða eptír meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni. Hvað loksins því viðvíkur, hve nær gjalda skuli kaupið, skal það greitt við lok vistarársins, nema öðruvísi hafi verið um samið. Þessi seinasta ákvörðun er og samkvæm því, sem almennast er, sbr. lögín 1854, 29. gr., tilskipun 3. júní 1746, 23. gr. Þar eð það er áriðandi fyrir húsbóndann, að hjúíð sér svo vel fatað, að það geti gengið til allrar vinnu, hefir og sú ákvörðun verið tekin upp, að húsbóndinn, þegar hjúíð ekki er nægilega fatað til að ganga til allrar vinnu, geti krafizt, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt. Meírí hluti nefndarinnar (V. Finsen og J. Pétursson) áleit og nauðsynlegt, að bæta þeirri ákvörðun við, að þegar samið er um að kaup skuli gjaldast í ýmsum tilteknum aurum, t. d. einn þriðjúngur í peníngum, annar í kindum eða sauða sóðrum o. s. frv., á verð fatanna, er þannígg eru goldin í kaup, eptír réttum blutföllum að koma upp í hina ýmsu aura, er um hefir verið samið. Minní hlutinn (J. Guðmundsson) þar á móti áleit þessa ákvörðun óþarfa, þar eð það sér mjög sjaldgæft, að húsbóndi og hjú gjöri reglulegan samníng sín í millum um það, hvernígg eða í hverju kaupið skuli goldið; en þar á móti sér það langalmennast, að upphæð kaupsins sér ákveðín eptír vættum, álnum eða spesíum.

Seínast í greín þessari er þeirri ákvörðun loksins við bætt, að hjúíð fyrir seinasta árskaupí hafi forgöngurétt í þrotabúi húsbóndans, sbr. lög 1854, 48. gr. Í þessu tillíti er þess að geta, að opið bréf 23. júlí 1819 ekki er álítið gílt á Íslandi, og hefir meírí hluti nefndarinnar (J. Guðmundsson og J. Pétursson) því álítið, að forgöngurétt þenna ætti að takmarka á þann hátt, að þessi krafa

gangi næst löglegum veðrætti, þar ekki er ástæða til, að taka þessa einstöku kröfu, er hér ræðir um, fram yfir veð í lausafé, sem styðst við samninga; eins og aðrar kröfur, sem styðjast við persónuleg einkaréttindi, heldur ekki almennt hafa slíkan forgöngurætt. Þar á móti álitur minni hlutinn (V. Finsen), að ákvörðun sú, sem hér ræðir um, eigi að veita hjúum forgöngurætt í þrotabúi húsbændanna fyrir seinustu ársláunum, er inni standa, eptir D. L. 5—14—37 og opnu bréfi 23. júlí 1819, og byggir það á því, að tilsk. 18. febr. 1847, 18. gr., sbr. kansellibréf 20. apríl 1822 hefir löggilt opið bréf 23. júlí 1819 á Íslandi, hvað kröfur ómyndugra til fjárhaldsmanna þeirra snertir.

Hvað viðvikur rétti þeim, er dönsk lög heimila hjúum til að til að gjöra fjárnám hjá húsbónda fyrir kaupí sínu, sbr. lögín frá 1854, 49. gr., höfum vér að sönnu ekki getað betur séð, en það væri æskilegt að hjú hér á landi fengi sama rétt; en hér verður það að koma til greina, að á Íslandi eru talsverðir örðugleikar á slíku fjárnámi; þar eð það mundi verða mjög erfitt fyrir sýslumanninn fyrir þau litlu laun, sem hann kynni að fá fyrir það, að ferðast til fjarlæggra hreppa til að framkvæma slíkt fjárnám, einkum ef það kæmi opt fyrir; á hinn bóginn sýnist það ófært, að fela hreppstjórum á hendur, samkvæmt opnu bréfi 2. apríl 1841, 2. gr., að framkvæma fjárnámið, þar sem um viðskipti einstakra manna er að gjöra, og ýmislegt úgreiningarefni getur verið. Vér höfum þess vegna hikað oss við, að ráða til þess, að fjárnám þetta yrði lögleitt á Íslandi.

Vér höfum álitíð það réttast, að bæta þeirri ákvörðun inn í 16. grein frumvarpsins, að húsbóndi skuli veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, næga þjónustu og nóg skæðaskinn, svo og leggja því til rúmfatnað og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit að veita hjúum, auk kaupsins, sbr. tilsk. 3. júní 1746, 23. gr., frumvarp Thorarensens 22. gr. og álitiskjal alþingis frá 1720. Minni hluti nefndarinnar (Jón Pétursson) álitur, að í greinina um kvaðir þær, sem hjú eiga að húsbændum sínum, eigi að bæta því við, að húsbóndinn á sumrin skuli vera skyldur að ljá hjúi sínu hest kauplaust til sóknarkirkjunnar; meiri hlutinn getur á hinn bóginn ekki annað séð en ákvörðun þessi sé óþörf.

Við 17. grein.

Grein þessi er byggð á 30. grein í lögnum 1854. Í niðurlagi greinar þessarar stíngur minni hlutinn (V. Finsen) upp á, að

bæta við ákvörðun þeirri, er hér fylgir, sbr. lög 10. maí 1854, 38. grein:

»Deyi húsbóndi, skal vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eða búí, á þann hátt, sem samið var við hinn látna«.

Minni hlutinn álitur, að ákvörðun þessi muni taka af allan efa í þessu efni, þar eð það annars gæti verið vafasamt, hvort hjúíð eptir almennum grundvallarreglum laganna getur skyldazt til að vera í vistinni, einkum þegar svo stendur á, að skiptaráðandi setur einhvern óviðkomandi mann til að vera fyrir búinu í stað þess látna.

Við 18.—20. grein.

Í greinum þessum er rætt um skyldu hjúa, meðan þau eru í vistinni, og má bera þær saman við lög 1854, 22—24 grein, tilsk. 3. júlí 1746, 22. grein; skal þess aðeins geta, að vèr eptir ákvörðun þá, sem býður hjúum að ganga til allra verka, er húsbóndi fyrir skipar, höfum álitíð rétt að bæta því við, að frá þessu skuli þó þau tilfelli undanskilin, þegar húsbóndi skipar hjúí að leysa eitthvert verk af hendi, sem er mjög óvanalega hættulegt; vèr höfum hér tekið tillit til þess, að það gæti komið fyrir, að húsbóndi t. d. þegar eitthvað af sauðfè hans væri komið í sjálfheldi í klettum, eins og opt vill til upp til fjalla, og ómöglegt væri að komast að án lífshættu, skipaði hjúí sínu að klifrast upp í þessa kletta til að ná fènu; líka gæti það komið fyrir, að húsbóndi lèti hjú, sem því væri óvant, síga í kletta, til að taka egg eða drepa fugl, sem aðrir ekki geta gjört en þeir, sem því eru vanir o. s. frv.; en það er vitaskuld, að hjúíð, þegar svona stendur á, getur neitað húsbónda um hlýðni, sbr. annars 25. grein frumvarpsins.

Við 21. og 22. grein.

Í greinum þessum er talað um skaðabætur og hegningu, er hjú geti bakað sèr í vistinni, sbr. hjúalögin frá 1854, 25. og 26. grein, tilskipun 3. júní 1746, 21. grein, 9, 17—19 grein, frumvarp Thorarensens 20. og 23. grein. Hèr skal þess getið, að með tilliti til skaðabóta-skyldunnar þótti ástæða til að bæta því tilfelli við, þegar hjúíð af óhlýðni eða deyfð í að framkvæma boð húsbónda síns gjörir honum tjón.

Hvað viðvikur hegningar ansvari því, er hjú kynni að baka sèr með breytni sinni við húsbóndann, meðan það er í vistinni, hefir meiri hluti nefndarinnar (J. Guðmundsson og J. Pétursson) álitíð, að það mundi vera nægilegt, og bezt fara á því, hèr að eins að tala um minni

háttar óhlyðni og þrjúzku hjúa o. s. frv., og mætti í slíkum tilfellum leggja sanngjarnar fjárbætur á hjúíð; þegar hjúíð þar á móti vinnur til meiri hegningar, þótti rétt að skirskota til almennra lagaákvæðana; og samkvæmt þessu er 22. grein frumvarpsins samin.

Minni hlutinn (V. Finsen) álitur þar á móti réttast, að nákvæmari ákvarðanir fyndist í hjúalögunum um slíkar hegningar, sbr. tilsk. 4. október 1833, 23. grein, og stíngur því upp á, að grein þessi verði samin samkvæmt 26. grein í lögum frá 1854, þó með þeim mun, að ákveðnar sé 1—20 ríkisdala bætur sem hegning fyrir óhlyðni, þrjúzku og mótþróa eða meiðyrði, og fyrir mótþróa í verki eða annan óskunda frá 5—30 dala bætur, eða 6—10 vandarhögg, og í Reykjavík vatns- og brauðs hegning í 5—10 daga; allt með því skilyrði, að önnur lög ekki ákveði meira straff fyrir brot þessi.

Við 23. og 24. grein.

Eptir ýmsum ákvörðunum, einkum í tilskipun 2 apríl 1685, 10. grein, tilsk. 3. júní 1746, 8, 16, 24. grein, sbr. annars álitsskjal alþingis frá 1720 og 22. grein í frumvarpi Thorarensens, er húsbónda heimilt að hafa húsaga við hjú sín. Þenna rétt þykir því síður ástæða til að binda við vissan aldur hjúanna, sbr. lög 1854, 27. grein, sem það ætíð á Íslandi verður örðugt fyrir húsbónda að ná rétti sínum með málssókn, og hefir hann þess vegna opt ekki önnur ráð, en grípa til þessa réttar síns til að viðhafa húsaga; það þarf eigi heldur, eptir því sem reynslan hefir sýnt, að bera kvíðboga fyrir, að húsagi þessi muni verða mjög opt við hafður, eða um skör fram. Annars virtist rétt að taka það fram, að slíka hegningu mætti að eins við hafa, þegar hjúum hefir sézt eitthvað yfir, og þess vegna ekki við neina saklausan, og líka að ekki megi misþyrma hjúi; einnig er þeirri ákvörðun hér bætt við, að húsbóndi eigi megi við hafa orð, er meiði æru hjúsins, sbr. tilsk. 3. júní 1746, 24. grein, og það tekið fram, að gjöri húsbóndi sig sekan í þessu, verður farið að, eins og hann hefði misboðið vandalausum manni.

Það er og vitaskuld, að sumar ávirðingar, t. a. m. ótrúmennska og prettir, ekki geta sloppið hjá hegningu, þó húsbóndi af fljótræði hafi við haft húsaga fyrir þær; þar á móti er það edlilegt, að þegar húsbóndi hefir beitt húsaga við hjú sitt fyrir óhlyðni og mótþróa, þá getur hann ekki á eptir ákært það til hegningar fyrir yfirsjón þess, og meiri hlutinn (V. Finsen og J. Guðmundsson) hafa því tekið ákvörðun um þetta efni upp í 24. grein. Minni hlutinn (J.

Pétursson) stíngur upp á því, að það sé tekið til greina, hvort hegning fyrir hinar frömdu ávirðingar ekki gæti varðað meiru en fóbótum, og væri svo, vildi eg að hegning fælli niður, þegar húsbóndi hefir við haft húsaðann; þessi regla ætti þar á móti ekki að vera við höfð, þegar hegningin gæti orðið meiri en fóbætur einar.

Við 25.—32. grein.

Hvað viðvíkur sérstökum skyldum húsbónda við veikt hjú, þá er í tilsk. 3. júní 1746, 23. gr., að eins sú almenna ákvörðun, að húsbóndi skuli veita hjú alla hjálp og hjúkrun, ef það sýkist; auk þessa má þess geta, að í Jónsbókar kaupabálki, 25. kap., er sú ákvörðun, að þegar sýki »verkmanna« vari lengur en 3 daga um heyrannir, eða hálfan mánuð á öðrum tíma árs, skuli draga af kaupinu, og er í kansellibréfi 20. desember 1836 álitid, að ákvörðun þessi að eins hafi átt við daglaunamenn, en ekki við hjú; en þessi skilningur getur verið vafasamur, því kansellibréf þetta áleit bónda nokkurn, sem vinnumaður veiktist hjá í sláttar byrjun, vera skyldan til að halda hann til næstu vinnuhjúa skildaga. Annars hefir Thorar-ensen í frumvarpi sínu 22. gr. að mestu leyti farið eptir ákvörðunum í kaupab. 25. kap. með þeirri breytingu, að hann hefir tekið sjúkdóm um vertið til jafns við sjúkdóm um heyrannir.

Þar eð lagaákvörðanir um þetta efni þannig eru nokkuð ófullkomnar á Íslandi, og skortur á hagkvæmum reglum, er hér að lúta, hefir verið einna helzta óhagræðið í hjúamálum hér á landi, hefir nauðsyn til borið, að semja um það nýjar ákvarðanir. Þegar vèr sömdum ákvarðanir þessar, fórum vèr eptir lögum 1854, 31.—33. gr., hvað viðvíkur þeirri aðalskiptingu, sem gjörð er á því, hvort hjú sýkist af óviðurkvæmilegri meðferð húsbónda, af sjálfsvöldum eða af hvorugri af þessum orsökum; að öðru leyti höfum vèr í ýmsu vikið frá nefndum lögum. Vèr skulum í þessu efni geta þess, þó það gjöri ekki mikið til, að þegar sjúkdómur hjús er af völdum húsbónda, er ákveðið í 25. gr. frumvarpsins, að það, eptir því sem á stendur, geti varðað 2—50 rd. fóbótum fyrir hann, svo framarlega sem meiri hegning ekki liggur við eptir öðrum lagaákvörðunum, en lög 1854, 31. gr., setja almennt fangelsi allt að fjórum vikum sem hegning, er einnig megi við hafa. Þessu straffi verður ekki komið við á Íslandi, og það þótti ekki eiga við að setja líkamlega hegning í staðinn, þegar yfirsjónin, eins og hér er gjört ráð fyrir, ekki varðar miklu.

Hvað þessu næst því tilfelli viðvíkur, þegar hjú sýkist af sjálfs-



völdum, verðum vèr, þegar gætt er að hinum langa vistartíma, og að þeim þýngslum, sem húsbóndinn getur haft af slíku hjúi, að álíta, að hjúinu ekki að eins beri, eins og tiltekið er í lögum 1854, 32. gr., að greiða sérstaklegan kostnað, er leiðir af lækningu þess, og missa tilkall til kaups fyrir þann tíma, sem það er ófært til vinnu; heldur eigi það og að borga húsbónda fæði og hjúkrun, meðan það var sjúkt. Þetta getur ekki álitizt of hart, því hér er gjört ráð fyrir, að hjúid af sjálfsvöldum hafi fengið syki þessa eða meiðsli.

Hvað loksins því tilfelli viðvíkur, þegar hjú sýkist í vistinni eða meiðist, án þess húsbónda eða því sjálfu verði um kennt, hefir nefndin haldið, að hér verði og að taka töluvert tillit til hins langa vistartíma og þeirra þýngsla, er af því geta leitt fyrir húsbónda, ef syki hjúsins verður langvinn, og vèr höfum því álitid, að húsbóndi yrði of hart úti, ef hann væri skyldaður til að borga hjúinu kaup um allan legutimann, hvornig sem ástatt væri, og auk þess að fæða það. Vèr höfum þess vegna sett þá reglu, að hjúid skuli greiða þann kostnað, er leiðir af lækningu þess og sérstaklegri hjúkrun, en að öðru leyti beri að gjöra mun á, hvort sýkin ekki varir lengur en 14 daga um heyannir eða vertid, eða einn mánuð á öðrum tíma árs, því þegar svo er, skal ekki draga af kaupum hjúsins, eða hvort hjúid vegna veikinda er ófært til vinnu um lengri tíma en nú var nefnt; því sè svo, skal draga af kaupum þess fyrir allan þann tíma, sem það hefir verið sjúkt, og þá einnig fyrir fyrsta mánuðinn eða fyrstu 14 dagana af veikindunum. Þess er annars getið, að húsbóndi borgunarlaust ætið skuli fæða hjúid; og loksins er þeirri ákvörðun bætt við, að deyi hjú, geta erfingjar að eins gjört tilkall til þess kaups, sem álíta má að það hafi verið búid að vinna fyrir, þá er það við sjúkleikann varð fatlað til vinnu, og er ákvörðun þessi samkvæm lögum 1854, 37. gr.; en það virðist, að það ætti einúngis að heimfæra hana upp á þau sjúkdómstíffelli, sem hér er um rætt, en þar á móti ekki, eins og gjört er í lögnum, einnig upp á þau tilfelli, þegar sýkin er af völdum húsbónda, því þegar svo er ástatt, er engi ástæða til að vilna honum í með kaupid; ekki ætti heldur að heimfæra ákvörðun þessa, þegar svo stendur á, að syki hjús er af sjálfsvöldum, því þá er það vitaskuld, og er þegar ákveðið að framan, að hjúid missi tilkall til kaups, meðan það er sjúkt.

Í 29. gr. er jafnframt þessu gjörð ákvörðun um það, hve nær húsbóndi, þegar hjú sýkist eptir að hafa ráðizt helma fyrir næsta

ár, hafi rétt til að ganga frá þessum samningi um ítrekun vistar-ráðsins, en það er, þegar hjúið af sjálfsvöldum hefir sýkzt, og einnig þegar veikindin eru svo langvinn, að húsbóndi eptir 7. gr. frumvarpsins hefði rétt til að neita móttöku því hjúi, er áður var til hans ráðið. Ákvarðanir þessar eru nú reyndar sjálfsgæðar, en það hefir þó virzt réttast, að bæta þeim hér við, til að koma í veg fyrir allan efa, er um þetta gæti orðið.

28., 30. og 31. gr. eru að mestu leyti samhljóða 34., 36. og síðari hluta 37. greinar í lögnum frá 1854; og skal þess hér að eins getið, að það þótti óþarfi að taka upp í frumvarpið skýlausa ákvörðun um það, að samningur milli húsbónda og hjús um, að hjúið skuli fara úr vistinni, ef það sýkist, ei skuli vera bindandi fyrir hjúið, sbr. lög 1854, 34. gr., þar eð þetta þegar flýtur af því, að hjú eptir frumvarpinu ekki geta ráðizt í vist fyrir styttri tíma en 1 ár; það þykir og ólíklegt, að slíkir samningar, sem eru svo óhaganlegir fyrir hjúin, komi opt fyrir. Þar eð það mundi opt torvelt að ná í prest eða lækni, til að láta þá dæma um, hvort óhætt mundi að flytja sjúkt hjú, þá hefir álit tveggja valinkunnra manna þótt nægilegt í því efni; sbr. annars ástæður fyrir 41. gr. í frumvarpi til hjúalaganna dönsku, er lagðar voru fyrir ríkisþingið. Loksins hefir sú ákvörðun verið tekin upp í 31. grein, að húsbóndi skuli af fátækra sjóði hrepps þess, sem hjúið er í, fá endurgoldinn kostnað þann, er leiðir af lækningu og sérstakri aðhjúkrun hjúsins, ef það sjálft ekki getur borgað, sbr. tilsk. 14. desember 1810, 18. gr., opið bréf 29. desember 1829; þó á þann hátt, að þetta skuli álíta sem lán, er hjúið skuli endurgjalda; hjálp þessi á því ekkert skylt við það, að hjúi sé lagt af hrepp, og getur þannig engi áhrif haft á það, hvar það vinnur sér framfærslurétt, sbr. tilsk. 24. janúar 1844, 13. gr.; eins og þar líka er ákveðið, að kostnaður við greptrun hjúa, þegar eigur þeirra ekki hrökkva til, skuli endurgjaldast úr sveitarsjóðnum, þar sem þau voru í vist, sbr. áminnsta tilsk. 1844, 13. gr. Með þessu móti verður og optar komizt hjá því, að útfararkostnaðurinn verði ósanngjarnlega hátt reiknaður fyrir hrepp þann, hjúið átti framfærslurétt í, þar eð fátækrastrjórnin í þeim hrepp, sem hjúið átti heima í, á hægra með að hafa hönd í bagga með um slík gjöld.

Sè hjú sett í fangelsi, þá er það að sumu leyti líkt ástatt, og hjú sé sjúkt, og geta því á stundum átt við, þegar svo stendur á, reglurnar um veikindi hjúa. Vèr höfum því í sambandi við sjúk-

leik hjúa í 32. gr. gjört ráð fyrir því tilfelli, að hjú verði sett í fangelsi, og sett um það líkar reglur og í lögum 1854, 28. gr.

Við 33.—36. gr.

Hvað viðvíkur ástæðum þeim, sem geta gefið húsbónda heimild til að reka hjú burt úr vistinni, áður en vistartíminn er á enda, hefir nefndinni virzt, að ekki ælti að taka tillit til þess, sem hjúíð hefir gjört fyrir sér, áður en það ræðist í vistina, þar eð menn, eptir því sem ástatt er á Íslandi, þekkja svo mikið hver til annars, að það er lítil ástæða til að halda, að slík atvik hafi verið húsbónda ókunn; það er því hætt við, ef húsbóndi af þessum ástæðum hefði leyfi til að reka hjú úr vistinni, að hann mundi misbrúka það, og hafa sem fyrirbáru, til að reka hjú frá sér. Að þessum ástæðum höfum vér ekki talið það sem burtrekstrarsök, þó hjú hafi verið dæmt til hegningarvinnu (eða hýðingar) áður en það ræðist í vistina, sbr. lög 1854, 41. gr. 2. tölul.; og eigi hefir það heldur verið látið hafa slík eptirköst, að hjúíð áður hefir drýgt svik og þjófnað o. s. frv., sbr. lög 1854, 41. gr. 1. tölul., nema því að eins, að hjúíð fyrst verði uppvíst að þessum glæp eptir að það er komið í vistina. Hvað viðvíkur því, ef hjúíð hefir lagt hendur á fyrri húsbónda sinn, þá er líklegt, ef það hefir kveðið svo mikið að þessu, að það sé hætt við að þess konar komi optar fyrir, að það sé orðið hljóðbært, og húsbóndi hefði þannig samkvæmt 7. grein í frumvarpinu getað vísað hjúinu frá sér, áður en það kom í vistina.

Það hefir virzt óþarfi að setja hér ákvörðun um það, ef hjú er sett í fangelsi, meðan það er í vistinni, sbr. lög 1854, 41. gr., 3. tölul., þar eð þetta kemur svo sjaldan fyrir á Íslandi, sbr. tilsk. 24. janúar 1838, 13. gr., og kæmi það fyrir, yrði það að öllum jafnaði heimfært undir 33. gr., 1. tölul. í frumvarpinu; ákvarðanirnar í 32. gr. frumvarpsins gjöra og húsbónda óhultan fyrir, að verða fyrir of miklum halla, þegar slíkt ber að. Burtrekstrarorsök sú, sem talin er í lögum 1854, 41. gr., 12. tölul., nefnilega: ef hjú verður sekt í lauslæti með einhverjum á því heimili, er ekki talin með; því það er á Íslandi, einkum meðal almúga, álitíð lítið ljótara, þó maður fremi saurlífnað með kvennmanni, sem á heima á sama bæ og hann, heldur en þó hún væri t. d. frá næsta bæ.

Hvað viðvíkur hinum einstöku ástæðum, er taldar eru í 33. gr., og sem heimila húsbónda að reka hjúíð undir eins úr vistinni, þá er þess að geta, að húsbóndi einungis hefir rétt til að reka van-

færa vinnukonu úr vistinni, ef hún ekki getur gengið til sumarvinnu, því það er sá tími, sem bóndanum ríður mest á að hjú geti gegnt vinnu sinni. Í 11. tölul. er, auk ósamlyndis við hin hjúin, sem opt getur raskað reglu og friði á heimilinu, talinn rógur, sem opt getur haft sömu afleiðingar; eins og ósamlyndið heldur ekki er takmarkað svo, að það sé að eins milli vinnuhjúa. Meiri hluti nefndarinnar (V. Finsen og J. Pétursson) vildi einnig í 13. tölulið telja sem burtrekstrarsök, ef hjú ber róg milli húsbónda síns og nágretta, eða milli húsbónda og sambýlismanna hans, og þannig kveikir ósamlyndi milli þeirra; þessi viðbót þótti minni hlutanum (J. Guðmundssyni) þar á móti óþörf, þar eð það má álita, að ákvörðunin, sem sett er í 11. tölulið, einnig nái út yfir þetta tilfelli; en meiri hlutinn álitur á hinn bóginn, að tilfelli það, sem talið er í 13. tölulið, geti komið fyrir, án þess eiginlega að raska heimilisfriði og reglu, eins og gjört er ráð fyrir í 11. tölulið.

Minni hluti nefndarinnar (J. Pétursson) álitur, að fella eigi úr 12. tölulið frumvarpsins, þar nefndin ekki hefði stungið upp á því, að vitnisburðarbækur skyldu við hafðar; en meiri hlutinn (V. Finsen og J. Guðmundsson) verður þar á móti að mæla fram með því, að ákvörðun þessari verði haldið, þar eð hún opt getur átt við, t. a. m. þegar hjú hefir útvegað sér vitnisburði frá ýmsum, og með því móti fengið húsbónda til að taka sig í vist, sem opt ber við; þegar svona stendur á, álitur minni hlutinn þar á móti, að réttur húsbónda til að reka hjú úr vist, liggi í 33. gr. 7. tölul.

Loksins er þess að geta, að réttast þótti í enda 33. greinar að tiltaka vissan frest fyrir rétt húsbónda, til að reka hjú úr vist, og þótti hæfilegt að tiltaka viku, og skal húsbóndi innan þess tíma neyta réttar síns; en gjöri hann það eigi á þessum tiltekna tíma, þá fær hann þó þenna rétt aptur, ef hjúinu verður hið sama að nýju á, t. d. ef hjúin hefði mátt reka úr vist fyrir drykkjuskap, eins og gjört er ráð fyrir í 10. tölulið, þá þarf það hjú að eins að verða drukkið enn þá einu sinni, og má þá reka það burtu.

Hvað hjú ber í kaup o. s. frv., þegar það er rekið burt úr vist, eptir því sem áður er sagt, er ákveðið í 34. grein frumvarpsins, og má um það skirskota til laganna frá 1854, 42. gr.

Hvað viðvikur þeim atvikum, sem gjöra það að verkum, að hjú getur gengið úr vist, áður en vistarráðið er á enda, þá er 35. grein frumvarpsins að mestu leyti samin eptir 43. grein í lögnum frá 1854, og skal þess að eins getið, að þó húsbóndi flyti þaðan,

sem hjúíð ræðist hjá honum, þótti ekki vert að gefa þessu sömu þýðingu og í lögum 1854, nema því að eins, að húsbóndi flyti til annara landa. Sem sérstaklegri ástæðu fyrir hjú til að ganga úr vist, hefir því tilfelli verið við bætt, að lífi og heilsu hjúsins sè hætta búin af því að vera í vistinni, ef slikt er húsbónnda að kenna, eins og t. d. má hugsa sèr, ef bæjarhús bónda væri svo hrörleg, að hætta væri að vera í þeim, hefir nefndin álitíð, að þá ástæðu mætti telja til jafns við hinar, sem taldar eru í greininni.

Um það, hverja heimting hjú á á kaupi o. s. frv., þegar það af ástæðum þeim, sem taldar eru í 35. grein, gengur úr vist, þá er, í líking við grundvallarreglurnar í 44. grein laganna 1854, ákveðið í 36. grein, að þegar hjú hefir farið úr vist af ástæðum þeim, er nefndar eru í 35. grein, 4. og 5. tölulíð, ber því að eins kaup fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni; en í hinum tilfellunum, sem nefnd eru í 1.—3. og 6. og 7. tölulíð hefir hjúíð heimting á fullu árskaupi til næstu vinnuhjúaskildaga. Auk þessa er, með tilliti til matarverðs þess, er hjú ber, gjörður munur á, hvort það fer úr vistinni fyrir miðjan heyannamánuð (fyrstu dagana af ágúst), því þá virðist ekki að hjúinu beri neinir fæðispeningar, þar eð það hljóti að vera hægt að fá heyskaparvinnu; fari hjúíð þar á móti eptir miðjan heyannamánuð, en þó fyrir veturnætur (í síðari hluta októberm.), þá á það heimting á matarverði fyrir 8 vikur; og loksins, fari hjúíð eptir veturnætur, þegar sumarvinna er úti og jafnaðarlega örðugt að fá nokkra atvinnu, er ætlazt til að hjúíð fái matarverð fyrir 3 mánuði, en þó aldrei lengur en til skildaga. Hafi hjúíð ráðizt heima næsta vistarár, en fari síðan burt úr vistinni, en þó eptir jól, bera því fæðispeningar til næstu fardaga (í öndverðum júnímánuði).

Við 37. og 38. gr.

Í greinum þessum er ákveðið, hvað af því skuli leiða fyrir húsbónnda, ef hann, án þess til þess sè löglegar ástæður, rekur hjú úr vistinni, áður en vistarráðið er á enda, eða fyrir hjúíð, ef það á sama hátt hleypur úr vist fyrir skildaga. Í þessu efni má samanbera tilsk. 3. júní 1746, 20. og 25. gr., sem ákveður, að í fyrra tilfellinu skuli húsbóndi greiða hjúinu missiriskaup og fæðispeninga eins lengi, og þar að auki skuli honum hegnt eptir mála-vöxtum; en í seinna tilfellinu skuli hjúinu hegnt sem fyrir lausamennsku. Í staðinn fyrir þessar ákvarðanir, hefir oss þótt réttast, að þegar húsbóndi ólöglega rekur hjú úr vist, sè með það farið,

eins og þegar hjúíð eptir 35. gr. 1.—3. og 6. og 7. tölulið hafði rétt til að ganga úr vist, sbr. lög. 1854, 46. gr. með ástæðum; og er þeirri ákvörðun þar að auki bætt við, að þegar vistarráðin eru endurnýjuð til næsta vistarárs, skuli húsbóndi enn fremur borga hjúinu misseriskaup og matarverð til fardaga; ákvörðun þessa, sem annars er samkvæm 6. grein frumvarpsins, þótti réttast að einskorða við það, að hjúíð sè rekið burt eptir jól. Hvað viðvíkur hjúum, sem án löglegra saka hlaupa úr vist, höfum vér farið eptir þeirri aðal-ákvörðun í lögum 1854, 47. grein, að hjúíð skuli hafa fyrirgjört kaup sínu á því vistarári, og auk þess er það ákveðið, að hjúíð skuli greiða húsbónda 10 eða 5 álnir, eptir því sem það er karl eða kona, eptir verðlagskrá fyrir hvern mánuð, sem eptir er af vistarárinu, til að bæta upp vinnumissirinn; og er gömul venja fyrir því, að reikna útlát þessi á þenna hátt.

Niðurlag 38. greinar um það hjú, er hleypur úr vist eptir að það hefir ráðizt heima til næsta árs, er samkvæmt 8. grein frumvarpsins, sbr. 37. gr.

#### Við 39. gr.

Í þessari grein er ákveðið, hvernig reikna skuli fæðispeninga, þar sem þeir eru nefndir í frumvarpinu, sbr. lög 1854, 13. gr., og höfum vér í þessu efni farið eptir því, sem venja er til í sveitum, að ætla karlmanni um daginn 3 fiska eptir verðlagsskrá (vanalega um 24 sk.) og kvennmanni tvo; og skulum vér geta þess, að þar eð ýmsar verðlagsskrár gilda fyrir sérstaka hluta landsins, leiðir þar af, að útlát þessi á hverjum stað svara til verðs á öðrum nauðsynjum, og einkanlega til hins vanalega vinnuhjúa kaups. Á líkan hátt getur og reikningsaðferð þessi að öllum líkindum haldizt lengi við, án tillits til breytingar á gangverði peninga í samamburði við aðra aura.

Enn fremur hefir þótt tilhlýðilegt í enda greinar þessarar, að bæta við útskýringu um, hvað skilja á við fardaga í frumvarpinu, en það eru gömlu fardagar, eins og almennt tíðkast manna á milli á Íslandi, sbr. Jónsb. landsleigubálk, 8. kap.; en ekki hinir svo kölluðu nýju fardagar, 6. júní á ári hverju, sem einkum eru við hafðir í opinberum reikningum. Það er annars vitaskuld, að ein-dagi sá eða fardagar, er hér ræðir um, að eins getur átt við, þar sem vinnuhjúaskildaginn er sá, sem ráð er fyrir gjört í 3. gr. frumvarpsins (14. maí); en þar á móti ekki, þegar annar vinnuhjúaskildaginn er við hafður, og er tekin upp ákvörðun um þetta efni með

þeim viðbæti, að þegar vinnuhjúaskildagi sé annar, skal fresturinn vera jafnlangur og tímabilið frá 14. maí til fardaga.

Við 40.—51. gr.

Helztu vandkvæðin og örðugleikarnir í hjúaskipun á Íslandi er án efa fólgin í því, hvað erfitt er að sækja mál sín til dóms og laga, þar eð þeir, sem búa lengst frá sýslumanni, opt eiga 1—3 dagleiðir til hans og stundum meira; það eru því þegar talsverðir örðugleikar á að ná í sýslumann, til að fá stefnu. Það er líka vita-skuld, að þó löggjöfin ákveði minni aukatekjur í lögreglumálum, er rísa af deilum milli húsbænda og hjúa, sbr. aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 10., 28., 63. gr., hlýtur ferð sýslumannsins til þingstaðarins í hinni réttu þinghá, þar sem réttarhald á fram að fara, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 2. gr. o. s. frv., að gjöra það mjög kostnaðarsamt, að sækja lögreglumál til dóms, sbr. aukatekjureglugjörð 10. september 1830, 15. og 16. gr.; það er því líklegt, að eins og hjú sjaldan hafa efni á að sækja mál móti húsbónda til dóms, eins muni húsbóndinn, þó hann, ef til vill, væri fær um að borga málskostnaðinn, heldur leiða hjá sér yfirsjónir hjúsins, en að ráðast í, þrátt fyrir alla örðugleika, að láta málið ganga til dóms og laga. Vandkvæði þessi koma að sönnu fram í öllum málsóknum á Íslandi, en þó hvað tilfínanlegast í hjúamálum, þar sem um ýmsar viðvarandi kvaðir og skyldur er að ræða, sem hver um sig ekki er mikils vardandi; það hefir því verið reynt að ráða bót á þessu með þeirri ákvörðun í tilsk. 15. ágúst 1832, 3. gr., að kærandi í málum þeim, er dómariinn eptir almennum reglum á að reyna sætt í, og því þá meðal annars í lögreglumálum, hefir heimild til að leita í þessu efni til sættanefndarinnar; eins og enn fremur meðferð málsins í lögregluðóminum verður kostnaðarminni, ef hlutaðeigandi vill láta taka málið upp á hinum vanalegu manntalsþingum á vorin. Hvað hið fyrra atriðið snertir, þá hefir sáttatilraun litla þýðingu, ef menn ekki vonast eptir að geta látið málið ganga til dóms og laga á eptir; og um síðara atriðið má geta þess, að manntalsþing að eins eru haldin einu sinni á ári, og þá venjulega í byrjun vistarársins (eptir 14. maí), og af þessu leiðir, að hjúamál, sem risið hafa á hinu liðna ári, opt ekki geta komið fyrir á því; það bætist einnig hér við, að sýslumaðurinn löngu áður verður að ákveða þingdaginn í hinum ýmsu hreppum, og getur því að öllum jafnaði sökum naumleika tímans ekki tekið önnur mál fyrir en þau, sem honum hafa verið

tilkynnt, áður en hann ákvað þingdaginn; og geti nú málið þannig ekki komið fyrir á manntalsþingi, sem er það almennasta, þá er ekki annað eptir, en að sýslumaður á kostnað málspartsins takist ferð á hendur til þinghár þeirrar, þar sem gjöra skal um málið.

Af ástæðum þeim, sem greindar hafa verið, er það, sem stendur, mjög sjaldgæft, að hjúamál gangi til dóms og laga; nefndin getur því ei annað en álitíð, að það mundi hafa mikla þýðingu, jafnframt og nákvæmari ákvarðanir eru settar um skyldur og réttindi húsbænda og hjúa innbyrðis, eins og ætlazt er til með frumvarpi þessu, að þá yrði því svo fyrir komið, að hægra væri að fram fylgja þessum skyldum og réttindum að lögum, því þá fyrst fengi ný tilskipun um þetta mál þá þýðingu, sem til er ætlazt. Það getur nú ekki komið til máls, að heinlínis verði ráðin bót á vandkvæðum þessum, sem leiða af því, hvað sýslurnar eru stórar, eins og það heldur ekki er takandi í mál, að setja sérstakleg yfirvöld, er hefði vald til að skera úr slíkum málum; nefndin hefir þar á móti haldið, að setja mætti nefndir, sem gæti haft slíkt ætlunarverk um sættatilraunir í hjúamálum, eins og sáttamenn þeir, sem um er rætt í lögum 10. maí 1854, 65.—76. gr., og ætti nefndarmenn þessir, ef hlutaðeigendur æskti þess, einnig að geta verið gjörðarmenn í málum þeim, er fyrir þeim væri kærð, og ætti þetta að hafa þá þýðingu, að gjörð þeirra yrði fullnægt á sama hátt og sætt eða dómi; menn þessir ætti líka, ef hlutaðeigendur æskti, að geta verið milligöngumenn milli málspartanna og dómars, á þann hátt, að þegar dómarsinn hefði fengið málið með öllum gögnum frá nefndinni, þá gæti hann dæmt í því heima hjá sér, án þess stefnt væri, og án þess að hlutaðeigendur mætti fyrir rétti. Þessi aðferð, sem bæði yrði hæg og kostnaðarlítill, og aðgengileg fyrir alla, og sem að nokkru leyti mætti kalla stytta réttargang, sbr. annars tilsk. 15. ágúst 1832, 6. gr., yrði einnig að sumu leyti áþekk því að gjörð væri lögð á málið, að því er málspartarnir að mestu leyti fela nefndarmönnum á hendur, að lýsa málavöxtum fyrir þeirra hönd. Þó það nú yrði komið undir því trausti, sem menn hefði á þeim mönnum, er valdir yrði í hjúanefndina á hverjum stað, og trausti því, sem menn bæri til sýslumannsins, hvort menn notaði þessa aðferð mikið eða lítið; má þó álíta að með því, að mönnum kostnaðarlítið og með hægu móti gefst færi á að ná rétti sínum, væri eigi alllitið unnið til að koma betri skipun á hjúamál. Þess er enn að geta, að í sjálfu sér er



engi ástæða til að setja slíka nefnd að eins með tilliti til sættatilaunarinnar, þar eð það er í sjálfu sér eins hægt, og ekkert á móti því, hvað sjálfa sáttatilaunina snertir, að snúa sér til sættanefndarinnar, en þó það sé ekki ósennilegt, að hjúanefndin við æfingu þá, sem hún hefði í meðferð á hjúamálum, gæti komið meiru til leiðar í þessu efni, er það þó einkanlega með tilliti til hluttekningarinnar í úrslitum málanna á eptir, að vér höfum ráðið til að setja þessa nefnd, og það er þá vitaskuld, að það er mikið undir því komið, með tilliti til þessarar hluttekningar, að sáttatilaunin einnig hafi farið fram fyrir hjúanefndinni.

Að svo mæltu skulum vér, um hin einstöku atriði í tilhöguninni, geta þess, að oss virtist betra að hafa nefnd, er fleiri væri í, en einn mann, til að fara með mál þau, er hér ræðir um; því bæði væri þá meiri trygging fyrir dugnaði slíkrar nefndar, einkum þar sem ekki er líklegt, að vól mundi verða á mjög mörgum, sem vel væri fallnir til að sitja í nefndinni, sem gjöra má ráð fyrir, að komi fyrir í hinum minni hreppunum; líka væri það líklegt, einkum eptir álitum almennings hér, að menn bæri meira traust til nefndar, er þannig væri skipuð, heldur en til einstaks manns; það má einnig bæta þeirri ástæðu við, að ef fleiri eru, þá leiðir af því, að nefndin þekkir betur til um menn í hreppnum og hagi þeirra. Þeir menn skulu því, eptir voru álitum, valdir í hverjum hrepp í hjúanefnd þessa; skal sýslumaður, eptir að hafa borið sig saman við sóknarprestinn, kjósa þá meðal valinkunnra bænda í hreppnum, og skulu menn þessir undir vissum skilmálum vera skyldir að taka á móti kosningu. Þess skal hér og getið, að oss hefir að sönnu til hugar komið, að yrði sveitastjórnarráð sett, mætti ef til vill fela þeim á hendur, að kjósa menn í nefndina, en oss þótti þó ekki vert að gjöra neina ákvörðun um það í frumvarpi þessu: vér skulum og geta þess, að þó margar ástæður virðist mæla með því að sóknarpresturinn gæti setið í nefndinni, hefir eigi að síður þótt ísjárvert, að gefa kost á að kjósa presta í nefndir þessar, einkum þegar haft er tillit til þess, hvern þátt nefndirnar eiga í meðferð málanna og úrslitum; því þetta ætlunarverk þykir ei hæfa sóknarprestinum, og gæti líka gjört stöðu hans óþægilega.

Vestmannnaeyjasýsla er svo lítil, að þar er engi ástæða til að setja slíkar nefndir, og heldur ekki í Reykjavík; höfum vér því gjört þá ákvörðun, að á þessum stöðum skyldi engar nefndir vera, og

eigi heldur í neinum af þeim verzlunarstöðum, sem seinna yrði lög-sagnarumdæmi út af fyrir sig.

Vér höfum álitid það vel til fallid, að nefndin hefði nokkra ákveðna eða reglulega fundi á ári, bæði til þess, að safna málunum í eitt, að því sem unnt er, svo nefndinni yrði hægra fyrir, og til að gjöra það auðveldara fyrir málspartana að nota nefndina; auk þessa geta málspartar krafist, að aukafundir sé haldnir, ef þeir vilja það heldur. Meiri hlutinn (V. Finsen og J. Pétursson) áleit að á ári skyldu vera 3 ákveðnir fundir: hinn fyrsti laugardaginn í 6. viku sumars (hèrumbil 28. maí), sem er skömmu eptir vinnuhjúa skildaga; annar laugardaginn í 6. viku vetrar (undir lok nóvember mánaðar), og hinn þriðji fyrsta laugardag í einmánuði (síðast í marzm.); minni hlutinn (Jón Guðmundsson) var þar á móti á því, að ein-úngis ætti að hafa tvo slíka fundi, annan í maí og hinn í nóvembermánuði; en síðasti fundurinn í marzmánuði skyldi falla úr, þar eð hann ekki væri eins áriðandi og hinir fyrri, og menn á hinn hóginn ekki ætti að gjöra nefndinni meiri fyrirhöfn, en hjá yrði komist; en meiri hlutinn verður að álita, að mest nauðsyn beri til að gjöra málsþörtunum hægt fyrir með að ná til nefndarinnar á vetrarmánuðunum, þegar svo lítið er um samgöngur. Fundir þessir skulu haldnir á þingstað hreppsins (þar sem hreppaskila-þingin eru haldin), eða á öðrum stað, sem mönnum fyrirfram sé tilkynnt. Að öðru leyti er gjört ráð fyrir að nefndin kjósi sér forseta, og að nefndarmenn riti í gjörðabókina heit sitt um það, að þeir eptir beztu samvizku skuli gegna köllun sinni, líkt og ákveðið er í lögum 1854, 67. gr. Kjósi málspartar að stefna málinu til einhvers af hinum ákveðnu aðalfundum, getur kærandi sjálfur gefið út kæruskjalið; en sé máli stefnt til aukafundar, verðar oddviti nefndarinnar að útgefa kæruskjal til ákveðins staðar og tíma.

Vér höfum álitid, að öll mál, er snerta skyldur og réttindi húsbænda og hjúa, eptir frumvarpi þessu, ætti að heyra undir meðferð hjúanefndarinnar, þó á þann hátt, að ef málspartar eru komnir sinn í hvern hrepp, verður málið að öllum jafnaði ekki kært fyrir nefndinni; frá þessu er gjörð sú undantekning (43. gr.), að ef vistarráð slitna án löglegra orsaka, áður en vistarárið er á enda, annaðhvort af því húsbóndi hafi rekið hjúid burtu, eða það hlaupið úr vistinni, skal málið koma í gjörð hjá nefndinni í þeim hrepp, þar sem hjúid var í vistinni. Það leiðir af þessu, að mál þau, sem koma upp milli húsbónda og hjús, eptir að það er komið úr

vistinni, ekki verða kærð fyrir nefndinni; þau verður þar á móti að kæra beinlínis í lögregluglóm eða fyrir sáttanefndina, og mun þetta styðja til þess, að málum þessum eigi verði frestað, og gæti þannig að nokkru leyti komið í staðinn fyrir lögfyrring í hjúamálum, sem oss þótti ísjárvert beinlínis að ákveða.

Á hinn bóginn er það tekið fram, að það er nægilegt, ef málið er kært fyrir nefndinni, meðan málspartar eru í sama hrepp; með því móti verður hægt að kæra hvert mál fyrir nefndinni, sem rís af vistarráðunum til hins síðasta dags, t. d. ef hjúið seinasta daginn, sem það er í vistinni, sýnir mótpróa, eða ef kaup hjús, sem um var samið, ekki er borgað, þegar vistartíminn er úti, o. s. frv. Það er að öðru leyti ákveðið (48. gr.), að mál þessarar tegundar, ekki verði kærð fyrir rétti, fyr en hjúanefndin er búin að hafa þau til meðferðar, og þótti ákvörðun þessi nauðsynleg til að gefa nefndinni þá þýðing, sem til var ætlað.

Hvað við vikur meðferð málanna í hjúanefndinni, þá er greint á milli sjálfrar sáttatilaunarinnar og þess, sem nefndin seinna gjörir í málinu. Með tilliti til sáttatilaunarinnar (45.—47., 50. gr. frumvarpsins) þá er haldið hinum almennu grundvallarreglum um slíkar sáttatilaunir í hinum vanalegu sáttanefndum, sbr. lög 10. maí 1854, 70.—74. gr., og skal þess að eins getið, að í 45. grein er ákveðið að málspartarnir skuli koma fram með öll málgögn, sem þeir vilja byggja rétt sinn á, til þess að allar þær upplýsingar, sem unnt er, verði þegar gefnar í málinu, þar eð gjört er ráð fyrir, að málin optlega ekki fari lengra en til nefnarinnar; vör höfum í þessu tilliti hugsað oss, að ekkert væri á móti því, að málspartarnir jafnvel kæmi með þau vitni, sem gæti skýrt málið. Jafnframt reglunum um sáttatilaunina er ákveðið (45. gr.) að komist sætt ekki á, skuli málsþörtum heimilt, ef þeim kemur saman um það, að krefjast þess að nefndin leggi málið í gjörð, og skal gjörð þessa því næst upp kveða innau þriggja sólarhringa, og hefir hún þá sömu þýðing og lögmæt sætt; gjörð þessa skal og nefndin tilkynna málsþörtum, ef þeir eigi afsala sér slíka birting, sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 16. gr. Einnig er gjörð sú ákvörðun, að þegar málinu er ráðið til lykta með sætt eða gjörð, sé ekkert því til fyrirstöðu, að atriði, sem ekki voru í kæruskjalinu, megi taka upp í sættina eða gjörðina, þegar annarhvor málsparta æskir þess. Þessi regla er annars sjálfsgöð, hvað sættinni viðvikur, en getur haft þýðingu, ef málið kemur í gjörð, sbr. lög 1854, 74. gr., síðasta atriði.

Komist hvorki sætt á málið né það verði lagt í gjörð, er því skotið til dóms og laga, og getur þá kærandi á venjulegan hátt stefnt því fyrir lögreglurétt; en vili hann það heldur, getur hann enn, eftir því sem áður er greint, látið hjúanefndina flytja málið fyrir sýslumann, til að fá dóm í því, en þá verður hann þegar á fundinum að krefjast þess. Hjúanefndin skal þá (49. gr. frumv). semja greinilega skýrslu um kröfur málspartanna og málavexti og senda hana sýslumanni ásamt kæruskjalinu, vottorðinu um, að málinu sé skotið til lands laga og réttar og öðrum skýrteinum, er snerta málið; höfum vör í þessu tilliti hugsað oss, að það gæti verið, að málspartarnir sjálfir hefði samið skriflegar skýrslur um málið; og skal þá sýslumaður, eftir þessum gögnum og skilrikjum, kveða upp dóm í málinu fyrir rétti, innan 14 daga eftir að skýrsla nefndarinnar er til hans komin, án dómsstefnu og án þess málspartarnir mæti fyrir rétti, og má hann upp kveða dóminn á heimili sínu, eða hvar sem vill í sýslunni, en þó svo að málspartarnir engan kostnað hafi af ferð hans; þó skal sýslumaður, ef honum þykir málið ekki nægilega upplýst, fá nákvæmari upplýsingar frá hjúanefndinni og álit hennar um málið, áður en hann leggur dóm á það.

Það þótti óþarfi að bæta því við, að slíkum dómi mætti skjóta til æðri réttar, og eins og í þessu liggur trygging fyrir réttum úrslitum málanna, má þess jafnframt geta, að þó það kynni að líta út, eins og kæranda væri gefið of mikil umráð yfir málinu, með því það er lagt honum í vald að velja þessa stytta málsmeðferð, er það ætíð innanhandar fyrir hinn kærða, til að koma í veg fyrir, að hans rétti verði hallað í nokkru, að fá nefndinni í hendur skrifaða skýrslu um alla málavexti með ástæðum, sem nefndin svo sendir sýslumanni ásamt öðrum málgögnum. Jafnvel þó nokkrir annmarkar kynni vera á málsmeðferð þeirri, sem hér er getið, en vör höldum að þeir ekki mundu verða öllu fleiri en við mál, sem á vanalegan hátt eru flutt fyrir lögreglurétti, þá getum vör þó ekki annað en verið á því, að hagsmunir þeir, sem ynnist, mundu riflega vega móti göllunum, með því mönnum gefst kostur á, að ná rétti sínum á einfaldan og kostnaðarlítinn hátt. Það kynni enn fremur að virðast, að ætlunarverk það, er hjúanefndinni er lagt á herðar, sé vandasamara en svo, að menn geti ætlað til, að bændur leysi það vel af hendi, en bæði geta málavextir opt verið næsta einfaldir, svo að ætlunarverk nefndarinnar að eins yrði að skýra frá þeim, og á hinn bóginn eru bændur á Íslandi mjög aðgætnir

og greindir, ekki sízt í því, er málaferli snertir, og ferst hönduglega að skýra frá hugsunum sínum skriflega; loksins verður það og léttara að dæma um mál þessi, þegar ný hjúalög eru komin út.

Þess ber loksins að geta, að svo virðist sem kærandi eigi að geta kosið hina áminnstu meðferð málsins, þótt hinn kærði ekki mæti fyrir hjúanefndinni (49. gr.), og sýnist ekkert vera þessu til fyrirstöðu, með því hinn kærði má vera undir það búinn, þegar slík ákvörðun á annað borð er sett; eins og hinum kærða á hinn bóginn er gefin heimild til, að krefjast þess af kæranda, að hann hafi við málsmeðferð þá, er hér ræðir um; en kynoki kærandi sér þá við því, og flyti málið á vanalegan hátt fyrir lögreglurétti, skal hinn kærði aldrei borga meira en fjórðung málskostnaðar, þó annars hefði átt að dæma hann til að borga hann allan; hefir oss þótt vel eiga við að setja ákvörðun þessa, bæði til þess að taka tillit til þarfa hins kærða, svo sem unnt er, og til að stuðla til þess, að málsmeðferð þessi yrði við höfð, þegar annar málspartanna æskti þess.

Kostnað þann, sem leiðir af meðferð mála fyrir hjúanefndinni, höfum vér ákveðið samkvæmt reglunum um laun hinna vanalegu sáttamanna, og bætt þar við einum dal, ef nefndin annaðhvort leggur málið í gjörð, eða býr það undir dóm sýslumanns eptir áskorun málspartanna; og skal þess hér getið, að þó svo kynni að virðast, sem laun þessi væri heldur lág, hefir þó ekki, eptir því sem á stendur, þótt ráðlegt að hafa þau hærri; með því það er og ætlandi, að á hinum árlegu aðalfundum nefndariinnar komi svo mörg mál fyrir, að nægja muni til að borga nefndarmönnum tímátöf og ferðakostnað. Ferðakostnað skulu nefndarmenn ætíð fá endurgoldinn, þegar mál er kært fyrir þeim á aukafundi. Til að hamla því, að kærandinn að orsakalausum stefni málum til aukafunda, er ákveðið að hann ætíð skuli fyrst um sinn greiða þann ferðakostnað, er af því leiðir, og skal hinn ákærði aldrei vera skyldur að endurgjalda honum meira en helminginn af þeim kostnaði.

## II. Um lausamenn.

Eptir ákvörðunum í tilsk. 19. febrúar 1783 og fátækrareglugjörð 8. janúar 1834, 20. gr., sem annars að mestu leyti eru samhljóða anda allra hinna eldri laga og fjölda alþingissamþykta, er það sjálfsögð skylda fyrir hvern almúgamann, að ganga í fasta vist, þegar hann ekki annaðhvort er bóndi eða húsmáður, án nokkurrar

undantekningar; og var hegning fyrir að brjóta móti þessu boði ákveðin í tilsk. 1783, 3. gr., til nokkurra mánaða vinnu í hinu íslenzka tukthúsi; eptir konungsúrskurði 25. júlí 1808, 7. gr., er straffi þessu breytt í líkamlega hegningu, 10—12 vandarhögg, eða í Reykjavík vatns- og brauðs-fangelsi, er geti varað í nokkrum sinnum 5 daga.

Því verður nú ekki neitað, að það er margt, sem mælir með því, að almúgamönnum skilmálalaust sé gefinn kostur á að hafna föstum vistarráðum. Í Danmörku og annarstaðar mega verkmennt eða daglaunamenn, til að geta komizt af, nota sérhvert tækifæri, sem býðst, til vinnu allt árið, og við hafa allan sparnað og reglu-semi, þar eð svo margir eru um vinnuna, og kaupið fer eptir því. Á Íslandi þar á móti er á sumum tímum árs, hægt að vinna sér mikið inn, en það er um vertíðarnar, einkum á veturna, þegar sjórinn á einum degi getur veitt meiri ávinning en margra daga vinna, og um heyannatímam, þegar sveitabóndinn verður að taka kaupafólk og borga því vel, til að nota hinn stutta sumartíma til að ná inn sem mestu heyi. Á öðrum tímum árs er á hinn bóginn lítils ávinnings von í samanburði við þetta. Það leiðir af þessu, að maður, sem kann nokkurn veginn til vinnu á hægt með að komast af með það, sem hann vinnur sér inn á hinum áminnstu árstímum, þó hann að mestu leyti gangi iðjulaus hinn tímann, en af lifnaðarhætti þessum leiðir aptur ýmsa óreglu, drykkjuskap, ferðaslark, sveitagang o. fl.; auk þessa er þessi frjálsi lifnaðarháttur svo árennilegur, að ef hverjum, sem vildi, væri heimilt að vera í lausamennsku, mundu flest hjú á Íslandi án alls efa kjósa þessa stöðu, heldur en að fara í vist, og yrði þá sjálfsagt svo mikil vinnuhjúækla, að það yrði til mesta tjóns fyrir jarðræktina og alla velmegun landsins yfir höfuð að tala. Hjú mundu enn fremur, ef lausamennska væri leyfð, sýna húsbændum sínum meiri sjálfbyrgingskap en ella, þar eð þau ætíð gæti valið lausamennsku, þegar vistarárið væri á enda, að vör ekki minnumst á stjórnsleysi það í lög-reglu allri, sem mundi leiða af þeim lausamannagrúa, sem þá yrði, eins og reynsla hefir sannað, einkum á fyrri tímum.

Af ástæðum þessum hefir nefndin engan veginn viljað ráða til, alveg að af taka skyldu almúgafólks til að ganga í vist, og er þessi skoðun nefndarinnar samkvæm frumvarpi B. Thórarensens og uppástungu alþingis 1853. En á hinn bóginn má þess geta, að lausamannalögin, eins og þau hafa verið, þurfa breytingar við, þar eð

Það er allt of hart, eptir eðli brotsins, að refsa mönnum líkamlega með hýðing fyrir lausamennsku, og hefir það leitt til þess, að þó lausamenskubannið opt hafi verið ítrekað, t. d. í reglugjörð 8. janúar 1834, 20. gr. og í mörgum amtsbréfum, hefir það haft minni þýðingu en ella, og ekki náð tilgangi sínum; með því það má ætla, að nú sem stendur, eru ekki allfáir lausamenn hingað og þangað um landið, þar eð menn ekki fyrri en í síðustu lög hafa viljað við hafa þessa hegningu, og á hinn bóginn kemur það opt fyrir, að margt mælir með því, að undantekning sé gjörð frá þessari skyldu til að ganga í vist. Vær höfum því hugsað nákvæmlega um, hvort ekki mundi mega laga lausamannalöggjöfina svo, að mönnum yrði á einn bóginn gjört hægra fyrir að vera í lausamennsku, en áður hefir verið, en á hinn bóginn yrði það bundið við skilmála, sem gæfi trygging fyrir því, að ekki allt of margir flykktist í þenna atvinnuveg, sem, eins og áður er á vikið, gæti haft þau eptirköst, er hlyti að vera skaðleg fyrir landið. Vær höfum álitíð, að þessum tilgangi yrði náð, ef mönnum gæfist kostur á að vera í lausamennsku, en leyfi þetta aptur væri bundið, sumpart við ákveðinn aldur, sumpart við ákveðið riflegt gjald eða þóknun, sem greiða skyldi fyrir leyfið, og mundi gjald þetta gjöra það að verkum, að margir ekki mundu kjósa sér þessa lífsstöðu, sem annars hefði gjört það, sumpart við ákveðið árlegt gjald, sem gæti svarað til hinna opinberu útgjalda, sem aðrir atvinnuvegir eru háðir, og gæti gjald þetta orðið talsverð viðbót við þóknun þá, er fyr var nefnd; og loksins skal lausamaður, sem flytur í aðra þinghá, eða ekki notar árlangt leyfi það til lausamennsku, sem hann hefir fengið, útvega sér þetta leyfi að nýju fyrir hið ákveðna gjald. Vær ímyndum oss, að með ákvörðunum þessum, sem vær höfum reynt að koma fyrir í frumvarp þetta, mundi ei allitíð áunnið í þessum hluta löggjafarinnar, og að það sé tekið svo mikið tillit til hins eðlilega réttar til frjálsrar atvinnu, sem unnt er, og á hinn bóginn til annmarka þeirra, er af því mundi leiða, ef ótakmarkað frelsi væri í þessu efni.

Að svo mæltu skulum vær um hverja grein fyrir sig leyfa oss að gjöra nokkrar athugasemdir.

Við 1. gr.

Í grein þessari er tekin fram sú almenna grundvallarregla, að sérhver, sem ekki er við bú, eða ekki er settur til mennta, eða er handiðnamaður, eða iðnaðarlærisveinn, eða við verzlun, skuli skyld-

ur að ráðast í fasta vist, eptir því, sem nákvæmar er ákveðið í greinunum á eptir. Þó að það kynni að sýnast, einkum ef fljótlega er að gáð, að mjög yfirgripsmikil undantekning sé gjörð frá hinni áminnstu grundvallarreglu, höfum vér þó álitid, að hana ætti að setja sem almenna lögmæta frumreglu, sem ákvarðanirnar á eptir að eins geta heimilað að út af sé brugðið, og skyldu slíkar undantekningar meðal annars vera komnar undir vissum aldri o. s. frv. Vér ímyndum oss, að vér höfum tekið svo greinilega fram, sem unnt er, hverir eru skyldir að ganga í vist, og skal þess getið, að vér vildum heldur telja þá upp, sem eru undanþegnir þessari skyldu, heldur en að hafa eitthvert almennt orðatiltæki, t. d. sérhver almúgamaður, því það hefði getað gjört meiri vafa. Þar eð það er álitid sjálfsgagt, að skylda þessi hvíli á hverjum, sem er kominn af ómagaskeiði, er greinin samin eptir því.

Við 2.—6. gr.

Í greinum þessum eru hinar áminnstu frumreglur um veiting á lausamenskuleyfi nákvæmar útlistaðar.

Vér höfum álitid að 1 hndr. eptir meðalverði í verðlagsskránni (hér um bil 20—25 rd.) væri hæfileg borgun fyrir leyfi þetta fyrir karlmann, og  $\frac{1}{2}$  hndr. fyrir kvennmann, og skulum vér geta þess, að þó vér ekki fundum næga ástæðu til að setja gjald þetta herra, álitum vér á hinn bóginn, að það megi með engu móti vera lægra. Munur sá, sem gjörður er á dýrleika leyfisins fyrir karlmann og fyrir kvennmann, er samkvæmur hlutfalli því, sem er millum kaups, sem vinnumaður og vinnukona vanalega fær. Það hefir þótt réttast, að gjald þetta sé borgað í sveitasjóðinn í þeim hrepp, sem lausamaðurinn sezt að í, og er það til þess, að hreppstjórinn þá fremur hafi vakandi auga á því, að engi lausamaður sé leyfislaut í hrepp hans. Það hefir þótt réttast, að lögreglustjórnir (sýslumennirnir, og í Reykjavík bæjarfógetinn) gæfi þessi skriflegu leyfi eða leyfisbréf, til að vera í lausamensku; með þessu móti eiga embættismenn hægra með að hafa auga á því, hverir eru lausamenn í umdæmi þeirra, einkum þegar þeirri ákvörðun er bætt við, að nýtt leyfi þurfi, þegar hlutaðeigandi flytur í aðra þinghá (6. gr. í frumv.).

Vér höfum sett það sem almenna reglu, að lausamenskuleyfi ekki geti veitt neinum, hvorki karli nè konu, fyr en með 25 ára aldrinum, að nokkru leyti til að takmarka tölu lausamanna, og að nokkru leyti til þess að stemma stigu fyrir því, að aðrir komist í



Þessa stöðu en þeir, sem eru komnir á nokkurn veginn ráðsettan aldur; hér er einnig tekið tillit til þess, að þetta er sá aldur, sem karlmenn verða fullmyndugir á. Það hefir þó þótt réttast að gjöra þá undantekning frá þessari reglu, að ekkjumenn og ekkjur, embættismannabörn, verzlunarmenn og verzlunarfulltrúar og þeir, sem af fasteign eða vaxtafæ hafa 1 hundraðs afgjald eða rentu eptir meðalverði í verðlagsskránni á ári, geti fengið lausamenskuleyfið fyrir en þeir eru 25 ára. Þetta þótti sanngjart, og einkum með tilliti til þeirra, sem taldir eru í tveim seinustu flokkunum; hvað hinum fyrri af þeim síðast nefndu viðvikur, þá væri það hart sökum stöðu þeirrar, er foreldrar þeirra hafa haft, og vegna þess að þeir að líkindum hafa notið meiri menntunar, ef þeir skyldu neyddir að ganga í vist, þegar þeir annars hafa efni á að kaupa leyfisbréf til lausamennsku; það væri og hart, hvað hina síðast nefndu snertir, sökum tryggingar þeirrar, er efni þau gefa, sem gjört var ráð fyrir þeir hefði. Enn fremur álitum vèr, að leyfi þetta ætti að veita sumum mönnum án borgunar, og ætti þeir að verða fyrir því, er sökum heilsulasteika eða elliburða ekki eru færir um að ganga í vist, því þeir gæti stundum nokkurn veginn haft ofan af fyrir sér með því að vera í lausamennsku, og þannig komizt hjá að verða til sveitarþýngsla; og hvernig sem fer, yrði slíkum mönnum ekki þröngvað til að ganga í vist, þar engi vildi taka þá; enn fremur ætti leyfið að veitast borgunarlaust þeim, sem hafa 5 hundruð á landsvísu á ári í tekjur af fasteignum eða vaxtafæ, og loksins bændum, sem hafa verið við búskap að minnsta kosti í 15 ár og árlega árs skilvíslega greitt öll opinber gjöld, er þeim bar að greiða, og svo hjúum, sem hafa verið vistföst í 20 ár. Hvað þessum tveim síðustu undantekningum viðvikur, þá skal þess getið, að auk þess, að í margra ára lífsstöðu þess konar manna er trygging fyrir reglusemi þeirra, og að ákvörðun þessi, hvað hjúin snertir, er þeim til upphvatningar, er það og sanngjart, að mönnum, sem farnir eru að eldast og bila, hvað heilsu og krapta snertir, ekki sè gjört of örðugt fyrir, að komast í stöðu, sem þeir geti haft ofan af fyrir sér í, hefir oss því fundizt ástæða til, að þeim yrði veitt lausamenskuleyfið án borgunar. Þess má geta, að í frumvarpi Bjarna amtmanns Thórarensens 5. og 6. gr., þar sem álika undantekning er gjörð með tilliti til bænda, sem hafa brugðið búskap, og með tilliti til hjúa, er það áskilið, að hlutaðeigandi í báðum tilfellum sè orðinn sextugur að aldri; en bæði virðist aldur þessi vera nokkuð

hár, og á hinn bóginn má álíta, að meiri trygging sé í því, að bóndi hafi verið við búskap, og hjú í vist vissan tíma í senn, heldur en ef að eins er farið eptir aldri, án þess að taka tillit til þessa. Hvað þeim viðvikur, sem hafa 5 hundraða tekjur á ári, þá er tekið tillit til þess, að hlutaðeigandi að öllum jafnaði hafi nóg fyrir sig að leggja, af sliikum efnum, og eins og það ætti ekki alls kostar vel við, að láta slíka menn borga leyfi til að lifa á eigin efnum, eins mundu þeir opt ekki geta stjórnað fè sínu, sem opt er talsvert, ef þeim væri gjört að skyldu að ganga í vist, og gæti því eigur þeirra farið að forgörðum. Enn fremur er það ákveðið, að menn þeir, er hér hefir verið rætt um, geti fengið lausamennskuleyfið, þó þeir ekki sé fullra 25 ára, sbr. 2. gr., 3. atr.

Annars má jafnframt geta þess, að betra þótti að láta þá, er getið er í 3. grein, taka leyfisbréf, þó þeir ekki þurfi að borga það (nema hvað þeir verða að greiða lögreglustjóranum dálítið gjald, sbr. 4. gr.); því með því að þessum mönnum einnig er gjört að skyldu að útvega sér leyfisbréfið, fær lögreglustjórinn tækifæri til að hafa augu á þeim, eins og öðrum lausamönnum.

Hvað viðvikur hinum opinberu gjöldum, sem eptir því, sem áður er sagt, eru lögð á þá, sem fá lausamennskuleyfi (að þeim undanteknum, sem nefndir eru í 3. gr., 1. atr., og sem ekki verða álitnir að geta látið neitt í tæ), þá hefir nefndin gjört svo ráð fyrir, að karlmenn svari sex álnum eptir verðlagsskrá (hér um bil 1 rd.) í konúngssjóð, 6 álnum til kirkju, 6 álnum til prests og 6 álnum til fátækra á ári, og kvennmenn 3 álnum, í líking við það, hvernig tíundinni er skipt í 4 staði. Þó skulu hlutaðeigendur eigi með gjöldum þessum friast við að svara því, sem þeir annars eptir stöðu sinni eða tíundarbæru fè áttu að svara, meðal annars aukaútsvari eða sveitarútsvari eptir efnun og ástæðum. Eins og vèr álitum, að þessar aukaálögur ekki sé of hátt ákveðnar, eins virðist oss, að ekki megi setja þær lægra, ef þær eiga að hafa þá þýðing, sem til er ætlazt. Enn fremur er því bætt við, að lausamenn skuli taka þátt í skylduverkunum í hreppnum, og má geta þess, að sliik skylduverk (vegabætur, grenjaleitir o. s. frv.) eptir lögum og venju að eins liggja á karlmönnum, en ekki kvennfólki. Til þess að aukaálögur þessar fá meiri þýðing, er ákveðið, að sé þær ekki greiddar skilvíslega, eða án þess þurfi að taka þær lögtaki, í tvö ár, þá skuli réttinum til lausamennsku vera fyrirgjört, og skuli hlutaðeigandi ekki geta fengið leyfið aptur fyrri en eptir 5 ár.

## Við 7. grein.

Það verður ekki gjört ráð fyrir, að öllum takist að koma sér í vist, en það er sjálfsagt, að þeim ber ekki að hegna fyrir ólöglega lausamennsku, er leitað hafa vistar; en á hinn bóginn getur það komið fyrir, að vafi sé á, hvort nægileg tilraun hafi verið gjörð í þessu efni. Þess vegna er ætlun greinar þessarar að ákveða, hvernig hlutaðeigendur skuli sanna, að þeir enga vist hafi getað fengið; enn fremur er í greininni ætlazt til, að þeim sé hjálpað til að koma sér í vist, sem eiga bágt með það sjálfir, og ekki vilja eða geta leyst leyfisbréf til lausamennsku. Í þessu tilliti er ákveðið, að hlutaðeigandi skuli snúa sér til hreppstjóra og sýslumanns, og biðja þá að útvega sér vist, og skulu þeir þá sæta lagi til að útvega vistina, eða reyna það á manntalsþingum. Að svo miklu leyti, sem það er ákveðið, að hlutaðeigandi, er þannig hefir snúið sér til hreppstjóra eða sýslumanns, skuli skyldur til að ganga í þá vist, er þeir hafa útvegað honum, þá er ákvörðun þessi byggð á því, að uppboð það, er eptir var æskt, annars yrði þýðingarlaust; líka má álíta, að hlutaðeigendur, með því að biðja um að þessi aðferð verði við höfð, hafi undirgengizt þær skyldur, er hún hefir í för með sér.

Það er hægt að sjá, að uppboð þetta er verulega ólíkt því, sem skipað er í tilsk. 19. febrúar 1783, sbr. frumvarp Bjarna amtmanns Thórarensens, 7. gr., og lög 10. maí 1854, 5. gr.

Það verður annars að álíta, að það sé samkvæmt eðli hlutarins, að sá, sem með þessu móti enga vist getur fengið, og því hefir rétt til að vera lausamaður til næsta vinnuhjúaskildaga, ekki geti skorazt undan, að ganga um skemmri tíma í hverja forsvaranlega vinnu, sem sýslumaður eða hreppstjóri vísar honum á.

## Við 8. grein.

Það er ákveðið í tilsk. 3. júní 1746, 26. gr., að hjúi því, sem gangi úr vist án löglegra orsaka, skuli hegnt sem fyrir lausamennsku. Þessa ákvörðun hefir oss þó þótt ísjárvert að taka upp, þar eð 38. gr. 1. atr. gjörir ráð fyrir ríflegum bótum til húsbónda frá slíku hjúi, sem að líkindum er nóg til að fæla hjú frá að brjóta vistarsamninginn á þenna hátt; oss hefir því virzt, sem engan mun ætti að gjöra á þessu tilfelli og hinum, sem nefnd eru í greininni, að húsbóndi ekki sækir hjú á skildaga, eða rekur það úr vistinni, áður en vistarárið er á enda. Það mælir og fram með ákvörðun þessari, að væri hinn reglunni fylgt, yrði opt, meðan á hinu opin-

bera lausamenskumáli stæði, nauðsynlegt að rannsaka, hvað húsbónda og hjúl hefði farið á milli, sem einstökum mönnum, og það stundum móti vilja þeirra beggja; og sýnist það þó ákjósanlegt, að komast hjá þessu.

#### Við 9.—12. grein.

Þar eð mönnum er gefinn kostur á að vera í lausamensku, eptir breyting þeirri, sem hér er stungið upp á, er það vitaskuld, að verulega breyting verður að gjöra á hegningunni fyrir ólöglega lausamensku. Í þessu tilliti er gjörður munur á þeim, sem eptir 3. gr. eiga kost á að fá leyfisbréf til lausamensku borgunarlaust, því þá er yfirsjónin ekki annað en formgalli, og virðist því sem hegningin ekki ætti að vera nema lítilfjórlegar fábætur (10. gr.); og á hinn bóginn hinum eiginlegu ólöglegu lausamönnum, sem ekki heyra undir 3. grein frumvarpsins. Það er nú fyrst og fremst sjálfsagt með tilliti til þessara manna, að þeir ekki, með því að brjóta lögin og vera lausamenn leyfislaust, eiga að fá betri kjör, en ef þeir hefði keypt leyfisbréf; það þykir því hæfilegt, að þeir bæti jafnmikið og leyfisbréfið kostar; og til að fæla menn frá slíkri yfirsjón, sem gjörir örðugt að hafa eptirlit á lausamönnum, og getur leitt til þess að lausamenn fjölgi meira en æskilegt væri, án þess þeir hefði fengið leyfisbréf, er það þar að auki álitid nauðsynlegt, að leggja við riflegar fábætur, og höfum vèr tekið til frá 10 til 30 dala; og skulu bætur þessar hertar, þegar hlutaðeigandi líka hefir gjört sig sekan í flakki eða betli. Það er vitaskuld, að lausamaðurinn öðlast engan rétt til að vera lausamaður framvegis, sem hann eigi heldur æskir, þó hann hafi látið úti jafnmikið og leyfisbréfið kostar, þess vegna er því við bætt, að óski hlutaðeigandi að vera lausamaður frá næsta vinnuhjúaskildaga, verður hann samt sem áður að útvega sèr leyfisbréf.

Hvað viðvikur ákvörðunum í 11. og 12. grein, um gát lög-reglustjórans á því, að eigi sè brotið mót lausamenskulöggjöfinni, um hegning fyrir flakk lausamanna, sem hafa leyfisbréf, og um hegning fyrir bændur þá, er hilma yfir með ólöglegum lausamönnum og hýsa þá, þá má bera ákvarðanir þessar saman við tilsk. 19. febrúar 1783 og frumvarp Bjarna amtmanns Thórarensens, 15. gr.

### III. Um húsmenn.

Ákvarðanir þær, er nú gilda um húsmenn við sjó, eða hina svokölluðu þurrabúðarmenn, eru í konungsúrsk. 21. júlí 1808, B.

e, sem fer því fram, að engum framvegis verði leyft að setjast að sem tómthúsmáður, ef hann ekki auk húss þess, sem hann leigir eða kaupir, hefir grasnyt fyrir eina kú eða sex ær, og hlut í kál-garði; þó geta yfirvöldin, þegar svo á stendur, veitt undantekning frá þessu. Reglur þessar eru ítrekaðar og nákvæmar ákveðnar í fátækrareglug. 8. janúar 1834, 21. gr. og er gjörð sú almenna ákvörðun, að engi megi setjast að sem tómthúsmáður án leyfis sýslumanns (í Reykjavík bæjarfógetans) og varðar 1 til 5 dala sekt-um, ef út af er brugðið. Ákvarðanir þessar eru samhljóða anda hinnar eldri löggjafar, sbr. meðal annars tilsk. 1. júlí 1490. 2. gr., og hefir alþingi í bænarskrá sinni um ný hjúalög beðið um, að þessar ákvarðanir yrði teknar upp með þeim breytingum, sem þurfa þætti.

Það er næsta hægt á Íslandi, að setjast að við sjó sem tómthúsmáður og safna fjölskyldu, án nokkurra efna, þar eð menn fyrir lítilræði geta leigt tómthús, eða þá byggt það eða keypt, því hús þessi, sem byggð eru óvandlega og tildrað upp úr grjóti og torfi, kosta mjög lítið, og er því þurrabúðarmönnum hægt, þó þeir eigi sýni neinn framúrskarandi dugnað, að hafa ofan af fyrir hyski sínu, meðan það er ekki orðin mikil fjölskylda, með sjávarafslanum, þegar hann heppnast, og með kaupavinnu upp til sveita á sumrum. En af því það er svo hægt að koma upp fjölskyldu við sjóinn, ef hver maður ætti kost á að gjörast þurrabúðarmaður, þá leiddi þar af, að allt of margir mundu flykkjast í sjóplázia, og yrði sömu afleiðingar af því með tilliti til vinnuhjúaeklu og landbúnaðarins, sem áður er getið um, að mundi koma fram, ef engar skorður væri reistar við lausamennsku. Ef húsmáðurinn nú hleður niður börnum, og hann ekki er stakur dugnaðar- og reglumáður, eða ef hann verður drykkfelldur, sem hætt er við með sjómenn, sem einn daginn mega leggja sig í mikið strit, og næsta dag, þegar ekki gefur, liggja í iðjuleysi, þá hrökkva efnin ekki til að fleyta fram fjölskyldunni, og verður hún því til sveitarþýngsla, og kona og börn fara sem optast á sveitina, þegar tómthúsmenn deyja; eins og þetta getur leitt til mikilla sveitarþýngsla í sjóplázunum, jafnvel þó nokkurn veginn ári, þannig er og atvinnuvegur tómthúsmanna næsta stopull, án tillits til hinna sérstöku ástæðna, er fyr voru greindar, sem opt og einatt hnekkja velmegun tómthúsmanna; því bregðist fiskiaflinn, missir tómthúsmáðurinn helzta bjargræði sitt, og þó lausamenn geti gengið í vist, þegar svona árar, getur húsmáðurinn

eða þurrabúðarmaðurinn, sem situr með fjölskyldu, ekki tekið þetta til bragðs, og þegar fátækra sjóðirnir ekki lengur endast til að styrkja slíka menn, getur orðið mannfellir, eins og reynslan hefir sýnt, að opt hefir komið fyrir í sjóplázum. Það virðist því sem ótakmarkaður réttur til að vera tómthúsmaður, auk þess að hann yrði til skaða fyrir hjúabald og landbúnaðinn, mundi leiða til þess, að í samanburði við fólksfjöldann á landinu kæmi upp fjöldi öreiga, sem með tilveru sinni ásamt útörmun hreppanna í slíkum óárum, sem svo opt hafa gengið yfir landið, gæti orðið því til mikillar óhamingju. Oss virðist því eigi ráðandi til, að takmörk þau verði hafin, sem verið hafa með tilliti til réttarins til að verða tómthúsmaður, sem einnig mundi mjög á móti alþýðuskapi hér á landi; þar á móti erum vèr sannfærðir um, að takmörkum þessum, sem hafa reynzt gagnleg og haganleg, eigi að halda með nokkrum nákvæmari ákvörðunum.

Eins og áður er um getið, er sýslumönnum gefið á vald að veita leyfi til tómthúsmennsku eða synja þess. Það hefir samt sem áður reynzt, að sýslumenn ekki hafa haft nægar gætur á því, að tómthúsmenn ekki settist að leyfislaust; þetta er líka mjög örðugt fyrir embættismenn þessa, þegar þeir búa langt frá þeim hreppum, sem tómthúsmenn einkum flykkjast í. Það virðist því, að mest mæli með því, að fela fátækra stjórninni í hverjum hrepp á hendur, að veita tómthúsmenskuleyfi eða synja þess, þar eð fátækra stjórnin í þarfir hreppsins mun láta sér umhugað um, að reglur þær, sem eru í þessu efni, verði haldnar; á hinn bóginn er af sömu ástæðu trygging fyrir því, að ekki verði synjað leyfisins duglegum mönnum, sem gæti orðið hreppnum til gagns, og sjálfum sér eða hreppnum ekki til ógagns, þó þeir veldi þessa stöðu. Regla þessi er og að mestu leyti samkvæm uppástúngunni í frumvarpi Bjarna amtmanns Thórarensens, 4. gr. Fátækra reglug. 8. janúar 1834, 21. gr., hefir falið sýslumönnum á hendur að veita leyfi þetta, án þess að geta um, hvort úrskurðum þessara embættismanna yrði skotið til æðri yfirvalda; oss virtist þar á móti ekkert áhorfsmál að ákveða, að úrskurði fátækra stjórnarinnar ekki verði skotið til sýslumanns eða amtmanns, nema einhverjum, sem á framsærslurètt í hreppnum, sè þar synjað húsmenskuleyfis.

Í reglug. 1834, 21. gr., er ákveðið, að þeir, sem setjast að sem tómthúsmenn leyfislaust, skuli bæta frá 1—5 rd., og hefir jafnframt verið vant að reka þá úr hreppnum, þegar þeir ekki voru

þar sveitlægir. Þessar fébætur hafa oss þótt nokkuð lágar, og höfum vér því stungið upp á að þær skyldu vera frá 5—20 rd.; og þó það sé í sjálfu sér rétt, þegar svona stendur á, að gjöra menn hreppræka, með því þeir annars gæti með trássi sínu fengið leyfi það, sem þeir ef til vill annars ekki hefði fengið, þá höfum vér, til að gæta allrar sanngirni, tekið þá ákvörðun upp, að þegar hlutaðeigandi ekki getur fengið leyfi fátækrastrjórnarinnar til að vera í tómthúsmennsku, skuli burtreksturinn að eins geta átt sér stað um næstu fardaga, með hálfis árs uppsagnarfresti.

Því verður reyndar ekki neitað, að það væri æskilegt, ef komizt yrði hjá burtrekstri þessum, og í þeim tilgangi höfum vér gjört þá ákvörðun, að húsmáður, sem leyfislaust hefir tekið sér bólfestu í einhverjum hrepp, ekki skuli geta unnið sér þar framfærslurétt, og leiðir af þessu, að ein aðalástæðan til burtrekstursins fellur burt. Þess má geta með tilliti til breytingar þeirrar, er hér er gjörð á reglum um að vinna framfærslurétt, að þó nokkuð sé unnið með því, að tíminn til að vinna sér hrepp er lengdur frá 5—10 ára í opnu bréfi 6. júlí 1848, er það ekki efamál, að tímabil þetta er of stutt milli sveitanna og sjóplázanna.

Mönnum gefst einkum færi á að flytja inn í hrepp sem tómthúsmáður, með því móti að búsettir menn þar taki þá í hús sín; þess vegna eru fébætur lagðar við, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, 21. gr., fyrir húsbónda þann, er gjörir sig sekan í þessu; og það er enn fremur ákveðið til að hamla þessu, að þegar húsmáður, sem húsbóndi þannig hefir tekið að sér, verður sveitarstyrks þurfi, skuli húsbóndinn greiða þenna styrk til næstu fardaga, án þess að hafa nokkurt tilkall til endurgjalds af sveitar-sjóðnum.

Þar ástæður þær, sem mæla með að takmarka tölu tómthús-manna, eins eiga við, þó húsmenn þessir kynni að hafa til notkunar dálitinn jarðarskika (hinir svokölluðu grashúsmenn), þegar þeir þó ekki hafa neinn jarðarpart með engjum og úthaga, höfum vér álitnið, að sömu reglurnar beinlínis geti átt við slíka grashúsmenn, og eru þeir því í 1. gr. frumvarpsins settir jafnhliða tómthúsmönnum. Þar eð ekkert forboð er mót því, að hafa margbýli á jörðu, eða að byggja þær svo mörgum, sem menn vilja, vill það opt til, að á lítilli jörð, sem væri mátuleg fyrir einn ábúanda, eru þrír, fjórir eða fleiri ábúendur, og hefir þannig hver þeirra að eins lítinn skika af jörðinni; verður þessi búskapur í alla staði áþekkur

húsmennsku. Oss virtist því, að taka ætti þá ákvörðun upp í 3. gr., að ákvarðanirnar um grashúsmenn í 1. gr., einnig skuli eiga við þá, sem að eins hafa 1 hndr. í jörðu til ábylis; og skulum vér geta þess, að hér er engan veginn tekið of mikið til, og að af svo litlu verður ekki haft meira, en svarar sóðri fyrir eina kú eða svo margar ær, er því svarar; sbr. frumvarp Bjarna amtmanns Thórarensens, 3. og 4. gr.

Minni hluti nefndarinnar (Jón Pétursson) hefir ekki að öllu leyti getað fellt sig við skoðun meiri hlutans á þessu máli, og skal eg í þessu tilliti bæta við nokkrum athugasemdum.

Þegar að því er gætt, hverir eru vanir að fara í húsmennsku, þá eru það, þegar Reykjavík er undan skilin, vanalega fátækir fjölskyldumenn, sem ekki hafa efni á að taka jörð, eða ekki geta fætt sig og fjölskyldu sína með því að vera í vinnumennsku hjá öðrum. Þar eð menn þessir eiga hægast með að hafa ofan af fyrir sér við sjó, þar sem þeir mestan hluta árs geta stundað fiskiaflann, þá er það eðlilegt, að tala húsmanna verði meiri í sjóplázunum en annarstaðar á landinu. Það, sem haft er á móti húsmönnum, er, að því leyti mér er kunnugt, einkum þetta: að hætt sé við að þeir leggist í drykkjuskap og iðjuleysi; að þeir vanalega sé fátækir, svo óttast megi fyrir, að þeir verði til sveitarþýngsla, sem yrði of tilfinnanlegt fyrir bændur í sjóplázum, þar sem svo margt er af húsmönnum; og loksins, að það sé til hnekkis landbúnaðinum, þar sveitabændur mundi fá miklu fleiri vinnuhjú, ef húsmenn væri færri, eða alls ekki. En ástæður þessar finnast mér ónógar til þess með lagasetningum að gjöra það ómögulegt, að nokkur geti verið í húsmennsku, því ef hætt er við því, að húsmenn leggist í leti og drykkjuskap, þá er það af því að bændur ekki láti þá hafa nóg að vinna, og er ástæða þessi þannig léttvæg, því vonandi er, að bændum brátt lærist þetta, einkum þar eð löngun og áhugi nú er vaknaður hjá mörgum til að bæta jarðir sínar sem mest.

Það er lítil ástæða til að halda, að húsmenn verði landbúnaðinum til hnekkis, ef þeir annars eru nokkurn veginn duglegir menn; því sjávarbóndinn getur með þeirra hjálp betur hlynnt að jörð sinni, og líka fara margir tómthúsmenn á sumrum úr sjóplázum, að minnsta kosti sumstaðar, upp til sveita til að vera við heyvinnu hjá bændum, og þykir bændum þetta haganlegra, en að halda margt vinnufólk, sem þeir annars væri neyddir til, en sem þeir opt geta komizt hjá með þessu móti; og hér við bætist, að þó menn yfir



höfuð að tala hér á landi eigi að láta sér umhugað um allt, sem lýtur að því að bæta landbúnaðinn, þá má þó eigi nota þau meðul til þess, sem eru landbúnaðinum til lítils góðs, en þar á móti til mikils tjóns fyrir fiskiveiðarnar, sem þó ætíð munu verða annar aðalbjargræðisvegur landsins, jafnhliða landbúnaðinum; en þetta er gjört, ef tala húsmanna verður of mjög takmörkuð, því það er hér um bil ómögulegt fyrir sjávarbóndann að hafa sjávarútveg, sem nokkru nemi, nema með því að nota húsmenn, þar eð hann allsjaldan er fær um að halda marga vinnumenn sjálfur, og hann ekki ætíð getur reitt sig á, að geta ráðið sveitavinumenn á báta sína um vertíðina. Að visu er það satt, að þegar allt of margir húsmenn hafa flykkzt saman í eitthvert sjópláz, þá getur það orðið of mjög tilfinnanlegt fyrir aðra hreppsþúa, að styrkja svo mörg heimili, sem geta orðið þurfandi, ef fiskiaflinn bregzt; en á þessu mætti að nokkru leyti ráða bót með því, að láta fjölskyldur hinna aðkomnu húsmanna ekki skilmálalaust verða að sveitarvandráði í sjóplázunum; og þetta væri mannúðlegra, en að banna fátækum sveitarmönnum, sem hafa fjölskyldu fram að færa, og ekki geta það án sveitarstyrks, að setjast að sem húsmenn í fiskiverum, þar sem þeir, ef til vill, í mörg ár geta haft ofan af fyrir sér og sínum með fiskiafla.

Enn fremur má geta þess, að þegar hallæri hefir verið í sveitunum, þá hefir fjöldi manna jafnaðarlegast flykkzt í sjóplázin, eptir að skepnur þeirra voru fallnar, og hafa þeir sett þar að sem húsmenn, og með fiskiafla haft ofan af fyrir sér og sínum, sem annars hefði orðið að deyja útaf úr hungri. Það væri nærri því ókristileg harka, ef menn með lagaákvörðunum vildi banna slíkt, eða, — sem er hið sama — gefa fátækrastrjórninni þar, sem húsmaður vill setjast að, ótakmarkað vald til að banna það.

Þó eg af ástæðum þeim, er þegar eru greindar, engan veginn geti álitíð, að gefa eigi fátækrastrjórninni á þeim stað, sem húsmenn vilja setjast að, ótakmarkað vald til að banna það, er eg þó á hinn bóginn með öllu samdóma meiri hlutanum í því, að ekki eigi að gefa hverjum, sem vili, kost á húsmennsku, því með því staða húsmanna, eins og öllum kemur saman um, er mjög óviss og harðla ónóg til að fleyta fram fjölskyldu, þá getur engi haft heimild til að kjósa þá stöðu, sem líklega verður til sveitarþýngsla, nema með því móti, að í hverju einstöku tilfelli sé nokkurn veginn vissa fyrir því, að það ekki verði, eða fátækrastrjórnurinn ekki hafi neinn veru-

legan бага af því. Það er að vísu hentugast, að fátækra-  
stjórnirnar sjálfar hafi þær gætur á þessu, er með þarf, því bæði má ætla, að  
þeim sé kunnugast um efnahag sérhvers, og líka er það í þeirra eig-  
inn hag, að gjalda varhuga við, að efnalitlir húsféður fái leyfi þetta,  
ef nokkur útsjón er til þess, að þeir geti haft ofan af fyrir sér og  
sínunum með öðru móti, sem betra yrði fyrir sveitina, t. d. með því  
að taka jörð til byggingar, eða með því að ganga í vist hjá öðrum.  
Þegar efnahagur einhvers er svo góður, að ekki getur verið nein  
hætta búin, að hann verði til sveitarþýngsla, þó hann sé húsmáður,  
er ekki hætt við, að fátækra-  
stjórnin misbrúki vald sitt til að  
synja leyfisins, því hún er svo bezt í haldin, að slíkir menn ekki sé  
neyddir til að flytja úr hreppnum, sem við það missti af tekjum  
sínunum. En af þessu leiðir beinlínis, að það á að vera fátækra-  
stjórnin í *þeim hrepp, þar sem sá, er húsmennsku æskir, hefir fram-  
færslurétt*, sem í hvert skipti skal ákveða, hvort leyfið skuli veitt  
eða ekki; því bæði er það sá hreppurinn, sem hætt er við ónað-  
synlegum kostnaði, og líka sú fátækra-  
stjórn, sem má álíta, að bezt  
þekki efnahag hlutaðeiganda, og því ekki mundi synja honum leyf-  
isins, þegar það væri til hans sanna gagns, því þá væri það undir  
eins í hennar eiginn hag, að veita leyfið; þar á móti hefir fátækra-  
stjórnin í þeim hrepp, sem einhver utanhreppsmaður vill setjast að  
í sem húsmáður, að eins heimild til að krefjast tryggingar fyrir  
því, að það ekki verði hreppnum til óhags, að húsmáðurinn ileng-  
ist þar, og verður tilgangi þessum fullkomlega náð með því, að  
húsmáðurinn með veru sinni í hreppnum ekki geti unnið þar fram-  
færslurétt, eða orðið til nokkurra sveitarþýngsla. Enn fremur leyfi  
eg mér að geta þess, að þar eð löggjöfin skoðar tótmúsmennina  
í Reykjavík sem einn hluta bæjarbúa, og veitir þeim ýms réttindi,  
t. a. m. að kjósa fulltrúa fyrir sig í bæjarstjórnina, þá álit eg, að  
með engu móti megi láta tilveru þessa flokks vera komna undir  
vilja fátækra-  
stjórnarinnar, að minnsta kosti ætti allir tótmúseig-  
endur, sem þar hafa framfærslurétt, að hafa heimild til að setjast  
þar að sem húsmenn, með þeim réttindum, sem mönnum þessum  
ber að lögum.

Loksins er það mitt álit, að allir þeir, sem geta fengið lausa-  
mennskuleyfi án borgunar, einnig eigi að hafa heimild til að verða  
tótmúsmenn án nokkurs sérstaks leyfis, og það því heldur, sem  
lögin hingað til hafa tekið harðara á lausamennsku en húsmennsku.

Samkvæmt því, sem þegar er greint, og að nokkru leyti af á-

stæðum þeim, sem meiri hlutinn hefir komið með, hefir mér virzt, að um efni þetta mætti semja svofelldar greinir :

## 1. gr.

Þegar einhver húsaðir vill setjast að sem húsaður, hvort heldur sem tómthúsaður eða húsaður með grasnyt, skal hann sækja um leyfi til þess hjá fátækrastrjórninni í þeim hrepp, þar sem hann á framfærslurétt; og veiti hún leyfi þetta, skal hann njóta allra sömu réttinda og bændur í þeim hrepp, eins og hann tekur þátt í öllum sveitarálögum; og hafi hann framfærslurétt annarstaðar, vinnur hann þar strax framfærslurétt. Vili hin áminnsta sveitarstjórn ekki veita honum leyfi þetta, skal hann ei að síður geta sezt þar að sem húsaður, ef hann á framfærslurétt annarstaðar, og fær húsmenskuleyfi hjá sveitastjórninni þar, en þá getur hann ekki unnið framfærslurétt í hreppi þeim, sem hefir synjað leyfisins, eða orðið sömu réttinda aðnjótandi og aðrir hreppsþúar, en á hinn bóginn skal hann og undanþeginn öllum sveitarkvöðum<sup>1</sup>.

## 2. gr.

Setist nokkur að sem húsaður, án þess að hafa fengið leyfi til þess á þann hátt, er hér er greint, skal bæði hann, og sá sem hefir tekið við honum sem húsmanni, hver um sig bæta frá 2 til 8 ríkisdala til fátækra sjóðsins í þeim hrepp, þar sem húsaðurinn á framfærslurétt; geti húsaður sjálfur ekki greitt bætur þessar, skal sá, er tók hann í húsmensku, greiða þær fyrir hann, og skyldi húsaður verða fepurfi, skal hann og veita honum nægan styrk til næstu fardaga, án þess að hafa nokkurt tilkall til endurgjalds fyrir það af framfærsluhrepp húsmannsins.

## 3. gr.

Ákvarðanir þær um húsmenn, er nú eru greindar, skulu og eiga við um þá, sem hafa minna en eitt hundrað í jörðu til ábúðar, eða sem ekki af jarðarparti sínum hafa fóður fyrir eitt hundrað í kúm eða ásauðum.

## 4. gr.

Þeir, sem eiga tómthús í Reykjavík og þar hafa framfærslurétt, geta sezt þar að sem tómthúsmenn, án þess þeir til þess þurfi leyfi fátækrastrjórnarinnar.

## 5. gr.

Allir þeir, sem borgunarlaust geta fengið leyfisbréf til lausa-

1) Í grein þessari virðist eitthvað vera rangt, en hún er hér útlögð svo nærri orðum hins danska texta, sem nunt var.

mennsku, skulu einskis leyfis við þurfa, til að setjast að sem húsmenn.

Meiri hlutinn (V. Finsen og J. Guðmundsson) verður að vera á því, að sú tilhögun, sem þeir hafa stungið upp á í þessu efni, sé eðlilegust og samkvæmest reglum þeim, sem hingað til hafa verið um húsmenn, og getur því ekki fallizt á þessa uppástungu minni hlutans, og höfum vèr með því, sem þegar hefir verið sagt, haft á móti ástæðu hans fyrir henni; reynsla og almenningsálit mæla einnig á móti áliiti hans, hvað skaða þann snertir, er landbúnaðinum er búinn af fjölgun tómthúsanna, og afleiðingarnar af því, að tómthúsmenn flykkist saman á sjóplázin í hörðum árum. Vèr skulum jafnframt geta þess, að í sjálfu sér er ekkert á móti ákvörðun minni hlutans í 4. greininni, og gæti ákvörðun þessi eptir okkar álitu einnig átt við víðar en í Reykjavík, en þar eð engi dæmi munu finnast til þess, enu sem komið er, að nokkrum tómthúseiganda, sem átti framfærslurétt í hreppnum, hafi þar verið synjað húsmennskuleyfis, þá þykir okkur óþarfi að hafa nokkra beinlínis ákvörðun um þetta, með því það slýtur af sjálfu sér. Þar á móti getum við ekki fallizt á þá skoðun, að sérhver, sem eptir frumvarpinu getur fengið lausamennskuleyfi borgunarlaust, skuli einnig geta setzt. að sem húsmaður leyfislaust. Af þessari reglu mundi það leiða, að húsmönnum mundi fjölga um of, og auk þessa verða ekki ákvarðanir frumvarpsins um ókeypis leyfisbréf til lausamennsku börnar saman við leyfið til að vera húsmaður og setja heimili.

Í fjórða kaflanum höfum vèr tekið upp þá almennu ákvörðun, sumpart að öll mál, er rísa af efni því, sem frumvarpið ræðir um, skuli koma í lögregludóm, og sumpart í hvaða tilfellum málin skuli kærð af hálfu hins opinbera, sem sjálfsagt gildir um yfirsjónir, sem nefndar eru í 2. og 3. kafla, og einnig í 30. grein í 1. kafla; sbr. lög 1854, 64. gr. Þar á móti álitum vèr, að með öll önnur mál í frumvarpi þessu skuli fara sem lögreglumál milli einstakra manna.

Að svo mæltu leyfir nefndin sér að leggja frumvarp þetta fyrir hið háa stjórnarráð. Vèr látum einnig fylgja frumvarpið á íslenzku, eins og vèr fyrst höfum samið það, og er hinn danski texti frumvarpsins útlagður eptir því. Þetta höfum vèr gjört til hægri verka, ef málið skyldi verða lagt fyrir alþingi.

Reykjavík, 26. febrúar 1859.

V. Finsen. J. Guðmundsson. J. Pétursson.

Til Dómsmálastjórnarinnar.

## III.

# Frumvarp

til

reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar.

### 1. grein.

Verzlunarstaðurinn Akureyri, með takmörkum þeim, sem nú eru, skal hëðan af vera bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sér, og nefnast kaupstaður; þó skal hlutaðeigandi stjórnarráð eiga rétt á að leggja Oddeyri, sem svo er nefnd, undir kaupstaðinn, eptir að búíð er að leita um það álits bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir Norð-ur- og Austurumdæminu og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Sambandi því, sem verið hefir milli Akureyrar verzlunarstaðar og Hrafnagilshrepps, skal þess vegna hér eptir vera slitið; þó skal skilnaður þessi, hvað fátækramálefni snertir, fyrst eiga sér stað, svo fljótt sem því verður við komið, eptir að búíð er að birta reglugjörð þessa á báðum stöðunum.

Fè því, er Akureyrarbær og Hrafnagilshreppur eiga í samein-  
ing, og hreppsþýngslum öllum skal svo skipt, að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagilshrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni, af öllum þeim búend-um hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

### 2. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyrar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrétt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

## 3. grein.

Kosningarrétt hafa, með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári.

## 4. grein.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir eptir næstu grein á undan.

## 5. grein.

Engi sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það brot, sem svívirðilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slikt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sé nokkurt það mál honum á hendi, að tekin sé fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum.

Fæður og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

Sá, sem kjörinn er bæjarfulltrúi, skal eigi vikja úr fulltrúasæti, þó hann síðar missi þá hæflegleika, sem kjörgengi er bundið við eptir 3. og 4. grein; en komi eitthvað það fyrir, sem eptir þessari grein (5. gr.) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sinn bægt frá fulltrúastörfum, þangað til hindranin er horfin, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum annars verður sekur að sliikum yfirsjónum, að hann hlýtur að vikja úr fulltrúasæti; þó á sá, er hlut á að máli, kost á að bera málið undir æðri yfirvöld.

## 6. grein.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu, og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi; en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir, sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosning hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið

5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosning til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer; en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosning.

#### 7. grein.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhveru hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosning undir búna, að skrá sé samin um þá, sem kosningarrétt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja; en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri og 2 menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað, um 14 daga á undan kjördegi. Mótþáttur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sé vantallinn, á að tilkynna bæjarfógeta að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rétt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

#### 8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, með auglýsingarbréfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á seðli, hvern þeir vili kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á að gefa atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

## 9. grein.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

## 10. grein.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gangast undir kosning, þá á hann að skora á kjörstjórnina að bera málið undir amtmann, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem fram hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vera vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosning eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmati kosningarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið og tilgreina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlaust sendur amtmanni, og skal hann, ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosninguna, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó engi slíkur vafi sè um lögmati kosningarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosninguna; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosning sè lögmat, á hann að leggja málið undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast, þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður engan galla á kosningunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar áður 14 dagar sè liðnir. Þar að auki á sérhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosningunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það, áður 8 dagar sè liðnir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með álitu sínu, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. Verði þá kosning ógild eptir úrskurði amtmanns skal kjósa á ný.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórnin



eða einhver annar, sem hlut á að máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rætt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð.

#### 11. grein.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgaræiði sínum; en hafi hann eigi svarið borgaræið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konúng og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

#### 12. grein.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og varaoddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sér fundi, eptir því sem þeir koma sér saman um, hversu tíðir skuli vera; en auk þess kveður oddviti til funda endrarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrirfram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rétt á að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sér um, að allt, sem þar er ákveðið, sé rétt bókað og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þeir skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

#### 13. grein.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sérstaklegri lagaákvörðun undanskilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á.

## 14. grein.

Hve nær sem leitað er álits bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameining, eða fá um það sérstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir bera upp til umræðu sérhvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástúngu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í úrskurði þessum, þá geta þeir heimitað að það sé borið undir æðra yfirvald, ásamt áliti þeirra og bæjarfógeta, því til skýringar, ef þörf gjörist.

## 15. grein.

Í öllum þessum málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðing barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

## 16. grein.

Fulltrúarnir skulu hér eptir kjósa tvo menn úr flokki sjálfra sín í byggingarnefnd þá, er sett var með opnu bréfi 6. janúarmánaðar 1857, í stað þeirra, er áður skyldu kosnir af þeim, er lóð eiga á verzlunarstaðnum.

## 17. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal með sýslu þessa farið í öllu samkvæmt N. L. 3—5; þó skal sá, sem settur er gjaldkeri, skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður en sá tími sé liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sattir um ákvarðanir þær, er snerta kosning gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

## 18. grein.

Reikningsárið er frá fardögum til fardaga.

## 19. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni

þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fê því, sem til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sé lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem þá eru eptir, til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjar-  
manna þannig, að 5 sjöttúngum skal jafna á húsin eptir ferhyrn-  
ingsmáli grundvallarins; en einum sjöttúng á maturtagarða og að-  
rar útmeldar lóðir, sömuleiðis eptir ferhyrningsmáli; en þrem fimmt-  
úngum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því  
fê, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla  
bæjarbúa eptir efnum þeirra og ástæðum.

Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu bréfi 6. dag janúar-  
mánaðar 1857, 5. grein, a, skal eptirleiðis jafna niður á sama hátt  
og gjöldunum til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöld-  
in eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni  
en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Áætlunar-  
skráin skal send amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athuga-  
vert, ritar hann það á hana og sendir hana aptur. Að öðrum kosti  
birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að  
gjöra þurfi, og skal jafnan farið eptir þeim athugasemdum það ár,  
er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma,  
og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannast við, að þær sé réttar, er  
hún skyld, áður mánuður sé liðinn, að rita amtmanni um það, og  
sendir hann þá málið hlutaðeigandi stjórnarráði til úrlausnar.

## 20. grein.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána,  
eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til  
samkvæmt 19. gr., skal fê því, er safna á með álögum á bæjar-  
búa, jafnað niður á skattskylda menn. Ber þá að jafna niður í einu  
lagi á hvern skattskyldan mann öllum þeim gjöldum, sem greiða  
á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim,  
sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem  
talin er meðal annara gjalda, má eigi gjöra meira, en þeim ber að  
greiða í önnur gjöld, samkvæmt reglum þeim er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður gjöld-  
unum á kaupstaðarbúa. Niðurbjörðunin skal fullgjörð fyrir lok má-

mánaðar; því næst skal niðurjöfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni, liggja á hentugum stað, öllum til sýnis, í 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hve nær hún sé lögð fram og hvar, og um hvert leyti dags hún sé öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

#### 21. grein.

Þyki einhverjum eitthvað aðfinningarvert við niðurjöfnunina, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta, áður sá tími sé liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því annars verður slíkri umkvörtun engi gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sé kærandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

#### 22. grein.

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu, eins og boðið er í 19. grein um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi snertir, farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. En nemi gjöld þau, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, eigi meiru en 50 ríkisdöllum, þá þarf eigi að gjöra um þau sérstaklega skýrslu, og má þá fresta borgun þeirra, þangað til jafnað verður niður gjöldum næsta ár.

#### 23. grein.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

#### 24. grein.

Fulltrúar, ásamt bæjarfógeta, skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og tekjur bæjarins sé heimtaðar á réttan hátt og í tækan tíma, og þær teknar lög taki, ef þörf gjörist, svo og, að fenu sé varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldu vera, skulu þeir gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins sé vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um að slík störf sé unnin sem haganlegast; og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var ákveðið.

## 25. grein.

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rétt á að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undan skilja þær ráðstafanir, sem eru öldungis sérstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tíma.

Til þessa má telja: að taka fê að láni eða lengja tíma þann, er borga skal á lánsfê, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdöllum; sömuleiðis eptirlaun, þegar þau nema meiru, en nú var sagt; að veita gefins fêstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdöllum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að úthluta kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár, eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn; að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar sé álögur þær, er bæjararmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir, til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbinding, eða slakað sé nokkuð til um rétt hans.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við, og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldur virðist það ísjárvert, hafa vald til að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeigandi stjórnarráði málið til úrskurðar, með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

## 26. grein.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og

um hvernig slíkt sé birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 20. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfir farinn af skoðunarmanni, er kosinn sé af kaupstaðar-  
 búum þeim, er samkvæmt 3. grein hafa kosningarrétt; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár, eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fékk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfis mánaðar, skal reikningurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera, sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á þær.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágríp af honum, er bæjarfógetinn semi; á ágríp það að vera svo fullkomið, að til sé greind sér í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

---

## Ástæður.

Vorið 1856 kom til dómsmálastjórnarinnar bænarskrá frá nokkrum af íbúum Akureyrar verzlunarstaðar, um að Akureyri yrði aðskilin frá Hrafnagilshrepp og gjörð að bæjarfélagi út af fyrir sig; en með því þá voru enn eigi framkomnar neinar uppástungur um, á hvern hátt skyldi skipa fyrir um málefni þetta, var amtmaðurinn yfir Norður- og Austurumdæminu látinn tilkynna beiðendum, að stjórnarráðið væri því ekki mótfallið, að halda málinu lengra, þegar uppástunga, byggð á rökum, um fyrirkomulag þess, væri fram komin; og var amtmanni falið að útvega slíka uppástungu á hinn hagkvæmasta hátt. Samkvæmt þessu skipaði því amtmaður nefnd öndverðlega á árinu 1859, og voru í henni nokkrir af Akureyrar-  
 búum og hlutaðeigandi sýslumaður, til að ihuga og gjöra uppástungur um, hvernig skipa skyldi fyrir um bæjarmálefni á Akureyri, og um aðskilnað verzlunarstaðarins frá Hrafnagilshrepp. En með því nefndin ekki lauk starfa sínum svo snemma, að málið yrði sent stjórninni fyrir alþingi 1859, var tekið til þeirra úrræða, til að flýta málinu, að senda lagafrumvarp það, er nefndin hafði samið, gagngjört til alþingis, og bjó þingið síðan til nýtt frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri.

Alþingi hefir eptir ósk Akureyrarbúa farið fram á, að verzlunarstaðurinn yrði aðskilinn frá Hrafnagilshrepp, og skyldi hér eptir vera bæjarfélag og lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, og eptir því, sem alþingi skýrir frá, er samþykki annara hreppsúa til þessa ekki af þeirra hálfu bundið öðrum skilmálum en þeim, sem hægt verður að koma sér saman um. Það virðist því ekki geta verið neitt því til fyrirstöðu, að áformi því, sem hér er um rætt, verði framgengt; því að visu er verzlunarstaðurinn enn eigi mjög fjölmennur, og hafði eptir skýrslu sýslumanns að eins nálega 260 íbúa árið 1855; en þessi íbúatala er eigi að síður svo mikil, að frá þeirri hlið getur ekkert verið því til fyrirstöðu að láta Akureyri vera bæjarfélag sér; svo er og eigi heldur neitt á móti því, að verzlunarstaðurinn sé lögsagnarumdæmi út af fyrir sig, með því sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu getur tekið að sér þau störf, er heyra til bæjarfógetaembættis í kaupstaðnum, að minnsta kosti fyrst um sinn, þangað til bærinn er orðinn stærri.

Stjórninni hefði því ekki þótt neitt ísjárvert við það, að mæla með því, að nú þegar yrði lagt allrahæst samþykki á frumvarp alþingis til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna á Akureyri, ef alþingi hefði látið sér nægja með, að heimfæra upp á hinn nýja kaupstað ákvarðanir þær, sem gjörðar eru í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna sérstaklegs ástands á Akureyri; en þessu er eigi þannig varið; því reyndar hefir reglugjörð 27. nóvember. 1846 verið lögð til grundvallar, þá er frumvarp alþingis var samið, en eins og betur mun sjást síðar af athugasemdum þeim, er gjörðar eru við einstakar greinir frumvarpsins, hefir þingið í ýmsum merkilegum atriðum vikið frá henni, og á það sér eiukum stað að því leyti þingið í 1., 5., 11., 19., 22., og 25. grein í frumvarpi sínu hefir fallið á ákvarðanir, er miða til að bæjarstjórninni í hinum nýja kaupstað verði þannig hagað, að hann öðlist meira sjálfsforræði gagnvart stjórninni, en veitt er Reyjavíkurbæ, eða nokkurri bæjarstjórn í konúngsríkinu, þegar Kaupmannahöfn ein er undanskilin.

Það nú ekki getur verið umtalsmál að fallast á þær ákvarðanir í frumvarpi alþingis, er að þessu lúta, þótti réttast að leggja málið fyrir alþingi á ný, áður en frumvarpið yrði gjört að lögum. Það hefir og að undanfögnu verið síður, þegar lagafrumvörp hafa komið beinlínis frá alþingi, að gjöra þau að lögum, hafi ekki þótt ástæða

til að gjöra á þeim verulegar breytingar, og hafa eigi þar með verið taldar orðabreytingar og jafnvel ekki smá-efnisbreytingar í ákvörðunum frumvarpanna; en hafi þar á móti verið meira varið í breytingarnar, hefir málið á ný verið lagt fyrir þingið sem stjórnar-frumvarp.

Samkvæmt þessu hefir nú lagafrumvarp það, sem hér er á undan, verið samið í dómsmálastjórninni, og með því frumvarp alþingis hefir verið lagt til grundvallar, skal nú að eins rætt um þær ákvarðanir, sem eru mismunandi frá frumvarpi þingsins, að því leyti mismunurinn ekki er fólginu í orðabreytingum einum.

#### Um 1. grein.

Eptir frumvarpi alþingis átti Oddeyri nú þegar að samtengjast við kaupstaðarlóðina, og heyra undir hina nýju bæjarstjórn; er sú ákvörðun byggð á því, að lóð Akureyrar er svo lítil, að nálega engi húsastæði eru þar til, ef byggja skyldi ný hús, og á því, að höfnin grynnist svo mjög af sandi á ári hverju, að hæglega getur svo farið, að nauðsynlegt verði að flytja verzlunarhúsin út á Oddeyrina. En amtmaðurinn yfir Norður- og Austurumdæminu hefir fastlega verið á móti þessu; hefir hann reyndar í álitsskjali sínu um málið viðurkennt, að kaupstaðinn vanti hentug húsastæði, einkum til nýrra sölubúða, og að höfnin grynnist á ári hverju, en bæði er það, að ekki getur að hans áliti orðið umtalsmál í alvörn, að leggja niður verzlunarstað þann, sem nú er, og flytja hann út á Oddeyrina, fyr en ef til vill að nokkrum öldum liðnum, jafnvel þó ekkert verði gjört til að bæta höfnina, svo hefir hann og bent á, að nægileg húsastæði geti fengizt frá sjónum við verzlunarstaðinn, með því að fylla þar upp, og einnig megi á sama hátt varna því, að höfnin verði fyrir meiri skemmdum. Því næst hefir amtmaður getið þess, að því fari fjarri, að eins gott húsastæði sé á Oddeyri eins og á lóð verzlunarstaðar þess, sem nú er; því auk þess að þar megi óttast flóð úr Glerá, þá sé Oddeyri ekki í hlé fyrir neinum vindi, og af því hún liggi svo lágt, þá sé og mjög hætt við, að sjór gangi þar yfir, svo sé og sá galli á lendingu þar þeim megin, er að höfninni veit, nema yzt, að þar sé allt of aðgrunnt. Þar við bætist að bygging sölubúða á Oddeyri, sem er hér um bil fjórðung milu frá verzlunarstaðnum, þegar farið er með sjó fram, þangað sem eiginleg húsastæði fást, mundi ekki, að áliti amtmanns, hafa gagnleg áhrif á verzlunina, þar sem aðsóknin yrði að tvístrast og verzlun-



arkeppnin fara aflaga; en á hinn bóginn mundi verzlunarmönnum á Akureyri þykja bagi fyrir sig, að sölubúðirnar á Oddeyri, vegna þess hvernig hún liggur við, hefði færi á að draga til sín kaupverzlun úr sjávarhæruðunum báðum megin Eyjafjarðar, er þaðan sé venjulega fluttar vörur sjóveg; loksins hefir amtmaður getið þess, að ef Oddeyri væri löggilt sem kauptún og lögð við kaupstaðarlóðina, er þannig yrði í tvennu lagi, með eigi alllitlu bili á millum, þá yrði slíkt að gjöra erfiðari alla stjórn bæjarmálefna, með því öll umsjón yrði tvöföld, og þannig torveldari en annars, og hið sama væri um lögreglustjórnina.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið taldar, hefir það þótt ísjarvert að fallast á uppástungu alþingis um, að leggja með lagaþóði þessu Oddeyri undir kaupstaðinn; þar á móti hefir þótt réttast, að hin nýja bæjarstjórn fengi færi á að láta í ljósi álit sitt um þetta atriði, áður en út gjört yrði um það; en til þess samt að ákvörðunin í upphafi greinarinnar, um takmörk kaupstaðarins ekki yrði því til fyrirstöðu, að Oddeyri yrði lögð til kaupstaðarins, ef slíkt yrði álitid hagkvæmt, eptir að frekari upplýsingar væri fengnar, hefir verið bætt inn í greinina ákvörðun um, að hlutaðeigandi stjórnarráð skuli eiga rétt á, að fenginni skýrslu frá bæjarstjórninni, að leggja Oddeyri undir kaupstaðinn, þegar til þess kunnir þykja nægar ástæður.

Að öðru leyti er grein þessi eins og 1. grein í frumvarpi alþingis, að því undanskyldu, að sleppt er þeirri ákvörðun, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu skuli fyrst um sinn vera bæjarfógeti í kaupstaðnum, og þótti ekki þörf á að taka þetta fram í lagabóðinu, og að á hinn bóginn er sett sú ákvörðun, líkt því sem stendur í 1. grein í reglugjörð 27. nóvembermánaðar 1846, að bæjarstjórnin standi undir tilsjón amtmannsins yfir Norður- og Austurumdæminu og yfirstjórn hlutaðeigandi stjórnarráðs; en þessu var sleppt í frumvarpi alþingis, án þess fyrir því væri tilgreind nein ástæða.

### Um 3. grein.

Upphafi greinar þessarar hefir verið að nokkru leyti breytt, því eins og hún var í frumvarpi alþingis, var hún ekki öldungis nákvæmlega orðuð, sbr. 5. gr.; svo hefði og eptir hinum danska texta frumvarpsins kónur 25 ára gamlar haft rétt til að taka þátt í kosningum bæjarfulltrúa.

## Um 5. grein.

Eptir frumvarpi alþingis gat að eins *hlutadeigandi bæjarfulltrúi* borið upp fyrir *amtmani* kæru um úrskurði bæjarstjórnarinnar um þau atriði, sem um er rætt í grein þessari. En nú hefir niðurlagi greinarinnar verið breytt eptir ákvörðun um sama efni í reglugjörð 27. nóvembermán. 1846, 14. gr., og á eptir því *sérhver, sem hlut á að máli*, kost á að bera kæru sína upp fyrir *stjórninni*, ef hann einnig er óánægður með, hvernig amtmáður hefir skorið úr málinu.

Greininni er enn fremur breytt á þann hátt, að þeirri ákvörðun í frumvarpi alþingis er sleppt, að þegar bæjarfulltrúa um stund hefir verið bægt frá fulltrúastörfum, og hann aptur tekur við þeim, þá skuli »sá tími, er málsóknin stóð yfir, reiknast með sýslutíma hans«. Slik ákvörðun er ekki í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, og hún virðist einnig vera óþörf, þar sem ekki er annað ákveðið með henni, en það sem er vitaskuld.

Að öðru leyti skal þess getið, að þegar saminn var fyrsti kaffinn í grein þessari, þá var einkum farið eptir því, hvernig áþekkar ákvarðanir hafa verið orðaðar í hinum nýrri bæjar- og sveitastjórnarlögum fyrir konúngsríkið, sbr. reglug. fyrir verzlunarstaðinn Silkeborg 20. marzmán. 1855, 3. gr. og bráðabyrgðarlög um stjórn Friðriksbergs-sóknar, 29. desember 1857, 3. gr.

## Um 7. grein.

Í þessari grein eru þær ákvarðanir sameinaðar, sem eru bæði í 7. og 8. gr. í frumvarpi alþingis; því ekki þótti vera næg ástæða til að skipta í tvær greinir reglunum um tímamann, þá er kosningar eiga fram að fara, og um það, hvernig kosningar skuli undir búá; slik aðgreining er eigi heldur við höfð, hvorki í reglug. 27. nóvemberm. 1846 né í hinum nýrri bæjarstjórnarlögum fyrir konúngsríkið, er nú voru nefnd.

Því næst skal þess getið, að breytt hefir verið niðurlagsákvörðuninni í 8. gr. í frumvarpi alþingis. Eins og ákvörðun þessi þar er orðuð, þá fynast umkvartanir um það, að nokkur sé *oftalinn* á kjörskránni, ef þær ekki koma fram innan ákveðins tíma, sem er 3 dagar; en bæði er það, að engi ástæða er til færð fyrir slikri fyrningu, sem og væri óeðlileg í sjálfu sér, með því engi, sem ekki á kosningarrétt, getur öðlazt þenna rétt fyrir það, að ekki koma fram í tíma mótmæli móti honum, enda er slik á-

kvörðun eigi heldur í neinum af bæjarstjórnarlögum þeim, sem að ofan eru nefnd, og hefir henni því einnig verið sleppt í grein þessari.

#### Um 10. grein.

Eftir uppástungu alþingis er í grein þessa sett ákvörðun um, að ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, sem álitin er gild, þá skal eigi þegar í stað kjósa á ný, heldur skal þá halda *nýjan kjörfund*, sem kjörstjóri skal boða til innan 8 daga. Að öðru leyti er greinin eins og 12. grein í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846; því ekki þótti næg ástæða til að fallast á þá uppástungu alþingis, að amtmaður skuli eigi hafa það vald, sem honum er þar veitt, til að skjóta málinu undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs, þyki honum vafasamt, hvort kosning sé lögmæt, og til að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn.

#### Um 13. og 14. grein.

Þessar greinir eru eins og 16. og 17. grein í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, og sama efnis og 14. grein í frumvarpi alþingis. Í frumvarpi alþingis eru greinir þessar dregnar saman í eina grein, en ekki virtist vera næg ástæða til þess, þar eð þær eru ólíks efnis. Við þetta bætist, að ef greinin væri orðuð, eins og alþingi hefir stungið upp á, vantaði ákvörðun um, hvernig að skuli fara, þegar æðra yfirvald leitar *álits* bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins. Að hafa ákvörðun um, að minni hlutanum sé heimilt að skýra bréflaga frá skoðun sinni, og láta fylgja með, ef málið gengur til æðra yfirvalds, þótti óþarfi, þar það virðist að þetta hljóti að vera minni hlutanum heimilt, þó ekki sé það ákveðið í laga-boðinu.

#### Um 15. grein.

Niðurlagsorðunum í 15. grein í frumvarpi alþingis er hér sleppt, með því það er ákveðið í konungsúrskurði 29. júnímánaðar 1860, að presturinn skuli búa á Akureyri eða rétt í grennd þar við, þegar búið er að byggja þar kirkju, sem búið er við að bráðum muni verða.

#### Um 19. grein.

Grein þessi er eins og sú grein í frumvarpi alþingis, sem er um sama efni, nema ákvörðunin í niðurlagi greinarinnar; eftir þeirri ákvörðun átti áætlunin um tekjur og gjöld kaupstaðarins að

vera gild án samþykkis æðra yfirvalds, og skyldi hún að eins send amtmani, honum til hlíðsjónar. Sem ástæðu fyrir því, að í þessu er breytt út af því, sem ákveðið er í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, 19. gr., hefir alþingi tekið fram, að það í þessu hefði haft fyrir sér regluna í 16. gr. í lögum 4. marz. 1857, um stjórn bæjarmálefni í Kaupmannahöfn, og að það virðist vera bæði óþarft og ófrjálslegt, að bæjarbúar þurfi samþykki yfirvaldsins til að leggja fram það fè, sem þeir vilja sjálfir leggja til, og sem eigi hefir neinn byrðarauka í för með sér fyrir aðra en þá, sem eru búsettir í kaupstaðnum. En eins og þegar er ávikið, virðist engi ástæða til, að veita bæjarfélagi þessu meira sjálfsforræði í því, er snertir tekjur og gjöld kaupstaðarins, en veitt er nokkrum öðrum bæ í öllu ríkinu, að höfuðborginni einni undanskildri. Það er einnig í augum uppi, að ekki verður skírskotað til þess, hvernig skipað var fyrir um bæjarmálefni í Kaupmannahöfn í lögum 4. marzm. 1857; því þó ekki sé lítið á neitt annað, sem er svo mjög ólíkt, þá mætti það eitt vera nægilegt í þessu efni að benda á, að í Kaupmannahöfn semja ekki bæjarfulltrúarnir áætlunina, heldur er það borgararáðið (Magistraten), er gjörir uppástungur um, hvað þurfa muni til nauðsynlegra gjalda, og þer það undir bæjarfulltrúana, sem þá annaðhvort leggja samþykki á hina einstöku gjaldliði eða neita því. Hér er því sá, er biður um fèð, annar en sá, er veitir það; en þar á móti á bæjarstjórnin á Akureyri, eins og í öðrum bæjum, nema í Kaupmannahöfn, að veita sjálf það fè, sem hún á að verja; hér verður því að fara eptir því, sem ákveðið er um aðra kaupstaði, en í engum þeirra er bæjarstjórninni veitt vald til að gjöra út um gjaldaáætlunina, og þannig leggja skatta á bæjarmenn, án þess fengið sé til þess samþykki amtmanns, og er þessari reglu framvegis haldið í lögum 29. desemberm. 1857., 17. gr., um stjórn Friðriksbergs-sóknar, sem eru yngri en lögin um stjórn bæjarmálefna í Kaupmannahöfn. Eigi verður heldur, eins og sumir alþingismenn hafa gjört, skírskotað til fátækrareglugjörðarinnar íslenzku frá 8. janúarm. 1834, með því það er að eins um eina sérstaka tegund af gjöldunum (til fátækra), að hreppstjórinn uppá sitt eindæmi er látinn gjöra áætlunina, svo er og engi vafi á því, að slík gjöld sé nauðsynleg; en þar á móti getur það verið vafa bundið, að hve miklu leyti þetta eigi sér stað um ýms önnur atriði í áætlun um bæjargjöld. Hvað hina ástæðuna snertir, er alþingi til færði, uppástungu sinni til styrkingar, þá er í sjálfu sér ekki mikið í hana

varið, og hún er heldur ekki rétt; því það eru engan veginn þeir eingöngu, er gefa atkvæði um áætlunina, sem eiga að greiða gjöldin; en þó ætla megi að bæjarstjórnin gætti þess, að ekki yrði lagðar of þungar álögur á bæjarbúa, virðist það þó vera ósamkvæmt réttum grundvallarreglum, að fá henni í hendur svo ótakmarkað vald, og á þetta sér einkum stað um þessa hina nýju bæjarstjórn, þar sem kosningarréttur er mjög óbundinn eptir 3. og 4. grein frumvarpsins, og miklu rýmri, en eptir reglugjörðinni fyrir Reykjavík. Niðurlag greinarinnar er því orðað eins og ákvörðun um sama efni í reglugjörðinni frá 27. nóvemberm. 1846.

Um 20. og 22. grein.

Greinum þessum er breytt samkvæmt breyting þeirri, sem gjörð hefir verið á niðurlagi 19. greinar í frumvarpi alþingis.

Um 24. grein.

Þessi grein er eins og 24. gr. í frumvarpi alþingis, að því undanskildu, að lítilfjörleg breyting er gjörð í síðasta kafla greinarinnar, samkvæmt því sem ákveðið er um sama efni í reglug. 27. nóvemberm. 1846, 22. grein.

Um 25. grein.

Þessi grein er tekin eptir 24. grein í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, að því undanskildu, að eptir uppástúngu alþingis er sleppt niðurlagsákvörðuninni um borgarafundi; en þar á móti er með því, sem er undanskilið ályktunum bæjarstjórnarinnar, talið: að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn. En væri greinin orðuð eptir uppástúngu alþingis, þá væri það ekki öldungis rétt, þegar kaupstaðnum ekki er veitt jafn mikið sjálfsforræði, og þingið hefir stúngið upp á.

Um 26. grein.

Þessi grein er tekin eptir frumvarpi alþingis, nema hvað sleppt er ákvörðun þeirri, sem er í niðurlagi greinarinnar, um að amtmaður skuli leita nægra upplýsinga um málið, áður hann leggi úrskurð á reikninga gjaldkera, og þótti óþarft að tiltaka það með berum orðum.

---

## IV.

# Fr um v a r p

til

opins bréfs

um

löggilding verzlunarstaðar á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands.

---

Það skal frá 1. degi janúarmánaðar 18.. vera fastakaupmönnum heimilt að setjast að og verzla á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands, með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836; og eptir að búið er að byggja þar eina eður fleiri fastar sölubúðir, sem verzlað er í, þá mega einnig frá ofan greindum degi innlendir og útlendir lausakaupmenn sigla þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem á kveðið er í nefndu lagaboði og í lögunum 15. aprílm. 1854, 3. grein.

---

## Ástæður.

Í bænarskrá til konungs frá alþingi 1859 var meðal annars beðið um, að Skeljavík við Steingrímsfjörð í Strandasýslu í Vesturumdæmi Íslands yrði löggilt sem verzlunarstaður. Það var í því efni einkum tekið fram, að verzlunarstaður sá, sem nú sè löggiltur í Strandasýslu á Reykjafirði, sè mjög illa settur fyrir allan þorra sýslubúa, með því vegurinn þangað sè langur og torsóttur, að eptir því, sem til hagi landslagi, geti ekki aðrir sótt í kaupstað þenna, en íbúar Strandasýslu, og hafi hann því ávallt verið lítið sóttur; svo hafi það og leitt af þessu, að eigendur verzlunarstaðarins hafi eigi látið sèr mjög annt um verzlunina þar; höfninni á Reykjafirði sè mjög hætt við að fyllast með hafis á vorum, svo kaupför geti eigi náð þar höfn; en þegar ræða sè um Skeljavík, þá

eigi þessir annmarkar sèr sumpart öldungis ekki stað, og sumpart gæti þeirra minna; því Skeljavík liggir hérumbil í miðri sýslunni, og vegurinn þangað sè miklum mun hægri fyrir flesta sýslubúa en til Reykjafræðar; svo sè það og eptir landslaginu hægt að sækja þangað verzlun úr Barðastrandasýslu og nokkrum hluta Dalasýslu; ráði því að líkindum að verzlun þar muni geta vel þrifst; þar sè og skipalega góð.

Af þessum ástæðum virtist þínginu yfirgnæfandi ástæður mæla með löggildingu Skeljavíkur til kaups, þó því að öðru leyti yfir höfuð þætti áhorfsmál að fjölga kaupstúnum meir en komið er, einkum eptir að vöruslutningar innanlands eru orðnir eins frjálssir, og þeir nú eru.

Eptir því, sem að ofan er greint, verður nú stjórnin reyndar að fallast á það álit alþíngis, að yfirgnæfandi ástæður sè fyrir því, að löggilt sè kaupstúrn á Skeljavík. En með því reynslan hefir sýnt, að sumir af verzlunarstöðum þeim, sem hafa verið löggiltir á síðari árum, t. a. m. Þórshöfn, Borðeyri og Sauðarkrökur ekki hafa verið notaðir til að koma þar á fót fastri verzlun, heldur að eins til lausaverzlunar af skipam, og með því konungfulltrúi á alþíngi, sem að öðru leyti hefir mælt fram með því, að bænarskrá þíngsins yrði veitt áheyrsla, hefir, eptir að skorað hafði verið á hann að segja álit sitt um þetta atriði málsins, talið það líklegt, að eins mundi fara um Skeljavík, þá hefir stjórninni þótt ástæða til að reyna að skipa málefni þessu á þann hátt, að komist yrði hjá slíku framvegis. En það er ljóst, að þegar löggilding nýrra kaupstúna er notuð á þann hátt, sem nú hefir verið á vikið, þá geta landsbúar yfir höfuð ekki haft hin sömu not af því, eins og ef komið væri á fót fastri verzlun á slíkum stöðum. Hvað sèr í lagi snertir það tilfelli, sem hér er um rætt, þá virðist jafnvel vera hætt við því, að sú aðferð, sem nú var á vikið, mundi leiða til þess, að hin fasta verzlun, sem nú er á Reykjafræði, mundi líða undir lok, og gæti þá svo farið, að engi fastur verzlunarstaður yrði í allri Strandasýslu. En þetta virðist að vera mjög ísjárvert, þar sem verzlun lausakaupmanna að eins á sèr stað um sumartímann, en fasta kaupverzlunin þar á móti varir allt árið, og geta þá þeir, sem ekki geta byrgt sig fyrir allt árið á hinni eiginlegu kaupstúrn, smátt og smátt fengið þar helztu nauðsynjavörur sínar.

Þess ber og að geta, að löggilding kaupstúns, sem sjá má fyrir að ekki muni verða notað, til að koma þar á fót fastri verzlun,

kæmi í bága við grundvallarreglur þær, sem opið bréf 19. maímán-  
aðar 1854 er byggt á, og sem alþingi með berum orðum hefir  
fallizt á, með því hið almenna leyfi, sem áður var í vissum tilfellum  
veitt, til að sigla til verzlunar á staði, er eigi voru löggiltir sem  
kaupún, var eptir tillögum alþingis um sama leyti og verzlunin á  
Íslandi var gefin frjáls, með lagaboði því, er nú var nefnt, takmarkað  
til að gilda um fastakaupmenn, vegna þess menn óttuðust, að verzl-  
unin mundi að öðrum kosti verða óviss og komast of mjög á sund-  
rúng. En ef löggildingin væri notuð á þann hátt, er áður er greint,  
þá væri farið í kringum ákvörðun þessa.

Með því nú þessi hlið málsins hefir ekki verið tekin til yfir-  
vegunar á alþingi, hefir stjórninni þótt ástæða til að leggja málið  
fyrir þingið á ný, og hefir í þeim tilgangi samið frumvarp það,  
sem hér er að framan, til opins bréfs um löggilding verzlunar-  
staðar á Skeljavík, og er í því leyfi lausakaupmanna til að koma  
þangað til verzlunar bundið þeim skilmála, að áður sè búið að  
byggja þar eina eður fleiri sölubúðir.

---



## V.

# F r u m v a r p

til

tilskipunar fyrir Ísland um sendingar með póstum.

### 1. grein.

Til að senda með póstum á Íslandi, skal tekið við bréfum og bögglum, sem eigi eru þýngri en 5 pund, og eigi stærri en 18 þumlungar á lengd og 9 þumlungar á hæð og breidd. Á vetrarferðum skal að eins tekið við bréfum og bögglum, sem eigi eru þýngri en hálf pund.

Í tvöföldum umslögum má senda bankaseðla og önnur peningaskjól, er hljóða upp á þann, er þau hefir í höndum; einnig peninga allt að 4 rd. í hálfum eða heilum spesíum og 95½ sk. í smápeningum; meiri peninga má þar á móti að eins senda í tvöföldum pokum, sæmilega sterkum.

Frá því, er senda má með póstum, er undanskilið: púður, skeiðvatn, brennisteinssýra, saltsýra og aðrar etandi sýrur, brennisteinsspítur og aðrir þeir hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru.

### 2. grein.

Fyrir allt það, sem sent er með póstum, skal fyrirfram greiða burðareyri. Frá þessu er undanskilið það, sem sent er í konúngleg erindi; skal það fyrst um sinn, eins og verið hefir, vera undanþegið burðareyri. Með því, sem sent er í konúngleg erindi, skal eigi talið það, er snertir sveitamál, eða þær stofnanir, er eiga sérstaklegan fjárstofn, en þar á móti bæði það, sem yfirvöldin senda sín á milli eður til einstakra manna, og snertir almenn málefni, og það, sem einstakir menn senda yfirvöldum, ef sá, er það sendir, hefir ritað utan á það, og skrifað sjálfur nafn sitt undir, að ekki sé í því neitt annað en skýrsla, er honum hafi verið boðið að senda, eða álitsskjal, er hafi verið af honum heimtað.

## 3. grein.

Burðareyrir skal vera hinn sami fyrir öll bréf og böggla, sem send eru frá einhverjum stað, eða til einhvers staðar á Íslandi, og skal eigi tekin til greina vegalengd.

Fyrir bréf og böggla, sem beðið er um, að sendir sè á eptir manni, eða sè sendir til baka, skal eigi greiða annan burðareyri en þann, er upphaflega var greiddur.

## 4. grein.

Burðareyrir fyrir einföld bréf er 6 sk., nema svo sè, að þegar þau voru afhent, til þess þau yrði send með pósti, hafi verið á þau fest frímerki, sem póstmálastjórnin gefur út í þessum tilgangi, og skal hvert frímerki, er gildir fyrir burðareyri einfalds bréfs, borgað 4 sk., en 100 frímerki 4 rd.

Þau bréf skulu talin einföld bréf, sem vega 1 lóð á danskri verzlunarvikt, og þaðan af minna.

Fyrir bréf, sem vega

meira en 1 lóð,	en eigi meira en 2 lóð	skal greiddur tvöfaldur	bréfburð-
			areyrir eður 2 frímerki við höfð,
— - 2 - - — —	- 3 -	3fald. burðareyrir eða 3 frímerki,	
— - 3 - - — —	- 4 -	4 — — — — 4 —	
— - 4 - - — —	- 5 -	5 — — — — 5 —	
— - 5 - - — —	- 6 -	6 — — — — 6 —	
— - 6 - - — —	- 7 -	7 — — — — 7 —	
— - 7 - - — —	- 8 -	8 — — — — 8 —	

Eigi má, í stað þess að greiða burðareyri, við hafa frímerki, þegar ritað er á sendingar: »burðareyrir borgaður« eða því um líkt.

Fyrir bréf þau, sem ritað er á: »Falið á hendur« eða »N.B.« skal, auk burðareyris eptir þýngd bréfsins, greiða í ómakslaun jafnmikið og burðareyrir er fyrir einfalt bréf; slík bréf skulu eigi afhent nema mót kvittun.

## 5. grein.

Sérhver sending, sem er þýngri en 8 lóð, er böggull.

Fyrir böggla frá 8-10 lóða skal greiða 9fald. burðareyri, eða hafa 9 frím.

— — - 10-12 — — —	10 —	— — — — 10 —
— — - 12-14 — — —	11 —	— — — — 11 —
— — - 14-16 — — —	12 —	— — — — 12 —
— — - 16-20 — — —	13 —	— — — — 13 —

Fyrir böggla frá 20-24lóða skal greiða 14fald. burð.eyr., eða hafa 14frim.

—	—	-	24-28	—	—	—	15	—	—	—	15	—
—	—	-	28-32	—	—	—	16	—	—	—	16	—
—	—	-	32-40	—	—	—	17	—	—	—	17	—
—	—	-	40-48	—	—	—	18	—	—	—	18	—

o. s. frv. burðareyri eins og fyrir einfalt bréf (1 frímerki) að auki, fyrir hver 8 lóð, er böggullinn er þýngri, allt að 5 pundum.

Þegar bréf fylgir með, skal það og böggullinn vegið í einu lagi, þá er ákveða skal burðareyri.

#### 6. grein.

Nú eru dagblöð og önnur blöð og tímarit, sem koma út að minnsta kosti einu sinni í mánuði, send með pósti, og að eins bundið krossbandi utanum, og eigi annað skrifað en utanáskriptin, nafn þess er sendir, hvaðan það er sent og hve nær, og hafi þar að auki útgefandi, ef ritið kemur út á Íslandi, skuldbundið sig til að senda það eingöngu með póstum, þá skal greiða tvöfaldan bréf-burðareyri, 12 sk., eður við hafa tvö frímerki, fyrir það, sem eigi vegur meira en 8 lóð, þrefaldan burðareyri, eða 3 frímerki, fyrir 8 til 16 lóð, en fyrir það, sem vegur meira en 16 lóð, skal greiða burðareyri eins og fyrir einfalt bréf fyrir hver 4 lóð, sem umfram eru.

Bréf, sem með eru, skulu metin til burðareyris sèr, eptir sömu reglum og bréf.

#### 7. grein.

Póststjórnin tekur að sèr ábyrgð á peningum, sem sendir eru með póstum á Íslandi, — nema fyrir slysförum, er skeytingarleysi póststjórnarinnar eigi verður um kennt — ef sá, er peningana sendir, lætur hlutaðeigandi póstpjón telja þá, er hann afhendir þá, og auk burðareyris eptir 4. eða 5. grein, greiðir gjald það, er nú skal tilgreint:

Fyrir peninga, er eigi nema meiru en 5 rd., eins og fyrir einfalt bréf; frá 5 rd. til 25 rd., eins og fyrir tvöfalt bréf; og að auki fyrir það, sem umfram er 25 rd., eins og fyrir tvöfalt bréf, fyrir hverja 25 ríkisdali.

Kvittun fyrir móttöku peninganna, skal póststjórnin veita án sèrstakrar borgunar.

Skyldan til að bæta skaðann hverfur:

a, þegar sá, sem við peningunum á að taka, hefir gefið kvittun fyrir móttöku þeirra, og

b, þegar ekki er kraftzt skaðabóta áður eitt ár er liðið frá því, er peningarnir voru afhentir.

Nú vilja menn senda þá peninga, er fara með pósti, áfram til Kaupmannahafnar, og æskir sá, er peningana sendir, að þeir sé borgaðir í jarðabókarsjóðinn, þá skal þess kostur, ef sent er auk bréfsins til þess, er á að fá peningana, skrifleg beiðni til póstmeistarans í Reykjavík um að borga fêð í jarðabókarsjóðinn og senda ávísunina þeim, sem peningarnir eru til; skal þar að auki senda póstmeistarannum einn af hundraði af peningunum fyrir móttöku þeirra í jarðabókarsjóðinn, og í póstgjald fyrir þá peninga, er eigi nema meiru en 5 rd. . . . . 8 sk.  
frá 5 rd. til 25 rd. . . . . 12 —  
— 25 — — 100 — . . . . . 16 —  
— 100 — fyrir hverja 100 rd. . . . . 16 —

Hundraðsgjald það, er nú var nefnt, má að eins greiða með peningum; en önnur gjöld, þau er nefnd eru í þessari grein, má einnig greiða með frímerkjum.

Póststjórnin tekur ekki að sér neina ábyrgð til skaðabóta á öðru því, sem sent er með póstum, en peningum.

---

## Ástæður.

Annmarkar þeir, sem eru á sendingum með póstunum á Íslandi, hafa þegar um langan tíma sætt athygli stjórnarinnar, og alþingi hefir aptur og aptur beðizt þess, að samið yrði og lagt fyrir það frumvarp til laga eða reglugjörðar um breytingu á fyrirkomulagi póstsendinganna samastaðar.

Endurbótinni hlaut samt að fresta, uns reglulegri póstsamganga væri á komin meðal Danmerkur og Íslands, og líka varð það fyrst að ákveða, hvort póstsendingarnar á Íslandi ætti að hverfa undir lögstjórnina, eða hvort það væri ekki hentugra að leggja þær undir aðalpóststjórnina fyrir allt konungsveldið. Þegar því var komin á regluleg samganga fyrir gufuskipsferðir meðal Kaupmannahafnar og Íslands árið 1858, og hætta mátti við, að minnsta kosti um sinn, að koma póstmálefnum Íslands undir stjórn hinna almennu póstmálefna fyrir allt konungsveldið, eptir að skrifast hafði verið á við hlutaðeigandi embættismenn, var það álitíð réttast, að

ganga að endurbót hinna íslensku póstmálefna, eins og sérstaklegu íslensku málefni. Árið 1859 voru því allir amtmenn á Íslandi, landfógeti og einn alþingismaður, kvaddur af þess árs alþingi, kallaðir í nefnd, til þess að semja uppástúngu um fyrirkomulag póstmálefna á Íslandi og póstasambands milli konungsveldisins og Íslands; og þá er nefnd þessi hafði lokið störfum sínum, og því næst höfðu gengið bréf um málefnið milli lögstjórnarinnar og fjárhagsstjórnarinnar, hefir fyr nefndur stjórnarhluti samið framanskrifað frumvarp til reglugjörðar handa Íslandi um póstsendingar.

Um þetta frumvarp er það yfir höfuð að segja, að það snertir einungis póstmálefnið í Íslandi sjálfu. Póstsambandinu milli Íslands og konungsveldisins er sleppt, af því það var álitid réttast, að skjóta því til yfirvegunar einhvers þess manns, sem vel er kunnugur landsháttum á Íslandi, og þess manns, er póstmálastjórnin kynni að nefna til þess, áður en farið væri að ákveða samband þetta með lögum. Þá er og sleppt úr frumvarpinu skipulagsákvörðunum þeim, er nefndin hafði stungið upp á, svo sem um það, hversu póstsendingar skuli fram fara, um póstleiðirnar, tölu póstferðanna, afgreiðslu póstanna, stjórn póstmálanna og um skyldur sérhvers póstþjóns, því allt það, sem hér að lýtur, má ákveða með reglugjörð, er koma skal út jafnframt lögnum um sendingar með póstum. Ákvarðanir þær, sem teknar eru inn í frumvarpið, eru aptur á móti almennara löggjafarefnis, og þó því atriði málsins einnig hefði mátt koma fyrir með valdstjórnar fyrirskipunum, þar sem ekki er krafizt einkaleyfis fyrir póstana, hefir það samt þótt betra málinu sjálfu að fara löggjafarveginn, og gefa alþingi kost á að láta í ljósi álit sitt um það.

Hvað því næst hinar einstöku ákvarðanir frumvarpsins snertir, hefir uppástunga nefndarinnar verið lögð til grundvallar, þá er það var samið, en þó, svo mikið sem mátti, höfð hliðsjón af póstlögnum frá 11. marz 1851. Að öðru leyti verður að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir við hinar einstöku greinir frumvarpsins.

#### Við 1. gr.

Eptir uppástúngu nefndarinnar er hér tiltekið, hvað flytjast megi með póstum. Í ákvörðuninni um stærð og þýngsli þess, er senda má, er haft tillit til þess, að á Íslandi verður að hafa hesta til póstflutninga, nema á vetrarferðum, sem fara hlýtur fótgangandi.

Þó að peningavirði á pappír, að minnsta kosti um sinn, verði sjaldan send um kring á Íslandi, hefir þó verið álitnið réttast, með því kringumstæðurnar kunna að breytast í þessu efni, að taka í frumvarpið ákvörðun líka þeirri, sem lögin frá 11. marz 1851 § 3 B 5 hafa. Stórfé í silfurmynt, þó minna sé en það, sem tiltekið er í 1. atriði greinarinnar, má ekki senda nema í forsvaranlegum tvöföldum pokum, því annars kunna pokarnir auðveldlega að nuggast í sundur af hristingi koffortanna á hestinum.

3. atriði greinarinnar svarar til 11. gr., nr. 4, í lögnum frá 11. marz 1851, en þó er ekki bannað að flytja hluti, sem hafa vondan daun, með póstunum, því það þótti ekki nauðsynlegt, eptir því sem póstflutningum er varið.

#### Við 2. gr.

Ákvörðunin um að póstar ekkert megi hafa meðferðis, nema borgað sé undir það, er tekin eptir uppástungu nefndarinnar, og er eptir henni bréfburður með póstunum einum álitinn nauðsynlegt skilyrði fyrir reglulegu fyrirkomulagi póstferðanna á Íslandi, eptir því sem þar hagar til, og við það hefir því síður fundizt neitt að athuga, sem þvílíkur bréfburður hefir lengi átt sér stað, og þó ekki gefið tilefni til kvartana. Undanþágan frá þessu með embættismálefni er sömuleiðis tekin eptir nefndaruppástungunni, og hefir þó þótt réttast, að taka það greinilega fram, að slík undanþága skuli að eins fyrst um sinn eiga sér stað, með því verið er að leitast við að nema af bréfburðarfrelsi í konungsveldinu, og eins hefir verið leitazt við að ákveða greinilega, hvað nefna skuli embættismálefni, en undir því nafni geta sérstaklega ekki skilizt sveita (hreppa) málefni, eða þau mál, sem snerta stofnanir, er eiga sjóði fyrir sig.

#### Við 3. gr.

Að innleiða einn og hinn sama burðareyri, hvort sem bréf skal fara langt eður skammt, er bæði samkvæmt uppástungu nefndarinnar og hinum dönsku póstlögum. Til þess að koma í veg fyrir misskilning, hefir það þótt henta að taka í frumvarpið ákvörðun, eins og þá, sem er í áður nefndra póstlaga 2. gr. nr. 3.

#### Við 4. gr.

Í því að tiltaka burðareyri hefir eptir uppástungu nefndarinnar verið ákveðið grundvallargjald samkvæmt dönsku póstlögnum, og

líka er ákvörðunin um borgun burðareyris með áklindum gjaldbleðlum (Frimærker) tekin inn í frumvarpið. Þar eð hver einn af gjaldbleðlum þessum kostar hið sama, sem burðareyris er fyrir einfalt bréf, 4 sk., verður burðareyris sá, sem upp á er stungið, líkur þeim, er að undanförmu hefir verið borgaður fyrir bréf, sem vege allt að lóði, til næstu sýslu.

Til að koma í veg fyrir svik, þegar burðargjald er greitt með gjaldbleðlum, þar sem nefnilega hlutaðeigandi pólitíþjón eða aðrir, kynni klína gjaldbleðli á bréf, sem borgað hefði verið með peningum, hefir verið tekin í frumvarpið ákvörðun, svarandi til 8. gr. póstaganna, nr. 1, um að sendingar, sem á er ritað »fritt«, »borgað« eða »franco«, megi ekki borga með gjaldbleðlum, og þar sem það hlýtur að þykja ísjárvert, að fyrirskipa nafnaritun á lista, jafnframt hinum lága burðareyri og gjaldbleðlunum, hefir að ráði aðalþóstsþjórans verið tekin í frumvarpið sú ákvörðun, að borga skuli aukagjald, jafnhátt burðareyri fyrir einfalt bréf, þegar heimtað er, að kveðjur bréfanna verði ritaðar á lista.

#### Við 5. gr.

Til að gjöra póstaþgreiðslu alla sem einfaldasta, hefir nefndin stungið upp á, að allt sé álitid sem bréf. Með þessu móti verður komizt hjá flóknum útreikningum og reikningsskilum, og líka hverfa þau vandkvæði, sem annars mundu koma fyrir, þegar gjöra skal út um það, hvað bréf skal álita eða böggul, og er því enn fremur við bætt, að því siður sé ástæða til að greina sundur bréf og böggla, sem póstar á Íslandi ekki geti flutt þýngri böggla en 5 pund. Eins og nú af þessum ástæðum ekki er gjörður greinarmunur í fyrirfarandi grein á bréfum og bögglum, samkvæmt uppástungu nefndarinnar, þegar viktin er 8 lóðum minni, þannig hefir og í þessari grein verið gengid fram hjá umgetinni aðgreiningu á þýngri sendingum, en burðareyris ákveðinn í minna hlutfalli, sem, að því leyti allar sendingar, 8 lóðum þýngri, eru nefndar bögglar, skoða má eins og bögglataxta út af fyrir sig.

#### Við 6. gr.

Samkvæmt uppástungu nefndarinnar er í grein þessari ákveðinn talsvert minni burðareyris fyrir dagblöð, önnur blöð og tímarit, sem koma út að minnsta kosti á mánuði hverjum, þegar þau eru send með póstinum með lausum krossböndum fyrir umslag, og

ekkert er með þeim skrifað, nema kveðjan, nafn og heimili þess, er sendir, og sendingardagur. En þar sem hinn jafnhái burðareyri fyrir allt land leiðir af sér, að réttu hlutfalli, hærri burðareyri fyrir sendingar í hinar næstu sýslur, mætti gjöra ráð fyrir, eins og nefndin hefir vakið athygli á, að blaðaútfendur vildi ekki senda blöð sín með póstinum í þessar sýslur, heldur gjarnan til hinna fjarlægari, en með því þetta mundi olla póst-stofnuninni fjártjóns, er eptir uppástúngu nefndarinnar tekin í frumvarpið sú ákvörðun, að burðareyri þá að eins verði lækkaður, ef útgefandi skuldbindur sig til að senda blöð sín eður hlutaðeigandi tímarit eingöngu með póstumum. Það hefir ekki þótt nauðsyn að láta þessa reglu gilda fyrir dagblöð og tímarit, sem send eru með póstskipinu til Íslands, með því það er sjálfsagt, að þar þau koma með pósti, má ekki senda þau áfram nema með pósti. Aftur á móti hefir ekki þótt ráðlegt að fylgja uppástúngu nefndarinnar, að því leyti hún fer því fram, að krossbandasendingar megi ekki borga með gjaldbleðlum, því aðalpóststjórnin hefir vakið athygli á því, að það, sem nefndin hefir haft á móti þessu, nl. að gjaldbleðlunum væri hættara við að detta af þessum sendingum, en af bréfum, hefði ekki neitt verulegt gildi, eptir því sem reynslan hefir sýnt um sendingar krossbanda.

#### Við 7. gr.

Peningasendingar hafa hingað til verið ærið áhættusamar fyrir þá, er sendu, þar póst-stofnunin alls enga ábyrgð hefir tekið á þeim. Til að ráða bót á þessum vandkvæðum, er leggjast hart á allar peningavíxlani, fyrirskipar grein þessi, eptir uppástúngu nefndarinnar, að póststofnunin taki að sér ábyrgðina á peningasendingum með vissum nákvæmari skilyrðum, þó sjálfsagt að undanteknum óhappatilfellum, sem ekki eru hirðuleysi póststofnunarinnar að kenna. Samkvæmt dönskum póstlögum er ábyrgðin látin vera undir því komin, að sá, er peningana sendir, láti pósthjóninn telja þá við afhendinguna, og borgi póststofnuninni sanngjarnt aukagjald auk burðareyris. Í því að ákveða þetta gjald, hefir verið vikið talsvert frá uppástúngu nefndarinnar, sem hafði sett ferfaldan andvirdiseyri móts við þann, sem í greininni er ákveðinn, en því lík borgun var álitinn svo há, að það mundi verða því nær ógjörningur fyrir þá, sem ekki eiga heima í Reykjavík, og vilja senda peninga til Kaupmannahafnar, að nota póststofunina til slikra sendinga.

Ákvarðanirnar um það, hve nær endurgjaldsskyldan hættir, eru



samkvæmar lögunum frá 11. marz 1851 § 10, þó svo, að fyrningartíminn er eptir uppástungu nefndarinnar ákveðinn eitt ár frá því peningarnir eru afhentir.

Peningasendingar út úr landinu fara almennt fram á þann hátt, að sá er þá sendir, leggur þá inn í jarðarbókarsjóðinn gegn því, að þeir verði honum eða einhverjum nafngreindum manni aptur borgaður úr aðalrikisjóðnum í Kaupmannhöfn, og er borgað fyrir þetta 1 rd. af hverjum 100, sem inn eru lagðir, nl.  $\frac{3}{4}$  af 100 til jarðabókarsjóðsins og  $\frac{1}{4}$  til landfógetans. Þessi peningasending er sæmilega auðveld fyrir Reykjavíkurbúa, en aðrir landsmenn geta ekki haft hennar not, nema þeir hafi sér erindsreka í Reykjavík. Til að bæta úr þeim vandkvæðum, hefir landsmönnum, eptir uppástungu nefndarinnar, verið gefinn kostur á að senda fè með þessu móti fyrir tilhjálp póstmeistarans í Reykjavík, gegn því, að sá, er peninga sendir, greiði póststofnuninni, auk hundraðsgjalds þess, sem áður er getið, nákvæmar ákveðið gjald, sem nefndin einnig hefir stúngið upp á.

Til að forðast misskilning, er það loksins í greininni berlega tekið fram, að póststofnunin tekur ekki upp á sig endurgjaldsábyrgð á neinum öðrum en peningasendingum með póstunum.

## VI.

# Frumvarp

til

opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarm. 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Þegar fè ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd. til 100 rd., hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarm. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal leyft, að slíkt fè sè ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort sè fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eða að það sè lánað einstökum mönnum mót lögmatu veði, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði.

## Ástæður.

Samkvæmt lögum 28. marzm. 1855 um lausar ríkisskuldur, var svo ákveðið í bréfi fjárstjórnarinnar 12. aprilm. s. á., að fè ómyndugra og opinberra stofnana aðeins yrði veitt móttaka í jarðabókarsjóð Íslands á þann hátt, að greiddir væri af því 3 af hundraði í ársvöxtu, í stað þess, að áður voru greiddir 3½, og að enn fremur mætti ekki borga inn í sjóðinn, til að fá vöxtu af úr ríkissjóði, minna fè en 100 rd. fyrir neinn ómyndugan eða neina almenna stofnun. Eftir þetta kom frá alþingi 1857 bænarskrá, er fór fram á, að með því það væri miklum erfðileikum bundið á Íslandi að geyma og koma á vöxtu litlum peningaupphæðum, skyldi fyrir land þetta gjörð undantekning frá ákvörðun þeirri, sem áður er nefnd, þannig að leyft yrði framvegis að veita móttöku á leigu í jarðabókarsjóðinn ómyndugra fè og opinberra stofnana, er nemur 25 riðisdólum og þar yfir.

Af þeim ástæðum, sem konúngsfulltrúi áður hefir verið látinn tilkynna alþingi, gat nú stjórnin ekki orðið við þessari bæn; en með því ætla mátti að erfiðleikar þeir, sem alþingi hafði bent á að væri á því, að koma fyrir á leigu fè ómyndugra og opinberra stofnana, mundu minnka, ef komið yrði á fót einum eða fleiri sparisjóðum á Íslandi, en þegar árið 1850 hafði verið rætt um stofnun slíks sjóðs fyrir Reykjavík og hérauðin þar í grennd, án þess þó að enn hefði orðið af því neinn árangur, þá fór dómsmála-stjórnin á ný að skrifast á við hlutaðeigandi yfirvöld um málefni þetta, og var þá jafnframt leitað álits þeirra um, hvort það mætti álíta haganlegt, að veitt væri leyfi til þess, að fè ómyndugra yrði ávaxtað á þann hátt, að fyrir það væri keypt konúngleg skuldabréf, en þau eru nú til hljóðandi upp á 25 rd. og 50 rd.

Eptir þeim skýrslum, er stjórnin hefir síðan fengið, verður varla við því búizt, að sparisjóðir geti fyrst um sinn komizt á fót á Íslandi; og er það í því efni einkum tekið fram, að það fè, er slíkir sjóðir gæti átt von á, sè svo lítið, að vextirnir af því mundu ganga í kostnaðinn við stjórn sjóðanna; þar á móti má ætla, að vandkvæði þau, sem að undanförmu hafa þótt vera á því, að koma fyrir á leigu fè ómyndugra, sem ekki nemur 100 ríkisdöllum, muni hverfa, að minnsta kosti að nokkru leyti, ef veitt er leyfi til að kaupa fyrir slíkt fè konúngleg skuldabréf, er eigi verður upp sagt; en af því það getur verið erfitt fyrir fjárhaldsmenn þá og umboðsmenn, er búa í fjarlægari hérauðum landsins, að hagnýta sèr leyfi þetta, hefir þótt réttast að fyrirskipa jafnframt þessu, að þegar fè ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd. til 100rd. hefir verið boðið til leigu á löglegan hátt, en því þó ekki orðið komið á vöxtu hjá einstökum mönnum fyrir þá rentu, sem ákveðið er í í tilskipun 18. febrúarm. 1847 að vera skuli að minnsta kosti  $3\frac{1}{2}$  af hundraði, þá skuli mega ávaxta slíkt fè með því að lána það einstökum mönnum mót lögsmætu veði, fyrir 3 af hundraði að minnsta kosti.

## VII.

# Fr um var p

til

opins bréfs, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmán. 1857, um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum.

---

Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþyrmingu á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður annara, á eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framíð í fyrsta skipti eður itrekað, að sektast allt að 50 ríkisdöllum, eður sæta líkamlegri hegningu allt að 20 vandarhöggum.

---

## Ástæður.

Meðal þeirra lagaboða, er komið höfðu út fyrir konungsríkið Danmörku árin 1857 og 1858, og lögð voru fyrir alþingi 1859, til þess þingið gæti ihugað, að hve miklu leyti þau væri þess efnis, að þau bæri að löggilda á Íslandi, voru lög 21. janúarmán. 1857, um hegningu fyrir illa meðferð á skepnum. En með því um sama leyti kom til þingsins bænarskrá, sem fór því á flot, að lagt yrði fyrir næsta þing lagafrumvarp, er ákvæði hegningu eður sektir fyrir vísvitandi illa meðferð á kvikfænaði, þá kaus þingið þá aðferð, í stað þess að láta í ljósi álit sitt um löggildingu lagaboðs þess, sem að ofan er nefnt, að senda sérstaklega bænarskrá um þetta mál, og er í henni beðið um, að út komi lagaboð fyrir Ísland um þetta efni þannig hljóðandi:

•Hver, sem verður uppvís að því, að hafa viljandi misþyrmt »skepnum, hvort heldur sínum eigin eða annara, eður beitt »við þær, einkum kvikfænað og önnur húsdýr, í meðferð eður »viðurgjörningi, miskunarlausri harðýðgi að nauðsynjalausu, á

»að sæta sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, allt að 50 rd.,  
 »eða líkamlegri hegningu eptir málavöxtum, og sèr í lagi  
 »með tilliti til þess, hvort brotið er framið í fyrsta sinn eður  
 »ítrekað«.

Það er í bænarskrá þessari tekið fram, að það sè auðsætt, að lagaboð um meðferð á skepnum sè nauðsynlegt, ekki síður á Íslandi en í Danmörku, og hljóti jafnvel á Íslandi að vera nokkuð yfirgripsmeira, þar sem ásigkomulag landsins ekki að eins sè svo frábrugðið, heldur hagi einnig meðferð og viðurgjörningi skepna þar allt öðruvísi en í Danmörku. Eigi að síður var þingið á því, að ekki ætti við að taka inn í lagaboð um þetta efni nákvæmar og sérstaklegar ákvarðanir um þau margbreyttu tilfelli, sem í því geta fyrir komið, heldur hljóti lagaboðið að vera samið í almennum og yfirgripsmiklum orðatiltækjum, eins og lögin 21. janúarmán. 1857. Þar sem nú alþingi samt sem áður ekki hefir viljað aðhyllast þetta lagaboð, heldur stungið upp á að lagaboð það, er út skyldi koma, yrði samið allt öðruvísi, þá er reyndar ekki gjörð nákvæmar grein fyrir þessu í bænarskránni, en af umræðunum um málið á þinginu sèst, að þingið með þessu hefir ætlazt til, að lagaboðið yrði yfirgripsmeira en það yrði, ef lögin 21. janúarm. 1857 yrði löggilt á Íslandi, og að það einkum hefir verið tilgangur þingsins, að ekki að eins sá, er verður sekur í grimmdarlegri misþyrmingu á skepnum eður annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð á þeim, sæti hegningu eptir lögnum, heldur og að sá verði fyrir hegningu, sem á miskunarlausan hátt, er særir mannlega tilfinningu, hefir valdið því að dýr, einkum húsdýr, kæmist í húngur eður dauða, þó hann gæti afstýrt því. Að þessu lúta í frumvarpi alþingis orðin: »eður beitt við þær, einkum kvikfænað og önnur húsdýr, í meðferð eður *viðurgjörningi* miskunarlausri harðýðgi að nauðsynjalausu«, og hefir framsögumaðurinn í umræðunum um málið skýrt það nákvæmar með dæmi einu, hvaða tilfelli verði heimfærð undir þessa ákvörðun. Hann hefir sumsè látið þá meining í ljósi, að ákvörðun þessi ætti við um þann, sem lætur hesta sína ganga úti í jarðleysum, og þegar þeir koma heim húngraðir í illviðrum lætur reka þá burt aptur, og þeir verða til í illviðrinu eður detta niður dauðir af húngri.

En eigi verður nú betur sèð, en að orðin »annari harðýðgisfullri og miskunarlausri meðferð« í lögum 21. jan. 1857 verði beinlínis heimfærð bæði upp á dæmi það, er nú var tilgreint, og yfir

höfuð tilfelli þau, sem einkum virðast hafa vakað fyrir þínginu, og sem innibindast í orðinu »viðurgjörningi». Þar á móti á ekki hvers konar ill meðferð á skepnum, og *yfir höfuð að tala* ekki illur viðurgjörningur við þær, að sæta hegníngu, en til þess út-heimtist að því sé samfara stakleg harðýðgi, grimmd, eður ill-mennska, og verður að láta dómstólana skera úr því, hvort slíkt eigi sér stað í hvert skipti.

Hvað því næst snertir fyrirkomulagið á frumvarpi alþingis, þá virðist það í ýmsu tilliti vera miður heppilegt, t. a. m. byrjunin: »Hver sem verður uppvis að því, að hafa viljandi» og s. frv.; enn fremur orðin: »miskunarlausri barðýðgi að nauðsynjalausu«, og að síðustu endirinn, þar sem orðaskipunin er þannig, að orðin» eptir málsvöxtum» o. s. frv. að eins eiga við »líkamlegri hegníngu»; svo er það og galli, að það með öllu er gefið á vald dóm- arans að ákveða stærð hinnar líkamlegu hegningar.

Með því þannig ekki hefir orðið fallizt á að semja lagaboð á þann hátt, sem alþingi hefir stungið upp á, hefir þótt réttast að leggja málið á ný fyrir þíngið, og hefir því verið samið frumvarp það, sem hér er að framan; og skal þess að eins getið, að þar eð lögin 21. janúarmánaðar 1857 eru svo almenn í orðatiltækjum sínum, að ekkert virðist vera því til tálmunar, að þau verði löggilt á Íslandi, þegar þau eru rétt skilin samkvæmt því, sem að ofan er bent á, þá hefir frumvarpið verið samið öldungis samkvæmt lögum þessum, að því undanskildu, að upphæð sektanna samkvæmt uppá- stúngu alþingis er ákveðin »allt að 50 ríkisdöllum», og að í staðinn fyrir fangelsi er sett »eður sæta líkamlegri hegningu allt að 20 vandarhöggum»; sbr. tilsk. 24. janúarm. 1838, 4. gr., b. og c.

Að endíngu skal þess getið, að ekki þótti þörf á að hafa í lagaboðinu ákvörðun um, að sektirnar renni inn í hlutaðeigandi sveitarsjóð, eður að farið skuli með mál um afbrot gegn lögum þessum sem sakamál, þó það sjáist, að ágreiningur hefir verið um þetta atriði á alþingi, með því þetta er vitaskuld, nema öðruvísi sé fyrir skipað.

**B.**

**VIÐBÆTIR.**

**Lagaboð og reglugjörðir stjórnarinnar,**

sem út eru komnar, síðan alþingi var slitið

**1859.**

---

100

1000

10000

100000



## I.

**Auglýsing**

um

að skip þau, er eiga heima í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen og í stórhertogadæminu Oldenburg, sè undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja.

Eptir skýrslu utanríkisstjórnarinnar sæta dönsk skip sömu kjörum um alla verzlunartolla og skipagjöld í lýðstjórnarborgunum Hamborg, Lübeck og Bremen og í stórhertogadæminu Oldenburg, og þau skip er þar eiga heima.

Fyrir því skulu upp frá þessu skip þau, er eiga heima á þessum stöðum, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, vera undanþegin að greiða aukagjald það, 2rd. af hverju dönsku lestarúmi, sem ákveðið er í konungsúrskurði 1. aprílmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá stjórn dómsmálanna, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörst hér með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

*Stjórn dómsmálanna, 30. dag janúarmánaðar 1860.*

**Rotwitt.**

## II.

**Lög**

um

eptirlauna viðbót handa fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessaða og prófasti í Gullbringu- og Kjósarsýslum á Íslandi, stíptprófasti Árna Helgasyni.

**VER FRÍÐRIK HINN SJÖUNDI**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stór-

mæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Lög þessi hefir rikisþingið fallizt á og Vör staðfest með samþykki Voru:

Fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu- og Kjósarsýslum á Íslandi, stiptprófasti Árna Helgasyni, veitast 300 rikisdalir á ári hverju úr ríkissjóðnum í viðbót við eptirlaun sín.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 3. dag marzmánadar 1860.*

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik B.**

---

III.

## Auglýsing

frá

Fjárhagsstjórninni

um

innlausn spesíufimmtunga eður tuttugu og fjöggra skildínga penínga í dönskum kúranti á Íslandi.

---

Eptir að tuttugu og fjöggra skildínga peníngar í dönskum kúranti, eður spesíufimmtungar þeir, er áður gengu manna á milli, nú ekki lengur eru gildur gjaldeyrir í hinu danska alríki, samkvæmt tilskipunum þeim, sem í því efni hafa gjörðar verið, hefir Hans Hátígn konúnginum, eptir þegnlegri uppástungu alþingis, allramildilegast þóknazt að fyrirskipa, að þeim peníngum af mynttegund þessari, sem enn kynni að vera til á Íslandi, skuli veitt viðtaka í jarðabókarsjóð landsins enn eitt ár upp frá þeim degi, er auglýsing þessi hefir verið birt almenníngi, fyrir það fulla verð, er þeir áður voru í, eður þannig, að 5 þeirra jafngildi einni spesíu eður 2 rikisdöllum rikismyntar, og hver einstakur 38 skildíngum rikismyntar; en eptir að þessi tími er liðinn, skuli þeim veitt viðtaka í jarðabókarsjóðinn að eins fyrir 36 skildínga rikismyntar. Þá penínga, er þannig koma inn í sjóðinn, má ekki aptur út láta, heldur skal senda þá til Kaapmannahafnar til þess að þeir verði ónýttir.

Þetta kunnngjörst hér með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni, samkvæmt konungsúrskurði 13. júním. þ. á.

Í Fjárhagsstjórninni, 30. dag júlímánaðar 1860.

## Fenger.

### IV.

## Opið bréf

um

að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík.

VÉR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slæsvík, Holtsetalandi, Stór-mæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að leggja skatt á tómthús og óbyggðar lóðir í Reykjavík, þjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

#### 1. gr.

Á hvert tómthús með lóð þeirri, sem því fylgir, í umdæmi Reykjavíkurbæjar, og sem eigi hefir hingað til verið goldið lóðargjald af til lóðareiganda, skal lagður tollur frá 6 til 16 álna eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá þeirri, er það ár er sett í Reykjavík, og skal bæjarstjórnin ákveða upphæð lóðargjaldsins innan þessara takmarka eptir málavöxtum.

#### 2. gr.

Á allar þær lóðir, sem liggja á svæði því, sem ákveðið var handa kaupstaðnum með mælingargjörð 22. og 23. dag maímánaðar 1792, og eigi verða heimfærðar undir ákvörðunina í 1. gr., hvort heldur eru kálgarðar, garðsrúm, stakkstæði, eða hverju nafni sem nefnist, og hvort heldur lóðin er umgirt eða óumgirt, skal, þar sem sérstakir samningar af hálfu bæjarstjórnarinnar eru eigi því til fyrirstöðu, ár hvert jafna lóðarskatti eptir flatarmáli, eptir sama

mælikvarða, sem farið er eptir um skatt af kaupstaðarhúsunum, þó svo, að gjald það, sem árlega er lagt á hverja ferhyrnda alin af flatarmáli lóða þeirra, sem um er rætt í þessari grein, sé jafnt sjöttungi af skatti þeim, sem það ár er lagður á hverja ferhyrnda alin í sjálfum kaupstaðarhúsunum.

3. gr.

Gjöld þessi, er renna í Reyjavíkur bæjarsjóð, eiga að koma upp í þann hluta af útgjöldum bæjarins, sem jafna á niður á bæjarbúa eptir efnum og ástandi, samkvæmt reglugjörð 27. nóvembermánaðar 1846, 19. gr. Að öðru leyti skal um það, að gjöld þessi sé rituð á hina árlegu niðurföfnunarskrá, um það hve nær þau skuli greidd, og hvernig þau verði heimt, fara eptir ákvörðunum þeim, sem nú gilda um bæjargjöldin yfir höfuð.

4. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. janúarmánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefið í Skoðsborg, 26. dag septembermánaðar 1860.*

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik B.**

V.

## Opioð bréf

viðvíkjandi

breyting á tilskipun 28. marz 1855, um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

VÉR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs viðvíkjandi

breyting á tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið :

Þau störf, skemmtanir og önnur fyrirtæki, sem eptir tilskipun 28. marz 1855 eru eigi leyfileg á sunnu- og helgidögum fyrri en eptir miðaptan, mega hér eptir eigi heldur fram fara hinn tímann, sem eptir er til kvelds á þessum dögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

*Gefð í Skoðsborg, 26. dag septembermánaðar 1860.*

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

## VI.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um það, hvernig taka skuli skatt, dags. 23. nóvemb. 1860.

Út af þegnlegri bænarskrá alþingis, þess er síðast var haldið, um gjaldheimtu hins svo nefnda skatts á Íslandi, hefir dómsmálastjórnin horið upp fyrir konúngi þegnlega skýrslu um málefni þetta, og hefir hans hátígn 11. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða, að út af bænarskrá þessari skuli bjóða öllum amtmönnum á Íslandi að brýna það fyrir sýslumönnum þeim, er þeir eiga yfir að bjóða, að þeim beri að fara eptir þeim ákvörðunum, sem stjórnin að undanfögnu á ýmsum tímum, einkum í rentukammerbréfi 28. apríl. 1832<sup>1</sup>, hefir sett um heimtingu skattsins.

Um leið og stjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, til þess að hinum konúnglega úrskurði, sem að ofan er um rætt, verði hlýtt.

1) Þetta rentukammerbréf er í lagasafni Íslands, X. bindi, bls. 79—83, og íslenzk þýðing þess í 14. ári „Þjóðólfs“, bls. 67—69.

## VII.

**Tilskipun**

um

stofnun barnaskóla í Reykjavík.

VER FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slæsvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að Ver höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, um stofnun barnaskóla í Reykjavík, bjóðum Ver og skipum fyrir á þessa leið:

## 1. gr.

Í Reykjavík skal stofna skóla, sem öll þau börn, er þar eiga heima, geti notið þeirrar kennslu í, er þykir nauðsynleg fyrir menntaða menn yfir höfuð.

Svo má og fyrir hæfilega borgun taka í þenna skóla önnur börn, þegar því verður við komið, án þess hin missi í. Að því leyti fê það, sem til stofnunar og viðrhalts skólans er ákveðið, hrökkur ekki til, skal greiða kostnaðinn á þann hátt, sem fyrir er mælt í tilskipun um stjórn Reykjavikurbæjar 27. dag nóvembermánaðar 1846, 19. gr., og opnu bréfi um að leggja skatt á tómt-hús og óbyggðar lóðir í Reykjavík 26. dag septembermánaðar 1860, 3. gr.

## 2. gr.

Stjórn kirkju- og kennslumálanna skal falið á hendur, með ráði stiptsyrvaldanna á Íslandi og annara þeirra manna, er hlut eiga að máli, að skipa fyrir um fyrirkomulag skóla þessa og skyldur bæjarmanna við hann, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru um þess konar skóla í Danmörku, þó með þeirri tilhögun og breytingum, sem eptir þörfum landsins og ásigkomulagi bæjarins eru nauðsynlegar eður ákjósandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.  
*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 12. dag desembermán. 1860.*

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

## VIII.

## Opíð bréf,

er

lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhússvinnu.

VÉR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slæsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhússvinnu, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Þegar dæma ætti einhvern eptir lögum þeim, sem nú gilda, í tugthúsvinnu 6 ár eður skemur, þá skal í stað þess dæma hann í betrunarhússvinnu. En þegar dæma ætti einhvern eptir lögum þeim, sem nú gilda, í betrunarhússvinnu lengri tíma en 6 ár, þá skal í stað þess dæma hann í tugthússvinnu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða. *Gefið í höll vorri Kristjánshborg 4. dag janúarmánaðar 1861.*

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

## IX.

## Opíð bréf

er

lögleiðir á Íslandi lög 29. desember 1857, um myndugleika kvenna.

VÉR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slæsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um

að gjöra gildandi á Íslandi lög 29. desember 1857, um myndugleika kvenna, bjóðum vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Frá 1. degi júlímánaðar 1861 eru ógiptar konur, þegar þær eru orðnar 18 ára gamlar, myndugar með tilsjónarmanni, og fullmyndugar, þegar þær eru orðnar fullra 25 ára að aldri.

2. gr.

Því fè, sem nú er undir stjórn yfirjarráðenda ómyndugra, og ógiptar konur eiga, sem orðnar eru 18 ára gamlar, mega þær ekki segja upp til útborgunar fyrri en að 3 árum liðnum frá þeim degi, er þetta lagaboð öðlast lagagildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.  
*Gefið í höll vorri Kristjánsborg 4. dag janúarmánaðar 1861.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

---

X.

Opið bréf, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum, dags. 4. janúar 1861.

---

Vèr Friðrik hinn Sjöundi o. s. frv., *Gjörum kunnugt:* Eptir að Vèr höfum meðtèkið þegnlegt álitsskjal vors trúa alþingis, um að gjöra gildandi á Íslandi með breytingum lög 30. nóvember 1857, um innkallanir í búum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Í dánarbúum, uppboðsbúum og þrotabúum, og í öðrum búum, þar sem innköllun til skuldaheimtunnanna á fram að fara, skal slík innköllun eptirleiðis gefin út með 6 mánaða fresti, þegar svo má ætla, eptir því sem ástatt er, að sá, er hlut á að máli, hafi ekki staðið í skuldaskiptum annarstaðar en á Íslandi. En þegar þetta þar á móti á sèr stað, á innköllunin að fara fram með 12 mánaða fresti.

En þó hlutaðeigandi hafi búið eður átt dvöl annarstaðar en á Íslandi, þá skal það atvik út af fyrir sig eigi gjöra það að verkum, að hinn síðar nefnda frest skuli við hafa, ef liðið er, áður en hann



deyr eður þann atburð ber að höndum, sem gefur tilefni til skipta á búi hans, meir en eitt ár frá þeim tíma, er hann fór þaðan og yfirgaf stöðu þá, er hann þar hafði.

2. gr.

Þær innkallanir, sem samkvæmt 1. gr. mega fara fram með 6 mánaða fresti, skal birta á Íslandi í blaði því, sem ákveðið er til að birta í almennar auglýsingar. Þar á móti á að birta innkallanir þær, sem gefa skal út með 12 mánaða fresti, þrisvar sinnum í röð í »Berlinga pólitisku og avertissements tíðindum«, auk þess að þær einnig skulu auglýstar á fyr greindan hátt. Frestinn ber að reikna frá seinasta birtingardegi.

3. gr.

Samkvæmt framan greindum ákvörðunum fellur í burtu bæði leyfisbréf, sem áður þurfti í ýmsum tilfellum til að gefa út innkallanir í búum, og eins hin lögboðna þinglýsing innkallana. Ákvörðun norsku laga 5. bókar, 13. kapítula, 27. artíkula er, hvað Ísland snertir, úr lögum numin.

4. gr.

Við skipti á dánarbúum eptir þá menn, sem engi líkindi eru til, að eptir lífsstöðu sinni hafi átt í neinum sérstaklegum viðskiptum út af verzlun eður öðru sliku, má sleppa hvers konar innköllun, hvort sem hinn dáni lætur mikið eða lítið eptir sig, ef erfingjar hans eður þeir, sem búið er í hendur selt, lýsa því yfir, að þeir vili taka að sér lögmætar skuldir búsins, ef einhver skulda-krafa seinna kynni að koma fram.

5. gr.

Framan greindar ákvarðanir eiga einnig við, þegar ekkja, sem situr í óskiptu búi, vill gefa út innköllun til skuldaheimtumanna manns hennar, eður þegar erfingjar, sem skipta sjálfir sín á milli, vilja gefa út innköllun til skuldaheimtumanna arfleifanda.

6. gr.

Lagaboð þetta öðlast lagagildi 1. dag júlímánaðar 1861.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

## XI.

Konúngsúrskurður um lagasetning, dags. 4. janúar 1861.

»Eptir þetta skulu öll þau almenn lög, sem virðist eiga að lög-  
leiða á Íslandi, lögð fyrir alþingi sem lagafrumvörp á danskri og  
íslenskri tungu, hvert lagaboð út af fyrir sig, með þeim breyting-  
um, sem þurfa þykir«.

## XII.

Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Ís-  
landi, um endurreisn fallinna ásauðarkúgilda á lénskirknajörðum,  
dags. 22. janúar 1861.

Það er yður kunnugt, herra stiptamtmaður og yður háæru-  
verðugi herra, að hið síðasta alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá  
til konúngs farið þess á leit, að nokkur styrkur verði veittur úr  
ríkissjóðnum, þegar fjárkláðinn er um garð genginn, til að koma upp  
aptur ærkúgildum á lénskirknajörðunum á Íslandi, þegar stiptysfir-  
völdin mætti álíta eptir hinum innkomnu skýrslum, annaðhvort að  
kúgildin væri fallin, án þess landsetanum eða prestinum væri um  
að kenna, eða þó þetta hafi ekki átt sér stað, ef hvorki presturinn  
né leiguliðinn hafa efni til að setja kúgildin inn aptur.

Þó það sé vitaskuld, að ekki verði gjört út um málefni þetta,  
fyr en nægar skýrslur eru fengnar um, hversu mörg kúgildi hafi  
farizt, og um önnur atvik, er að því lúta, hvernig slíkt hafi til bor-  
ið, þá þykir samt sem áður við eiga, eptir því sem málinu er kom-  
ið, að fara nú þegar um það nokkrum orðum:

Eins og það eptir eðli málsins hlýtur að vera ríkissjóðnum  
óviðkomandi að koma upp aptur, svo sem farið er fram á í bæn-  
arskrá alþingis, ásauðarkúgildunum á lénskirknajörðum, þannig verð-  
ur eigi heldur, eins og alþingi hefir gjört, þessu til styrkingar með  
nokkrum rökum skírskotað til þess, að hið opinbera hafi veitt á-  
þekkan styrk eptir hina fyrri fjárpestina; því endurgjald það, sem  
um er rætt í konúngsbréfi 29. marzm. 1779 var að eins veitt leigu-  
liðum á *konúngsjörðum*, og einúngis með þeim skilmála, að kú-  
gildin í raun og veru hefði farizt af sýkinni; þar á móti var ekk-

ert endurgjald látið í té fyrir þær skepnur, sem skornar höfðu verið, og það þrátt fyrir það, þó stjórnin þá héldi fram niðurskurði sem einu úrræðunum gegn sýkinni; sbr. tilskipun 12. maím. 1772. En tjón það, sem nú hefir orðið, hefir að mestu leyti blotnast af niðurskurði, er landsmenn hafa sumpart framið af sjálfsdáðum, og sumpart þrátt ofan í kröptuglegar bendingar stjórnarinnar, hvað eptir annað um, að menn skyldu fara öðruvísi að ráði sínu; er það ljóst af þessu, að öldungis ekki á við að bera þetta tilfelli saman við hið fyrra, eins og gjört hefir verið. Eptir því sem málefni þessu nú er varið, virðist stjórnarráðinu ekki verða tekið í mál að láta prestum þeim, er hlut eiga að máli, eður leiguliðum aðra hjálp í té, til að koma upp aptur kúgildunum, en þá, sem vikið er á í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 13. júlím. 1859, að þeim í þessu efni sé veittur hæfilegur frestur eptir málavöxtum; þó virðist sanngjarn að brauðið, jafnvel þó ekki verði álitíð, að til þess sé lagaskylda, styrki nokkuð til viðreisnar kúgildanna, þar sem slíkur styrkur yrði greiddur af eptirstöðvum af tekjum kirkjunnar, og það að öðru leyti þykir ráðlegt, eptir því sem ástatt er.

Stjórnarráðið tekur það því fram, til leiðbeiningar í máli þessu, að ekki þarf að búast við, að veittur verði neinn styrkur úr ríkissjóðnum til endurreisnar kúgildanna, en að þar á móti, þar sem kríngumstæðurnar mæla fram með því, má veita frest með að koma upp kúgildunum aptur þannig, að það sé gjört smátt og smátt, í nokkur ár, og að stjórnarráðið ekki er því mótfallið, að veittur sé nokkur styrkur til að kaupa kúgildi af tekju-eptirstöðvum kirknanna, þar sem slíkt gjald verður af þeim tekið og kríngumstæðurnar annars mæla með því.

Að svo mæltu eruð þér, herra stíptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, beðnir að útvega skýrslur þær, sem að ofan er getið um málefni þetta, og því næst að láta í ljósi við stjórnina álit yðar og uppástungur um, hvernig því verði skipað, svo best megi fara.

## XIII.

**Tilskipun**

um  
vegina á Íslandi.

VÉR FRÍÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stór-mæri, þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um vegina á Íslandi, þjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

## 1. gr.

Vegum skal skipt í þjóðvegi og aukavegi.

## 2. gr.

Þá vegi skal álíta þjóðvegi, sem innbúar eins eða fleiri héraða fara jafnaðarlega, er þeir ætla í kaupstað, fiskiver eða á annan stað, þar sem menn almennt koma saman. Sem þjóðvegi ber einnig að álíta þá vegi, er menn almennt fara milli tveggja sýslna, þótt eigi sé miklar samgöngur milli þeirra, og eins hina almennu póstvegi.

## 3. gr.

Hreppstjórar stínga upp á, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi og hverja sem aukavegi í hreppnum; skulu sýslumenn því næst bera upp við hlutaðeigandi amtmann uppástungu um það, hverja vegi skuli álíta sem þjóðvegi í sýslum þeim, sem þeim er trúað fyrir, og hverja sem aukavegi, og hafa þeir reglur þær, sem settar eru í 2. gr., fyrir sér í þessu; leggur amtmaður síðan úrskurð á málið og birtir auglýsingu um það til eptirbreytni fyrir alla þá, er hlut eiga að máli.

## 4. gr.

Að fengnum uppástungum hreppstjóranna skal sýslumaður á ári hverju innan loka janúarmánaðar senda amtmanni nákvæma uppástungu um þau verk, er vinna skal hið næsta sumar við þjóðvegi þá, er liggja um sýsluna; skal þeirri uppástungu fylgja skýrsla um, hvernig verkinu skuli haga, og hvernig það verði framkvæmt,

samkvæmt 5. gr., og enn fremur áætlun yfir kostnað þann, er hann hyggur að til þess þurfi; skal amtmaður eptir þessu ákveða, að hve miklu leyti og með hverjum hætti verkið skuli vinna, og á hann að gefa sýslumanni það til vitundar í seinasta lagi innan loka aprilmánaðar.

## 5. gr.

Öll verk við þjóðvegi skal að svo miklu leyti, sem unnt er, framkvæma þannig, að það sé sett til uppboðs, hver vili takast verkið á hendur fyrir minnst kaup. Einúngis þegar yfirvaldinu þykir það óráðlegt að láta bjóða verkið upp, eða þegar aðgengilegt boð fæst ekki, á sýslumaður að gjöra samning um verkið á þann hátt, ef því verður við komið, að viss borgun sé ákveðin fyrir nákvæmlega tiltekin vegarpart, en fáiast það ekki með aðgengilegum skilmálum, þá skal láta vinna verkið fyrir ákveðin daglaun, og skal sýslumaður, þegar svo stendur á, til kveðja áreiðanlega umsjónarmenn til að hafa gætur á, að verkið verði óaðfinnanlega af hendi leyst.

## 6. gr.

Þjóðvegir skulu að öllum jafnaði halda hinni sömu stefnu, sem þeir hafa haft hingað til; en þegar sýslumanni þykir nauðsyn til bera, að á þessu sé gjörð nokkur breyting, eða nýr þjóðvegur sé gjörður, þá skal hann um þetta senda uppástungu til amtmanns, og ræður hann málinu til úrskurðar, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun.

## 7. gr.

Sérhver jarðeigandi er skyldur til, nema því að eins að svo standi á, sem sagt er í 8. gr., að láta af hendi uppbotarlaust land það, er þarf til að leggja þjóðveg um eða gjöra við hann, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í þessari tilskipun. Svo er hann einnig skyldur til að leyfa, að á hans landareign sé tekin þau tilföng, sem kann að þurfa til vegagjörðarinnar, og skal honum það ekki heldur að neinu bætt, nema tilföng hafi verið tekin honum í mein.

## 8. gr.

Nýja vegi má aldrei leggja gegnum tún eða umgirt graslendi, og að öllum jafnaði ekki heldur yfir engjar, nema yfirvaldinu virðist svo, að ekki verði hjá því komizt, án skaða fyrir almennar samgöngur, og skal, þegar svo stendur á, greiða eigandanum; ef hann

krefst þess, af vegabótagjaldinu sanngjarna þokkabót, sem óvilhallir menn, þeir er tilkvaddir sè af réttinum á vanalegan hátt, ákveða fyrir það eptir skoðunargjörð, sem haldin sè undir tilsjón sýslumanns.

## 9. gr.

Þjóðvegir skulu ætið vera 5 danskar álnir á breidd að minnsta kosti; samt getur sýslumaður leyft undantekningu frá þeirri reglu, þegar landslagi er svo varið, til að mynda þar sem vegur liggur yfir fjöll eða hraun, að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess.

## 10. gr.

Þjóðvegi skal bæta með ruðningum, ef á þann hátt má fá fasta braut. Ef svo stórir steinar koma fyrir á vegi þeim, er ryðja skal, að þeim verður ekki komið úr brautinni, þá skal beggja megin þeirra gjöra mjórri brautir, er aptur ná saman í aðalgötunni. Lausagrjóti því, er liggur á veginum, skal snara svo langt úr vegi, að það geti ekki fallið í brautina aptur, nema svo sè, að steina þá megi hafa til að bera ofan í veginn.

## 11. gr.

Þar sem ekki verður fengin föst braut með ruðningum, skal leggja veginn hærra, ef jarðvegur er mjög laus; þyki yfirvaldi það nauðsynlegt, eptir því sem á þeim stað hagar til, skal grafa skurði jafnvel beggja megin vegarins, og skal einnig, ef þörf er á, gjöra ræsi þvert yfir veginn. Moldu þeirri, sem mokað er upp úr skurðunum og ræsunum, skal snara upp á veginn, og skal hafa hana sem undirlag, til að fylla upp veginn, en annars skal fylla upp veginn á þann hátt, að hann verði í miðju að minnsta kosti  $\frac{1}{2}$  danskri alin hærri en til hliðanna, og skal einnig bera ofan í veginn 5 eða 6 þumlunga þykkt lag af mól, þar sem hún er fánleg í nánd. Yfir ræsa þá, eg ganga þvert yfir veginn, skal gjöra brýr, annaðhvort úr steini eða trè ellegar hvorutveggja saman, eptir því sem sýslumaður eða umsjónarmaður sá, er hann hefir til kvatt samkvæmt 5. gr., ákveður nákvæmar á hverjum einstökum stað.

## 12. gr.

Yfir mýrlendi skal jafnaðarlegast gjöra steinbrýr, en þegar yfirvaldinu virðist, að því verði ekki með nokkru móti við komið vegna landslagsins, þá má þar gjöra brýr úr torfhnausum; skulu torfbrýr

Þessar vera  $1\frac{1}{2}$  danskri alin hærri til hliðanna en grundvöllurinn, er þar að liggur, og í miðju svo háar, að vel falli út af til beggja hliða. Að öðru leyti eiga steinbrýrnar og torfbrýrnar ætíð að vera að minnsta kosti  $2\frac{1}{2}$  danskar álnir á breidd, og skal gjöra við þær skurði og ræsi, sem fyr er sagt.

## 13. gr.

Yfir litlar ár og læki skal, ef nauðsyn krefur og því verður við komið, gjöra steinbrýr eða trèbrýr, og skulu brýr þessar vera að minnsta kosti  $2\frac{1}{2}$  danskar álnir á breidd, og skal ætíð halda þeim svo við, að farið verði yfir þær með klyfjaða hesta.

## 14. gr.

Á öllum þeim fjallvegum, sem ferðamenn eru vanir að fara á vetrardag, skal hlaða vörður, og skal einnig gjöra sæluhús, þar sem yfirvaldi þykir þörf á. Eiga vörðurnar að vera, þegar því verður við komið, svo nálægt hver annari, að tvær að minnsta kosti sjáist í einu, þegar þoka er yfir; skal þar að auki á hverri vörðu vera gjörður stallur eða annað merki á þeirri hlið, sem snýr til norðurs, ferðamönnum til leiðbeiningar.

## 15. gr.

Þegar einhver hefir tekizt á hendur að láta gjöra vegabætur þær, sem að ofan eru nefndar, skal fyrst greiða borgun fyrir það, þegar það er sannað með lögmætri skoðunargjörð, er sýslumaður sendir amtmanni, að allt verkið sé óaðfinnanlega af hendi leyst; þó má amtmaður, ef sá, er verkið lætur vinna, krefst þess, og verkið er umfangsmikið, eptir að hann um það hefir meðtekið upplýsingar og uppástungu frá hlutaðeigandi sýslamanni, láta greiða manni þeim, sem verkið annast, nokkurn part af kaupinu smátt og smátt, eptir því sem verkinu skilar áleiðis.

## 16. gr.

Útgjöld til allra þjóðvega skal þannig greiða, að af hverjum hrepp í öllu landinu gjaldist svo mikið í peningum, sem nemur hálfu dagsverki eptir verðlagsskrá, fyrir hvern verkfæran karlmann í hreppnum, í hverri stöðu sem hann er, frá 20 ára að 60. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir sumarmál (18.—25. apríl), senda sýslumanni nafnaskrá yfir alla verkfæra menn í hreppnum á þeim

aldri, er nú var sagt, og skal sýslumaður eptir því ákveða, hve mikið tillag hver hreppur eigi að greiða. Gjald þetta skal tekið af sveitarsjóðnum og greitt sýslumanni á manntalsþingi, og leggur hreppstjóri, með 2—4 mönnum, er bændur sjálfir kjósa, gjaldið á hreppsþúa eptir sömu reglum og aukaútsvarið (til fátækra).

## 17. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju innan ársloka senda amtmanni reikning yfir vegabóttagjald það, er þeir hafa heimt, og yfir bætur fyrir skemmdir á þjóðvegum, er samkvæmt 30. gr. í tilskipun þessari á að greiða sýslumanni.

## 18. gr.

Það skal framvegis vera skylda innbúanna í hverjum hrepp að gjöra vegabætur og halda við aukavegum þeim, er liggja um hreppinn, og sem nauðsynlegir eru til almennings þarfa, svo að vegir þessir ávallt sé í sæmilegu standi. Það, sem vinna þarf í þessum tilgangi, er skyldvinna, og skulu allir verkfærir karlmenn í hreppnum frá 20. til 60. árs, hvort sem þeir eru af bændastött eða ekki, vera skyldir að leggja verk til eptir því, sem á þá skiptist af hreppstjóra, að yfirveguðum efnun og ástandi. En ef hrepps-bændur, eða meiri hluti þeirra, kynni heldur að æskja, annaðhvort að einhver takist á hendur vegabæturnar fyrir kaup, eða þá að menn sé leigðir til þess, en um það skal taka ákvörðun á hreppaskilafingi á haustin, þá er þeim það heimilt, og skal þá hreppstjórinn jafna niður kostnaðinum á hina sömu menn, sem skyldir eru að vinna að vegabótum, eptir því sem áður er sagt, og að öðru leyti þannig, að húsbóndinn greiði borgun fyrir þá verkfæra menn, sem eru í hans þjónustu.

## 19. gr.

Að því leyti sem sérlegur kostnaður kynni að standa af aukavegum, til að mynda til brúa, eða til að útvega þær tilfærur, sem ekki verða heimtaðar af þeim, sem skyldir eru að leggja til verk til vegagjörðar, sbr. 24. gr., eða þúður til að sprengja steina o. fl., þá skal greiða þann kostnað, er til þess þarf, úr sveitarsjóðnum og jafna honum niður samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í niðurlagi 18. greinar, að svo miklu leyti, sem vegasjóður sá, sem nefndur er í 21. grein, hrökkur ekki til þessa kostnaðar.



## 20. gr.

Aukavegir eiga almennt að vera 3 álnir á breidd að minnsta kosti; þó má hreppstjóri leyfa, að brugðið sé út af þessu, þegar landslagi er svo háttað (sbr. 9. grein að niðurlagi), að óumflýjanleg nauðsyn dregur til þess. Að öðru leyti skal í öllu því, er auka-vegi snertir, hvort heldur þeir eru gjörðir að nýju eða endurbættir, og eins hvað skyldu eigandans viðvíkur til að láta af hendi land það og tilföng, sem þarf, farið eptir reglum þeim, er ákveðnar eru hér að framan um þjóðvegi, að svo miklu leyti, sem þær geta átt hér við.

## 21. gr.

Það skal vera hverjum þeim, er skylduverk á að vinna, heimilt að senda annan verkfæran mann í sinn stað. Vili hann greiða borgun í peningum fyrir skylduverk það, sem hann á að vinna, þá skal það leyft, ef áður er um það gjört samkomulag við hlutaðeigandi hreppstjóra, sem þá skal leigja mann, er gengið geti í hins stað, fyrir fè það, er hann hefir greitt. Bregðist nokkur undan að koma til verka, þegar hann er til þess kvaddur, og hefir enga þá ráðstöfun gjört, sem áður er sagt, og hann getur ekki sannað lög-mætt forfall, þá á hann fyrir það að gjalda í sekt 32 sk. r. m., og þar að auki greiða slíka borgun, sem hlutaðeigandi hreppstjóri álitur nægja, til að leigja fyrir annan verkmann. Það er vitaskuld, að það, sem hér segir, á við, hve nær sem verkskyldur maður bregzt undan, eins fyrir það, þó fleiri verkamenn eigi að koma frá einum bæ, og á húsbóndinn að greiða ofanefnda borgun og gjalda ákveðnar sektir fyrir hvern verkskyldan mann af börnum hans eða vinnufólki, er undan bregzt, en aptur á móti á hann rétt á að halda fenu inni í kaupum verkmanns, ef honum verður gefin sök á burtverunni. Ofanefndar sektir skal greiða í vegasjóð, sem stofnsetja skal fyrir hreppinn, og skal hreppstjóri geyma hann, og tekjunum verja til vegabóta í hreppnum eptir því, sem sýslumaður nákvæmar ákveður.

Hefist deila um það, hvort sá, er í stað annars gengur, sé verkfær, þá skal hreppstjóri þegar í stað leggja úrskurð á þrætuna með tveim tilkvöddum mönnum. Ef einhver sendir óverkfæran mann í sinn stað, skal álíta sem hann hafi ekki komið.

## 22. gr.

Hreppstjóri tiltekur, á hvaða dögum verkið skuli vinna, en það

má þó ekki vera seinna en í júnímánuði, nema svo sérstaklega sé ástatt á einhverjum stað eða eitthvað annað beri til, að óumflýjanlegt sé að bregða út af þessu.

## 23. gr.

Verkamenn skal hreppstjóri til kveðja með skriflegum seðli, og skulu bændur láta bera hann tafarlaust bæja á milli um hreppinn eptir rætti boðleið; skal hreppstjóri senda hann út svo tímanlega, að hann komizt alla boðleið að minnsta kosti tveim dögum fyrir hinn ákveðna verkdag.

## 24. gr.

Sérhver verkmaður skal með sér hafa verktól þau, sem til er tekið, þegar honum er sagt til, en þó ekki önnur en þau, sem almennt eru höfð við moldarverk þar í sveit; skal hann vera kominn á hinn tiltekna stað á dagmálum og vera við vinnu til náttmála, þó skal veita tveggja stunda hvíld á þeim tíma, sem hreppstjóri ákveður. Ef nokkur, sem tilkvaddur er, án löglegra forfalla kemur seinna til verka en nú var sagt, eða fer fyr á burt, eða yfir höfuð ekki er allan hinn tiltekna tíma við vinnu sína, þá skal hann gjalda svo mikið í verkfall, sem hreppstjóri með tveim tilkvöddum mönnum metur, og að auki í sekt 32 skildinga r. m.

## 25. gr.

Hreppstjóra er heimilt að skipta niður vegastörfum þeim, sem falla á hreppinn, á 2 eða fleiri daga, en samt þannig, að engi sá, sem skylduverk á að vinna, hafi meira en eins dags verk.

## 26. gr.

Meðan á verkum stendur, skal hreppstjóri skipta verkamönnum í flokka, og skal hverjum þeirra fenginn sinn kafli af veginum. Hreppstjórinn skal ætíð vera viðstaddur sem umsjónarmaður, meðan unnið er að vegastörfunum; líka getur hann kosið umsjónarmenn sér til hjálpar meðal hreppsbænda, þegar honum þykir nauðsyn til bera. Skal svo álita, að bæði hreppstjórinn og áður nefndir umsjónarmenn hafi með umsjón þeirri, er þeir þannig hafa haft með vinnunni, fullnægt skylduverki því, er á þeim sjálfum liggur.

## 27. gr.

Þegar verkið eptir 18. gr., 3. atr., þessarar tilskipunar er unnið af einhverjum, sem hefir tekizt það á hendur, eða af leigðum mönnum, eiga hreppstjórnarnir að hafa umsjón með, að það verði óaðfínnanlega af hendi leyst, samkvæmt þeim ákvörðunum, sem gjörðar eru af hreppsbændum því viðvikjandi.

## 28. gr.

Sýslumenn skulu á ári hverju líta eptir þjóðvegum í sýslum þeim, er þeim er trúað fyrir, og líka hafa eptirlit með hinum nauðsynlegu aukavegum þar, og eiga þeir á ári hverju að senda amtmanni skýrslu um ástand veganna í sýslunni; skal í henni vera greint frá, ekki að eins hve mikið, heldur einnig hvornig hafi verið starfað að vegagjörðum á ári hverju.

## 29. gr.

Það er skylda amtmanna að hafa yfirumsjón með vegum í ömtum þeim, sem þeir eru settir yfir, og eiga þeir á embættisferðum sínum nákvæmlega að gefa gætur að ástandi veganna, og að öðru leyti á ári hverju að senda hlutaðeigandi stjórnarráði skýrslu um ásigkomulag veganna í amtinu, og láta þar með fylgja hinar ofan nefndu skýrslur, sem komnar eru frá sýslumönnum.

## 30. gr.

Verði nokkur uppvís að því að hafa með ásettu ráði skemmt þau verk, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, þá skal hann bæta skaðann og þar að auki sektast frá í rd. til 10rd., eptir því, hvað skemmdin er mikil, og öðrum málavöxtum; skal einnig taka til greina, hvort yfirsjónin er framin í fyrsta sinn eða hún er ítrekuð. Sè vörður og sæluhús á vetrarvegum skemmd eða eydd, þá skal það varða 10 rdl. til 50 rdl. sekt, eða líkamlegri refsingu frá 10 til 27 vandarhagga. Sè mannvirki þau burt tekin, sem vegastjórnin hefir látið gjöra, svo sem brýr, vörður eða sæluhús, þá varðar það þjófstraffi, og skal, þegar ákveða á stærð hegningarinnar, einkum tekin til greina hætta sú, sem af því hefði getað hlotizt fyrir ferðamenn. Sektir þær, sem ákveðnar eru í þessari grein, skulu falla til þjóðvegagjaldsins, ef þjóðvegur hefir verið skemmdur, en annars í vegasjóð hreppsins.

31. gr.

Öll mál viðvikjandi afbrigðum gegn þessari tilskipun skal meðfara og dæma sem almenn lögreglumál að því leyti, sem þau ekki eptir eðli sínu eru misgjörðamál, og skal að öðru leyti, hvað þær yfirsjónir snertir, sem hér ræðir um, fara eptir ákvörðunum í tilsk. 24. jan. 1838, 9. og 10. gr.

32. gr.

Hvað hinar almennu ferjur yfir stærri ár og vatnsföll áhrærir, þá skal framvegis farið eptir reglum þeim, sem settar eru í Jónsbókar landsleigubálks 45. kap. og í konungsbréfi 29. apríl 1776, 6. grein.

Að öðru leyti skulu þær ákvarðanir, sem ofan nefnt konungsbréf og Jónsbókar landsleigub. 44. kap. innihalda um vegina á Íslandi, hér eptir vera teknar úr lögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegna. *Gefið í höll Vorri Kristjánborg, 15. dag marz mánaðar 1861.*

Undir Vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

---

XIV.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins, amtmannanna og stiptysrvaldanna á Íslandi, um auglýsing á reikningum opinberra sjóða og stofnana, dagsett 21. marzm. 1861.

---

Útaf bænarskrá, er kom frá síðasta alþingi, um að auglýstir verði á prenti reikningar opinberra sjóða og stofnana m. m., hefir dómsmálastjórnin lagt þegnlega skýrslu um málið fyrir hans hátign konúnginn, og hefir hans hátign 2. þ. m. allramildilegast þóknazt að úrskurða á þessa leið:

1. að dómsmálastjórnin bjóði þeim embættismönnum á Íslandi, sem falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikninga um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana, svo fljótt sem verða má, eptir að ársreikningar eru samdir, og að gæta þess, að í næstu reikningum, sem samdir eru, eptir að hinir fyrri reikningarnir eru af hendi kljáðir, verði gjörð grein fyrir þeim breytingum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og

2. að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eigum sjálfra sjóðanna og stofnananna.

Um leið og dómsmálastjórnin birtir yður þetta, herra (tit.), skorar hún á yður að gjöra þær ráðstafanir, er með þarf, samkvæmt þessum allrahæsta úrskurði.

---

XV.

## Opið bréf,

um

það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

VÈR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg, *Gjörum kunnugt*: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt til opins bréfs um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, að upphæð 8,360 rdl. 82 sk., skal endurgjalda jarðabókarsjóðnum á þann hátt, að honum sè jafnað niður á allar jarðir í landinu, þannig að gjalda skal  $9\frac{1}{4}$  skildinga af hverju jarðarhundraði, sem til er fært í hinni nýju jarðabók.

2. gr.

Gjald þetta skal eigandi hverrar jarðar skyldur að greiða, eða, ef hann ekki sjálfur býr á jörðinni, ábúandi hennar, en hann skal

eiga rétt á að fá það endurgoldið hjá eiganda; skulu sýslumenn heimta helming þess árið 1863, en hinn helminginn árið 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða. *Gefið í höll vorri Kristjánsborg 1. dag aprílmánaðar 1861.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

XVI.

## Tilskipun

um

löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.

VÉR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slæsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, *Gjörum hunnugt*: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland, hjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Hin nýja jarðabók fyrir Ísland, er samin hefir verið samkvæmt tilskipun 27. maí 1848, 1. gr., skal öðlast lagagildi 6. dag júní-mánaðar 1862.

2. gr.

Eptir þessari hinni nýju jarðabók skulu greiddir skattar, tollar og gjöld þau til almennings þarfa, er eptir þetta kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi; einnig skal upp frá þeim degi, sem að ofan er nefndur, heimta og greiða allar tíundir af jörðum á Íslandi eptir þeim dýrleika, sem á hverja jörð er settur í hinni nýju jarðabók; þó áskilst þeim prestum, sem eru í kallinu, þegar hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, réttur til að taka preststíund sína af jörðunum eptir hinum eldri dýrleika jarðanna, á meðan þeir eru í því sama kalli, svo framt jarðartiundin er á þann hátt rýfari, en ef hún væri reiknuð eptir hinni nýju jarðabók.

3. gr.

Þeim hluta alþingiskostnaðarins, sem lagður er á jarðirnar, skal jafna niður á sama hátt og að undanfögnu, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

4. gr.

Þegar 20 ár eru liðin frá því, að hin nýja jarðabók öðlast lagagildi, skal það tekið til yfirvegunar, hvort ástæða sé til að leggja hana undir almenna endurskoðun.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.  
*Gefið í höll vorri Kristjánsborg 1. dag aprílmánaðar 1861.*

Undir vorri konúnglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**



## I. Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1859.

Eptir yfirliti yfir þenna reikning í viðbæti aptan við alþingis-  
tíð. 1859, 80.—83. bls., var þar talinn:

	rd. sk.
Ferðakostnaður og fæðispeningar alþingis- manna . . . . .	6,159 rd.
En þar við bætast fæðispeningar og ferðakostn- aðarviðbót eptir innsendum reikningum 1861:	
Til Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn alþ.m.	
Ísfríðinga . . . . .	98 —
— Arnljóts Ólafssonar, alþ.m. Borgfríðinga . . . . .	20 —
— Gísla Brynjúlfssonar, alþ.m. Skagfríðinga . . . . .	20 <sup>1</sup> —
— sira Benedikts Þórðarsonar, alþ.m. Barð- strendinga . . . . .	12 —
og enn fremur:	6309 "
— innanþingsskrifarana og skrifara forsetans . . . . .	609 "
— þingsveina og dyravarðar . . . . .	130 64
Annar kostnaður.	
Fyrir ritstörf á þingbók í tvennu lagi, skriptir á bréfum og í bréfabók, og samanlestur þingbókanna . . . . .	642 50
— þýðingu álitsskjala og nøkkurs hluta þingbókarinn- ar á dönsku . . . . .	356 30
— ritföng . . . . .	88 19
— atkvæðaskrár og niðurlagsatriði, prentun, pappír og prófarkalestur . . . . .	143 21
— forsetastörf frá 16. sept. 1859 til 20. maí 1861 . . . . .	119 <sup>2</sup> "
Til bókasafns alþingis:	
Til bókakaupa . . . . .	100 rd.
— bókavarðar fyrir 2 ár, 1859 og 60 . . . . .	40 —
	140 "
	flyt 8537 88

1) Áður en viðbótinni til þeirra 3 þingmanna, sem hér greinir, væri ávísað, voru reikningarnir bornir undir varaforsetann, prófessor P. Pétursson og 2 þjóð-  
kjörna þingmenn.

2) Reikningur fyrir þessi störf var og borinn undir varaforsetann, og af hon-  
um staðfestur, svo og undir 2 þjóðkjörna þingmenn, áður en ávísað var.



	rd.	sk.
fluttir	8537	88
Til alþingistiðindanna:		
prentun og pappír . . . . .	1983 <sup>1</sup>	rd. » sk.
prófarkalestur . . . . .	275	— 16 —
Ritnefndarstörf og registur . . . . .	87	— 48 —
hepting . . . . .	160	— 24 —
	2505	88
Yms aukaútgjöld: aðgjörð og viðhald og gæzla á húsbúnaði, og til auka við smávegis af nýju, 34 rd. 32 sk.; fyrir að rannsaka og telja eldri alp.tíð., og raða þeim niður 6 rd. 48 sk.; fyrir signet handa þinginu 6 rd.; samtals . . . . .		46 80
<i>Allur alþingiskostnaður 1859</i>	11090	64
Þar frá dregst, fyrir seld alþingistiðindi 1859, og fáein expl. af hinum eldri, sem þegar er greitt í jarðabókarsjóð . . . . .		139 8 <sup>2</sup>
Eptirstöðvar til niðurjöfnunar á landsbúa	10951	56

1) Prentsmiðjan krafðist að vísu frá upphafi, með reikningum, 2,183 rd. eður fyrir prentun tíðindanna og atkvæðaskráa, að meðtöldum pappír, samtals 2,305 rd. 21 sk.; eu af því prentun tíðindanna hafði dregið svo fjarska lengi fram yfir vanalegan tíma að tiltölu, (tíðindin voru eigi alprentuð að þessu sinni fyr en um 15. júlí 1860), og fram yfir það sem prentsmiðjustjórnin virtist hafa undirgengið við þingið, þá fór forsetinn þess á leit, að fengið að minnsta kosti 200 rd. tilslökun af prentunarkostnaðinum; en prentsmiðjustjórnin gaf því engan ans og krafðist, að annaðhvort yrði öllu ávísað eður ekki; þegar nú það fékkst eigi, bar hún málið undir lögstjórnina, og má ráða undirtektir hennar undir málið af alp.tíð. hér að framan 1414. bls., og bréfi alþingisforsetans 1842—43. bls. Þá má og sjá það af bréfi konungsfulltrúans til forseta. 19. ágúst f. árs, 1763. bls. að framan, að hann vildi ekki bera málið undir þingið, heldur undir stjórnina; en hún hefur, sem von er, leitt hjá sér fram að þessu, að leggja eindreginn úrskurð á málið.

2) Að vísu er óborgað enn fyrir afhent alp.tíðindi 1859, sem voru talin seld, nál. 27 rd., en ekki verður talið upp á þetta óðar en líður, því bæði kann sumum þeim tíðindum að verða aptur skilað, en sumir þingmenn aptur að láta þau ganga ókeypis til hreppanna.

## II. Yfirlit

### yfir alþingiskostnaðinn 1861.

#### 1. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.

	Fæðispen- ingar. rd.	Ferða- kostnaður. rd.	Tilsam. rd. sk.
<i>A. Konúngkjörnir.</i>			
Helgi G. Thordersen, biskup . . . . .	156	»	156 »
Pétur Pétursson, Dr. og prófessor . . . . .	156	»	156 »
Jón Pétursson, yfirdómari . . . . .	156	»	156 »
Jón Hjaltalín, jústizráð og landlæknir	156	»	156 »
Benedikt Sveinsson, yfirdómari, vara- þingmaður . . . . .	156	»	156 »
<i>B. Þjóðkjörnir.</i>			
Stefán Eiríksson, þingmaður Austur- Skaptafellssýslu . . . . .	234	120 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>	354 72
Jón Guðmundsson, málaflutningsmaður við yfirdóminn, þingmaður Vestur- Skaptafellssýslu . . . . . 156 rd.			
Enn fremur dagpeninga viðbót fyrir forsetastörf, einkum við afgreiðslu allra þingmála til stjórnarinnar, 21. ágúst—16. septbr. . . . . 81 —	237	»	237 »
Árni Einarsson, hreppstjóri varaþingm. Vestmanneyja . . . . .	225	30	255 »
Páll Sigurðsson, hreppstjóri, þingmaður Rangæinga . . . . .	183	24	207 »
Magnús Andrèsson, sættanefndarmaður, þingmaður Árnessýslu . . . . .	180	10	190 »
Guðmundur Brandsson, sættanefndar- maður, þingm. Gullbringu- og Kjós- arsýslu . . . . .	159	8	167 »
Halldór Kr. Friðriksson, skólakennari, þingmaður Reykvíkinga . . . . .	156	»	156 »
Arnþjótur Ólafsson, kandidat frá Kaup- mannahöfn, þingm. Borgfirðinga . . . . .	393	105	498 <sup>1</sup> »
flyt	2547	297 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>	2844 72

1) Þessi þingmaður, eins og allir aðrir, sendi forseta þenna reikning sinn yfir fæðispeninga þá og ferðakaup, er honum bæri, 20. ágúst f. á., og var honum þá

	Fæðispen- ingar. rd.	Ferða- kostnaður. rd.	Tilsam. rd. sk.
fluttir	2547	297 <sup>3</sup> / <sub>4</sub>	2844 72
Jón Sigurðsson, hreppst. á Haugum, þingmaður Mýrasýslu . . . . .	183	24	207 "
Páll Melsteð, settur sýslumaður, þing- maður Snæfellsnesýslu . . . . .	156	"	156 "
Indriði Gíslason, hreppstjóri, varaþing- maður Dalasýslu . . . . .	201	48 <sup>1</sup> / <sub>2</sub>	249 48
Benedikt Þórðarson, prestur, varaþing- maður Barðstrendinga . . . . .	243	72	315 "
Ásgeir Einarsson, sættanefndarm. þing- maður Strandasýslu . . . . .	189	35	224 "
Ólafur Jónsson, dannebrogismaður, þing- maður Húnavetninga . . . . .	129	41	170 "
Gísli Brynjúlfsson, kandíd. frá Kaup- mannahöfn, þingmaður Skagfirðinga	441	105	546 "
Stefán Jónsson, umboðsmaður, þing- maður Eyfirðinga . . . . .	207	63	270 "
Jón Sigurðsson, hreppstjóri á Gaut- löndum, þingm. Suður-Þingeyjarsýslu	222	71	293 "
Sveinn Skúlason, kandíd., þingm. Norð- ur-Þingeyjarsýslu . . . . .	213	85	298 "
Björn Pétursson, stúdent, þingm. Suð- ur-Múlasýslu . . . . .	273	154	427 "
Samtals	5004	996 <sup>1</sup> / <sub>4</sub>	6000 24

ávísað ásamt öðrum fæðispeninga- og ferðakostnaðarreikningum þingmanna. Þeir báðir þingmennirnir frá Khöfn: Arnljótur Ólafsson og Gísli Brynjúlfsson byggðu fæðispeningakröfu sína á því, að þeir gæti eigi komið hëðan frá landi, fyr en með gufuskipinu, er hëðan ferri um mánaðamótin sept.—okt. f. á., og töldu sér því eigi heimkomu von til Hafnar fyr en í fyrsta lagi 10. okt., og eru dagpeningarnir taldir til þess dags, að honum meðtöldum, í þessum reikningi Arnljóts Ólafssonar. (Síðar reyndist, að póstskipið náði ekki til Hafnar úr þeirri ferð, fyr en 26. okt. f. á., og eru eptir því ávísaðir dagpeningar Gísla Brynjúlfssonar hër síðar). Nú réðst svo eptir, að Arnljótur Ólafsson sigldi ekki hëðan með þeirri ferð, heldur tók sér aðsetur hër í Reykjavík vetrarlangt. En úr því svo var komið, virtist auðsætt, að þingmaðurinn gæti ekki átt dagpeninga fyrir lengri tíma, en í mesta lagi þangað til gufuskipið sigldi hëðan 3. okt. f. árs, er hann að minnsta kosti hlaut þá að hafa verið búinn að afráða að sigla eigi, heldur að láta hër fyrirberast eins og hann gjörði, og því síður gæti hann átt ferðakostn-

Annar kostnaður.		rd.	sk.
	fluttur	6000	24
Til innanþingskrifara um þingtímann:			
Helgi H. Helgesen kandíd. . . . .	150 rd.		
St. Thordersen . . . . .	135 —		
Ísl. Gíslason . . . . .	111 —		
Eyjólfur Jónsson, stúdent . . . . .	90 —		
Þorvaldur Jónsson, med., skrifari forseta — (dagpeninga til 22. ágúst) . . . . .	159 —	645	»
Til 2 þingsveina . . . . .		74	8
— dyravarðarins, fyrir þvott, húsgæzlu, o. fl. . . . .		52	»
Fyrir aukaritstörf um þingtímann nál. . . . .	37 rd. 22 sk.		
Hreinskript beggja þingbókanna . . . . .	450 —	»	—
Samanlestur þingbókanna . . . . .	40 —	»	—
Hreinskript á bænarskrám til konúngs, og bréfum frá forseta eptir þinglok, ritun í brèfabók, o. fl.; fyrir þessi störf er nokkru enn óávísað, en ávísað þegar . . . . .	47 —	»	—
		574	18
Ritföng . . . . .		96	44
Fyrir danska þýðingu: á bænarskrám og álitsskjölum til konúngs . . . . .	62 rd. 48 sk.		
á 13 fundum framan af þingbókinni	102 —	»	—
		164	48
Til bókasafns alþingis:			
til bókakaupa . . . . .	100 rd.		
— bókavarðar fyrir 2 ár, 1861 og 1862 . . . . .	40 —		
Ritlaun fyrir að semja skrá yfir bókasafnið (sbr. ályktun þingsins þar að lútandi á 1764.—1765. bls. hér að framan) . . . . .	50 —	190	»
Til útgáfu alþingistiðindanna 1861, samt fyrir atkvæðaskrár, er þegar ávísað:			
	flyt	7796	46

aðinn til Hafnar hëðan. Á þessa leið ritaði forsetinn þingmanni Borgfirðinga, 30. nóvbr. f. á., og beiddi hann skila aptur til alþingis bæði hinum ofgreiddu dagpeningum, dagana 4.—10. okt., samtals 21 rd., og sümuleiðis ferðakostnaðium til Kaupmannahafnar hëðan 52 rd. 48 sk., eður í allt 73 rd. 48 sk., er honum bæri að aptur skila. En alþingismaðurium hefir engu svarað þessari skriflegu áskorun forseta enn í dag, enda þótt munnlega hafi verið ámalgað síðar, og verður því málefni þetta að líkindum að bíða úrslita hins næsta alþingis 1863.

	fluttir	rd.	sk.
Prentsmiðjunni, uppí prentun og pappír 1866 rd. 89 sk.		7796	46
Fyrir prófarkalestur . . . . .	259 — 92 —		
Upp í ritnefndarstörf . . . . .	45 — » —		
— - heptingu . . . . .	128 — 28 —		
		2300	15
Fyrir ýmislegt lagt til áhalda og húsbúnaðar, fyrir upp- skript á honum og gæzlu, m. fl. . . . .		21	62
Þannig er ávísað upp í alþingiskostnaðinn 1861, samtals		10118	27

Þó að enn muni ókomnir reikningar og kröfur fyrir ýms störf í þarfir alþingis 1861, einkum þær er lúta að útgáfu alþingistiðindanna, prentunarkostnaði, prófarkalestri og heptingu, þá mun þó mega ætla á, að kostnaðurinn fyrir öll þau störf tilsamans fari eigi fram úr 750—790 rd., og að alþingiskostnaðurinn allur verði að þessu leyti ekki nema nál. 10870—10900 rd. En hvort hann fer fram úr þessu og að hvað miklum mun, er einkanlega komið undir því, hvort lögstjórnin heldur því fast fram, að alþingi endurgjaldi kostnaðinn, er leiðir af danskri þýðingu þingbókarinnar í Kaupmannahöfn, eins og ráðgjört er í 2 bréfum hennar 28. jan. og 18. febr. þ. á., eða hún veitir að minnsta kosti meiri eða minni tilslökun í því efni, í þá stefnu sem alþingisforsetinn hefir farið á leit af nýju í bréfi til stjórnarinnar 28. f. mán., samkvæmt því sem farið var fram á af hendi alþingis í bréfi forsetans 5. ágúst f. á., sem prentað er í tíðindunum hér að framan á 1841. bls.

Reykjavík, 27. maí 1862.